Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók veganefndar 1915-1932

Aðfnr. 4645 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók veganefndar

1915 - 1932

.077.5:025.26 - .811.075.15

Aðfnr. 4645 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4645 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# G-J-Ö-R-Ð-A-B-Ó-K.

## VEGANEFNDAR REYKJAVÍKUR

frá 29. marz 1915
til 30. júní 1932

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 29. marz, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fundinum var einnig staddur bæjarverkfræðingur.

1. Bæjarstjórnin hefur vísað til úrslita nefndarinnar erindi frú Solveigar Eymundsson dags. 28. jan. þ.á. um endurgjald fyrir skemmdir á parti við Lækjargötu. Ákveðið að greiða henni 50 kr. fyrir skemmdirnar, samkvæmt því sem hún fór fram á.

2. Ákveðið að greiða reikning Landsbanka Íslands að upphæð kr. 144.32 fyrir stéttarsteina frá bankanum, er notaðir voru við stéttargerð í Austurstræti 1912.

3. Út af erindi búenda við Stýrimannastíg dags. 16. jan. þ.á. var bæjarverkfræðingnum falið að rannsaka hve mikið muni þurfa að fá af lóðum til breikkunar veginum, og fyrir hvað eigendur vilja láta þær falar.

4. Samþykkt að ganga að tilboði erfðafestueigenda Norðurmýrarbletts nr. 2 um kaup á landi undir hafnarjárnbrautina fyrir 50 aura hvern fermetra, og séu keyptir um leið þríhyrningar, á að gizka 400 ferm., sem ónýzt hafa við brautarlagninguna. Tilboðið er dags. 20. desemb. 1914.

5. Samþykkt að ganga að tilboði Sveins Jónssonar um sölu á lóð úr Elsumýrarbletti undir hafnarjárnbrautina, ca. 2000 fer. álnir, fyrir 80 aura hverja feralin.

Á fund vantaði Magnús Helgason.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið

K.Zimsen

Jón Þorláksson. Tr.Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.

Geir Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 4. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Út af bréfi stjórnarráðsins dags. 3. apríl um Hafnarfjarðarveginn leggur nefndin til að stjórnarráðinu verði svarað á þá leið, að bæjarstjórnin óski að rannsakað verði á hvern hátt sé tiltækilegast að gera fullnægjandi veg milli kaupstaðanna, og að hinum núverandi vegi verði haldið færum á meðan á þessari rannsókn stendur.

2, Ákveðið að gera fyrst um sinn þessi holræsi:

1. Spítalastígur frá Bergstaðastræti að Óðinsgötu.
2. Bjargarstígur frá Bergstaðastræti að Óðinsgötu.
3. Óðinsgata frá Skólavörðustíg að Bjargarstíg.
4. Vatnsstígur frá Lindarg. niður að sjó.
5. Vesturgata frá Framnesvegi niður að sjó.
6. Brekkustígur frá Frammnesvegi að Holtsgötu.
7. Frammnesvegur frá Brekkustíg að Sellandsstíg.
8. Holtsgata frá Bræðraborgarstíg að Brekkustíg.
9. Norðurstígur frá Vesturgötu að sjó.
10. Ingólfsstræti frá Bankastræti að Hverfisgötu.
11. Frakkastígur frá Njálsgötu uppeftir, 105 m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Magnús Helgason. K. Zimsen.
Tr. Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.
Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 17. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir mætti á fundinum, og fór fram á það, að útvegaður yrði nýr staður fyrir leikvöll handa börnum, en það varð að samkomulagi að nota skyldi fyrst um sinn gamla leikvöllinn við Grettisgötu, sem Kvenréttindafélagið hefir gengizt fyrir að láta girða, og ákvað nefndin að verja nokkru fé þeim velli til lagfæringar. - Nefndin telur æskilegt, að sem fyrst verði gerðir fleiri leikvellir, sérstaklega í austurbænum.

2. Samþykkt að taka tilboði Böðvars Jónssonar um holræsapípur og stéttarhellur:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 490 | metrar | 23,5 | cm. pípur | á kr. | 2,94 | pr. meter. |
| 1040 | " | 15,5 | " " | " " | 1,92 | " " |
| 120 | " | 10,5 | " " | " " | 1,35 | " " |
| 30 | stykki | brunnar | á 6 kr. stykkið. | | | |
| | | | - 25 % afslátt. | | | |
| 63 | cm. x 63 cm. | | stéttarhellur | á kr. | 1.50 | stykkið. |
| 65 | " " 75 " | | " | " " | 1.85 | " |

3. Ákveðið var að láta stóra reynitréð í garði Halldórs Daníelssonar standa óhaggað; enda þótt það standi í ræmu þeirri, sem tekin verður af garðinum til breikkunar Aðalstrætis.

4. Meiri hluti nefndarinnar samþykkti að láta Magnús Pálsson hafa götuhreinsunina í sumar með sömu kjörum og áður.
Jón Þorláksson og Geir Sigurðsson voru ekki á fundi.

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason.
Tr. Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1915 hinn 28. júní átti veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Þetta gjörðist:

1. Hólmfríður Þorláksdóttir Bergstaðastræti 3 kvartar um spell á lóð sinni af grjótmulningi bæjarins. Nefndin felur borgarstjóra að athuga spjöllin og semja um bætur fyrir.

2. Jón Þóroddsson beiðist hækkunar á þóknun fyrir eftirlit með salernum bæjarins, úr 75 aurum á dag í 35 kr. um mánuð. Samþykkt að láta hann fá 1 krónu á dag.

3. Samþykkt að gjöra við Bjargastíg milli Bergstaðastrætis og Grundarstígs.

4. Nefndin leggur til að setja vantnsþró handa hestum á mótum Vesturgötu og Ægisgötu. Kostnað áætlar nefndin allt að 200 kr. og ætlast til að hann greiðist af fé því, sem ætlað er til óvissra gjalda.

Fleira gerðist eigi.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Magnús Helgason
Tr. Gunnarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 3. ágúst, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. O. Forberg landssímastjóri biður um að holræsi verði lagt í Skálholtsstíg frá Laufásvegi niður á Fríkirkjuveg. Ákveðið að verða við beiðninni.

2. Tilboð lá fyrir frá Valentínusi Eyjólfssyni um að leggja holræsi í Óðinsgötu, Brekkustíg, Holtsgötu og Frakkastíg fyrir 8 kr. hvern metra, að meðtöldum niðurrennslum. Bæjarverkfræðingur hefur athugað að tilboðið muni vera 200 til 300 kr. fyrir neðan áætlunina um þessi holræsi, og samþykkir nefndin að ganga að tilboðinu, með því að samt verða nægileg holræsi eftir til haustvinnu. Það er áskilið, að verkamenn verði teknir til vinnunnar eptir tilvísun borgarstjóra, ef honum þykir þurfa.

3. Út af kvörtunum um skemmdir af sandtöku við Skerjafjörð var bæjarverkfræðingnum falið að rannsaka það mál, og borgarstjóra falið að banna sandtöku um stundarsakir, ef það álízt nauðsynlegt til þess að firra landið skemmdum.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Þorláksson. Tr. Gunnarsson.

Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 27. ágúst, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Nefndin mælti með beiðni K.F.U.M. um að götuljós verði sett við innganginn að húsi félagsins.

2. Jón Sveinsson sækir um að bæjarstjórnin taki þátt í kostnaði við að leggja 6" holræsi í stað 4" ræsis í Kirkjutorgi heim undir austurendann á húsi hans. Nefndin ákveður að víkka ræsið upp í 6" á h.u.b. 15 metra löngum kafla, frá brunninum í Pósthússtræti og þangað sem pípur Jóns Sveinssonar koma í það.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Magnús Helgason og Geir Sigurðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Tr. Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.

Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 4. okt. var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Ákveðið að verða við beiðni Kristins Sigurðssonar um að láta holræsi það, sem verið er að leggja í Óðinsgötu, ná suður að húsi hans nr. 13 við þá götu.

2. Ákveðið að lengja holræsið úr Aðalstræti til sjávar, og vill meirihluti nefndarinnar leggja holræsið í uppfyllinguna á ská frá bryggjuhúsinu fram í fjörumál hjá bryggju G. Zoega kaupmanns. Lengdin verður 95 metrar, kostnaður áætlaður 1330 kr. , sem greiðist af holræsafé.

3. Borgarstjóri tilkynnir að kostnaður við götugerð í Aðalstræti og Suðurgötu hafi farið til muna fram úr áætlun. Út af því ákveður nefndin að fresta stéttarlagningu frá hornhliðinu á kirkjugarðinum og suður að aðalhliðinu, sem áætlað hafði verið að gera í sambandi við Suðurgötu.

Á fund vantaði Magnús Helgason og Geir Sigurðsson.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen.

Tr. Gunnarsson . Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, hinn 27. okt., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að málaletanir hefðu borizt frá fornmenjaverði, landsskjalaverði og próf. Guðm. Hannessyni um að hætta við framlengingu Ingólfsstrætis. Nefndin telur að ekki geti komið til mála að verða við þeim tilmælum.

2. Var rætt um fjárveitingar til vega næsta ár. Nefndin leggur til að veitt verði:

a. Til vegagerða:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Suðurgata frá kirkjugarðskorninu að sáluhliðinu, 100 metrar | 2500 kr. |
| 2. | Bankastræti frá Lækjargötu að Skólav.stíg | 6500 " |
| 3. | Kirkjustræti | 5500 " |
| 4. | Pósthússtræti (lóðarkaup 140 $m^2$) (með því skilyrði að lóð P.J.Th. & Co. fáist með aðgengilegum kjörum) | 4500 " |
| 5. | Framhald Laufásvegar | 700 " |
| 6. | Vegur frá Klapparstíg að Höfn. | 500 " |
| | Samtals | 20200 krónur. |

b. Til gangstétta:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Suðurgata ~~1200~~ | 1200 kr. |
| 2. | Bankastræti | 5400 " |
| 3. | Kirkjustræti | 3500 " |
| | Pósthússtræti | 2500 " |
| | Samtals | 12600 krónur. |

| | |
|---|---|
| Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o.fl. | 5500 kr. |
| Til götulýsingar | 7500 " |
| Til áhalda | 4500 " |

Allir á fundi. Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K. Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, hinn 19. apríl, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Á fund vantaði Magnús Helgason.

1. Skrifari nefndarinnar var kosinn Benedikt Sveinsson.

2. Ákveðið að veita Páli Erlingssyni sundkennslu fyrir drengi og unglinga þetta ár, með sömu kjörum og áður.- Ennfremur ákveðið, að Ingibjörg Brands kenni stúlkum sund eins og áður.

3. Lagt fram erindi frá Magnúsi Einarssyni í Melakoti, dags. 14. marz þ.á. þar sem hann bíður bæjarstjóm til kaups með matsverði ræktunarréttindi þau, er hann á við Suðurgötu, suður frá geymsluhúsi sínu, sem honum var útvísað til kálgarðsræktunar árið 1892. Nefndin telur lóð þessa augljósa eign bæjarins og leggur til, að hún verði tekin endurgjaldslaust til breikkunar veginum.

4. Lögð fram beiðni frá íbúum við Hverfisgötu um framhald gangstéttar fyrir ofan Vansstíg. Nefndin getur ekki mælt með þessari beiðni, þar sem fé er ekki fyrir hendi, en ákveður að borið sé ofan í veginn innan til eftir þörfum á komandi sumri.

5. Lagt til að gengið sé að tilboði, N.P. Kirk, dags. 27/3 þ.á. um lagningu á vegi meðfram sjónum milli Klapparstígs og Ingólfsstrætis. Vegur þessi er um 160 metrar á lengd og á að vera 7 1/2 metri á breidd, og kostar lagning hans samkvæmt tilboðinu 1000 krónur, en á fjárhagsáætlun eru veittar aðeins 500 krónur til þessa vegar.

Fleira gerðist eigi.
Fundi slitið.

K.Zimsen.

Benedikt Sveinsson.

Ágúst Jósefsson. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Sig Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, hinn 31 maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Beiðni frá Sigurði Thoroddsen um lausn fra bæjarverkfræðingsstarfinu frá 1. júní þ. á. Nefndin samþykkti að verða við tilmælum Sigurðar og fela Þórarni Kristjánssyni verkfræðingi starfið frá þeim tíma.

2. Samþykkt að láta meta horn af erfðafestulandi Sigurðar Thoroddsen, sem tekið verður undir framlenging Laufásvegar.

3. Samþykkt að keypt verði lóðarræma af Pálma Pálssyni yfirkennara norðan af lóð hans við Þingholtsstræti 29 til breikkunar Skálholtsstígs fyrir kr. 3.75 $m^2$.

Á fund vantaði Bríeti Bjarnhéðinsdóttir og Benedikt Sveinsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Magnús Helgason.

Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, hinn 15. júní, kom veganefndin saman á Skólavörðuholtinu, þar sen verið var að grafa upp fyllingu til hafnarvirkjanna. Hafði hafnarnefndin óskað eftir að eiga fund með veganefndinni, til að fá ákvörðun um, hvernig haga mætti grefrinum. Var hafnarnefndin og á fundinum. Eftir að nefndirnar höfðu kynnt sér alla staðháttu, var ákveðið að grafa mætti sundur Hafnarfjarðarveginn að svo miklu leyti, sem það er nauðsynlegt vegna vinnunnar. Er það talið bagalaust, að þessi vegur leggist niður um tíma, þar sem nú er greiður vegur suður úr honum um Hringbrautina og Laufásveg, sem búið er að leggja út á Hafnarfjarðarveg.

Á fund vantaði úr veganefnd Ágúst Jósefsson og Benedikt Sveinsson, en úr hafnarnefndinni Ásgeir Sigurðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Magnús Helgason.

Sveinn Björnsson. Jón Ólafsson. Hannes Hafliðason.

Þór. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, hinn 3. júlí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Lagt fram erindi frá Guðjóni Guðmundssyni skipstjóra á Njálsgötu 19, dagsett 24 þ.m., þar sem hann óskar að fá endurgreiddar 36 krónur, sem hann lagði til við holræsagjörð í Grettisgötu á nokkrum stúf, sem lagður var fyrst þar í götuna, og síðan var skeyttur við holræsi, er síðar var lagt þar. Samþykkt að greiða honum þessar 36 krónur.

2. Jón Lúðvigsson á Lindargötu 1.D. ritar beiðni til bæjarstjórnar, dags. 3. þ.m. þess efnis, að hún geri ráðstafanir til að hann fái gang eða veg heim að húsi sínu. Húsið stendur á baklóð og á ekki neina lóð að götu. - Veganefnd telur erindi þetta heyra undir byggingarnefnd og samþykkir að vísa því til hennar til álita.

3. Byggingarnefnd hefir óskað álits veganefndar um erindi Guðmundar Benjamínssonar, dags. 13. júní 1916, þar sem hann æskir leyfis að Söluturninn fái að standa á Lækjartorgi um næstu fimm ár frá ársbyrjun 1917 að telja. Veganefnd felur verkfræðingi bæjarins að gera tillögur um tilhögun Lækjartorgs og frestar að taka frekari ákvörðun um erindi þetta.

Á fund vantaði Magnús Helgason.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Ágúst Jósefsson. Benedikt Sveinsson.

Þór. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1916, 27. okt., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Beiðni frá Jens Eyjólfssyni og Kristni Sigurðssyni um leyfi til grjóttöku í Rauðarárholti, sérstaklega meðfram Rauðarárstíg.
Nefndin samþykkti að leyfa þeim Jens og Kristni grjóttöku til stakkstæðisgerðar í Rauðarárlandi og skulu þeir taka grjótið upp á þeim stað, sem bæjarverkfræðingurinn útvísar.

2. Byggingarnefmdin óskaði álits veganefndarinnar um framlenging á leyfi til að hafa söluturninn á Lækjartorgi áfram næstu fimm ár.
Nefndin getur ekki fallizt á, að söluturninn fái að standa á torginu lengur en til næsta vors.

#. Gerðar tillögur um fjárveiting til vegagerðar og fleira.

| | | | |
|---|---|---|---|
| I. | Til vegagerðar: | | |
| | a. Kirkjustræti . . . . . . . . . . . . . | Kr. | 6000.00 |
| | b. Pósthússtræti . . . . . . . . . . . . | ". | 5500.00 |
| | c. Laugavegur að Klapparstíg . . . | " | 7800.00 |
| | d. Lækjartorg . . . . . . . . . . . . . . | " | 7900.00 |
| II. | Til gangstétta: | | |
| | a. Kirkjustræti . . . . . . . . . . . . . | Kr. | 3800.00 |
| | b. Pósthússtræti . . . . . . . . . . . . | " | 3300.00 |
| | c. Laugavegur . . . . . . . . . . . . . | " | 6100.00 |
| III. | Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa: | kr. | 6000.00 |
| IV. | Til holræsa . . . . . . . . . . . . . . | " | 3000.00 |
| V. | Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakah. o.fl. | | 8000.00 |
| VI. | Götulýsingar . . . . . . . . . . . . . | " | 7500.00 |
| VII. | Til áhalda og aðgerða á þeim . . . . | " | 4000.00 |
| VIII. | Til viðgerðar á girðingunni kring um Austurvöll . . . . . . . . . . . . . | " | 1500.00 |

Fundi slitið.
KZimsen. Ágúst Jósefsson.
Þór Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, var fundur haldinn í veganefndinni, þriðjudaginn 13. febrúar.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Bæjarstjórnin hefur vísað til agreiðslu veganefndar erindi frk. Sigríðar Zöega um rafleiðslu frá Völundi í myndastofu hennar við Hverfisgötu 4.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að rafmagnið verði aðeins notað til ljósmyndagerðar og að verkið verði unnið undir umsjón bæjarverkfræðingsins. Leyfi þetta gildir þangað til rafmagnsstöð verður starfrækt í bænum.

2. Nefndin vill leyfa Ólafi Björnssyni ritstjóra að leggja byggingarefni á norðvesturhorn Austurvallar, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, og með því skilyrði, að hann endurbæti á sinn kostnað grassvörð og annað, sem kynni að skemmast við þetta.

3. Vegna kauphækkunar verkamanna og annara hækkana, sem xxxxx stafa af dýrtíðinni, verður ekki hægt að framkvæma þær vegagerðir, sem áætlaðar eru á árinu , fyrir það fé sem veitt er, og ætlar nefndin að aukakostnaðurinn muni verða allt að 20.000 kr. Nefndin ákveður því að fresta framkvæmd á götu og gangstéttagerð á Laugavegi, þar til bæjarstjórnin hefur gert nánari ákvörðun þessu viðvíkjandi.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Þór.Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917 var fundur haldinn í veganefndinni, mánudaginn 30. júlí, kl. 4 síðd. í skrifstofu borgarstjóra. Á fun vantaði Bríet Bjarnhéðinsdóttur og Benedikt Sveinsson.

Þetta gerðist á fundinum:

Borgarstjóra hafði borist tilboð frá Jes Zimsen kaupmanni um að hann láti af hendi lóðina undir brunnhúsinu á Lækjartorgi og láti taka burtu húsið á sinn kostnað gegn því, að bæjarstjórnin afsali honum 800 ferálna lóð (ca. 315 m²) austanvert við Laugarnesveginn fyrir innan lóð E. Rakstads.

Nefndin leggur til að tilboð þetta verði samþykkt.

Fleira lá ekki fyrir fundinum.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.
Hannes Hafliðason.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, mánudaginn 29. október var fundur haldinn í veganefndinni í skrifstofu borgarstjóra, kl. 10 f.h. Allir á fundi nema Benedikt Sveinsson.
Þetta gerist á fundinum:

1. Beiðni frá Kjartani og og Sigurði Ólafssonum um að mega leggja rafmagnsþráð frá húsi Nathan & Olsen í rakarastofu þeirra í Hafnarstræti 16. Nefndin samþykkti að veita hið umbeðna leyfi og gildir leyfið þanfað til rafmagnsstöð verður starfrækt í bænum.

2. Nefndin leggur til að kveikt verði á um 50 götuljóskerum í í mánuðum nóvember og desember.

3. Gerðar tillögur til fjárveitinga til vega o.fl. árið 1918:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa . . . . . . . . . . . . . . . . . | kr. | 8000.00 |
| b. | Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahöggs o.fl. . . . . . . . . . . . . . . . . . | " | 12000.00 |
| c. | Götulýsing . . . . . . . . . . . . . . | " | 7000.00 |
| d. | Til áhalda og aðgerða á þeim . . . . | ". | 4000.00 |
| e. | Til leikvalla handa börnum . . . . | " | 700.00 |
| f. | Til viðhalds á þvottalaugunum og umsjónar . . . . . . . . . . . . . . . | " | 12000.00 |
| g. | Til vihalds á sundlauginni og sundkennslu . . . . . . . . . . . . | " | 15000.00 |

h. Nefndin leggur til að þessar götur verði prýkkaðar á næsta ári og gangstéttir gerðar:
1. Lækjargata.
2. Laugavegur frá Klapparstígnum að Frakkastíg, og felur bæjarverkfræðingi að gera áætlun um kostnað inn við það.
4. Nefndin ákvað að fara inn í laugar og skoða staðhætti þar og ástand laugahúsanna o.fl. og hyggst síðan gera tillögur um mannvirki þar.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson.
Hannes Hafliðason. Bríet Bjarnhéðinsd.
Þór. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, föstudaginn 14.desember, var fundur haldinn í veganefnd á skrifstofu borgarstjóra. Hófst kl. rúml. 4 síðdegis. Allir á fundi nema frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

1. Lesið bréf frá verkfræðingi landsins , til stjórnarráðsins, dagsett 10. f.m., sem gerir grein fyrir tillögum verkfræðingsins um lagning nýs vegar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Er þar yfirlit yfir kostnað við þrjár leiðir milli kaupstaðanna og kosti og galla á hverri leið. Verkfræðingurinn mælir með því, að valin sé leiðin eftir Suðurlandsbrautinni, sem næst að 5. km. steininum, beygir þar út af brautinni og liggur austur fyrir Digraneshals um Hvammkot, laust vestan við Vífilsstaði og niður í Hafnarfjörð "um miðbik kaupstaðarinns rétt vestan við lækinn". - Kallar hann leið þessa C línu á landabréfi því, er fylgir. Hinar leiðirnar. A. og B. liggja vestan undir Eskihlíð inn með Fossvogi. skiljast þar, og liggur önnur yfir Kópavogsháls all miklu austar en núverandi Hafnarfjarðarvegur, en hin nær þeim vegi, en báðar með miklum krókum. Stjórnarráðið hafði æskt álits bæjarstjórnarinnar um það það, hver leiðin muni heppilegust, en áður hefur bæjarstjórnin samþykkt tillögu dýrtíðarnefndar frá 9. október um það, að veganefnd sé falið að ákveða gerð vegar þessa, ef til þess kæmi, að hann yrði lagður.

Veganefnd samþykkti síðan svofellda tillögu:

Nefndin er eindregið þeirrar skoðunar, að haganlegasta vegstæðið milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar sé þar, sem verkfræðingur landsins leggur til, að vegurinn verði lagður (lína C - C á uppdrættinum) og telur sjálfsagt að sú leið verði valin, og að byrjað verði nú þegar á verkinu til atvinnubóta og vegurinn gerður eftir tillögum verkfræðings landsins. Verði þetta gert ákveður nefndin að verða við ósk stjórnarráðsins um, að Reykjavíkurbær haldi framvegis við Hafnarfjarðarveginum suður yfir brúna yfir Fossvogslæk, svo að hann verði fær gangandi og ríðandi mönnum, enda verði hinum hluta Hafnarfjarðarvegarins haldið við af öðrum hlutaðeigendum.

Ef landsstjórnin lætur byrja á umræddri vegagerð lætur bæjarstjórnin púkka Laugaveginn á kaupstaðarlóðinni.

2. Rætt um holræsi í Tjarnargötu, en engin fullnaðarályktun tekin, sakir þess, að bæjarverkfræðingur hafði eigi lokið rannsóknum þar að lútandi, hversu haganlegast mundi að koma umbótum fyrir.

Fleira gerðist eigi. Fundi slitið.

K.Zimsen. Benedikt Sveinsson.

Hannes Hafliðason. Ágúst Jósefsson.

Þór. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, föstudaginn 28. desember, var fundur haldinn í veganefnd á skrifstofu borgarstjóra. Hófst kl. 2 1/2. Á fund vantaði Ágúst Jósefsson og Hannes Hafliðason.

Á síðasta bæjarstjórnarfundi (20. des) var vísað til nefndarinnar erindum frá þeim Hallgrími Benediktssyni og Sigurjóni Péturssyni, þar sem þeir beiðast leyfis að leggja í hús sín rafmagnsleiðslu til ljósa úr húsi Nathans & Olsens. Auk þess kom beiðni frá P. O. Christensen, P.J.Thorsteinsson og Magnúsi Th.Blöndahl um samskonar efni og loks frá Jóni lækni Kristjánssyni og Guðm. Gamalíelssyni.

Á fundinn kom Jensen rafmagns-þráða-leggjandi, nefndinni til ráðuneytis.

1. Lagt til að P.J.Thorsteinsson sé leyft að leggja rafmagnsleiðslu yfir þvert Hafnarstræti frá gamla Pósthúsinu að húsi hans nr. 15 við Hafnarstræti.

2. Lagt til að Hallgrími Benediktssyni og P.O.Christensen verði leyft að leggja rafmagnsleiðslu frá húsi Nathans & Olsens norðanvert við Vallarstræti að staur á lóð Ólafs Björnssonar ritstjóra og þaðan að húsum þeirra nr. 2 og 6 við Thorvaldssensstræti.

3. Lagt til að Magnúsi Th. Blöndahl, Jóni lækni Kristjánssyni og Guðmundi Gamalíelssyni sé leyft að leggja rafmagnsleiðslu frá húsi Nathans & Olsen yfir í húsin nr. 6a og 6b í Lækjargötu, enda fái þeir samþykki lóðareigenda til þess að leggja þráðinn yfir lóðir þeirra.

Þessi leyfi öll verði veitt með því skilyrði, að þau sé unninn af manni, sem borgarstjóri tekur gildan og að gætt sé samskonar reglna um laggninguna, sem ákveðnar eru í Danmörku; sérstaklega skal gæta þess, að leiðslurnar geti ekki valdið truflun á talsímum, ritsímum og brunasímum. Leiðslurnar má ekki nota fyrr en bæjarverkfræðingur hefur skoðað þær og gefið leyfi til að taka þær til notkunar. Leyfið gildir ekki lengur en þangað til rafmagnsstöð verður starfrækt fyrir bæinn.

4. Frestað að taka ályktun um beiðni Sigurjóns Péturssonar þar til upplýsingar eru fengnar um það, hversu hann hugsar sér að haga leiðslunni.

5. Lögð fram beiðni frá nokkrum mönnum og félögum í Vesturbænum um það, að tengd verði saman Mýrargata, þar sem hún endar við Brunnstíg í sömu framlengingu vestur að Bakkastíg, (aðeins yfir lóðir Bakkabæjar og Hausthúsa). Bæjarverkfræðingi falið að athuga ~~málið~~ staðhætti og gera tillögu um málið.

Fleira gerðist eigi. Fundi slitið.
K.Zimsen. Benedikt Sveinsson.
Þór. Kristjánsson. Bríet Bjarnhéðinsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, miðvikudag 16.janúar var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Rætt um salernahreinsun.- Vegna frosthörkunnar hefur reynzt ómögulegt að hreinsa salerni bæjarins í meira en vikutíma. Eftir miklar umræður og bollaleggingar um, hvernig mögulegt væri að bæta úr vandræðum, sem af þessu stafa, komst veganefndin að þeirri niðurstöðu, að eina úrræðið væri að flytja salernisílátin inn að Laugalæknum og þýða þau þar á hentugum stað.
Leggur nefndin því til, að salernahreinsun fari fram á daginn meðan frostharkan stendur og að ílátin verði flutt á stað hjá Laugunum , þar sem hægt er að þýða þau, og verði verkið unnið sem dýrtíðarvinna.

2. Lagt fram erindi "Bandalags kvenna" dags. 27. nóv. f.á. viðvíkjandi sorphreinsun frá húsum í bænum, en erindi þessu hefir bæjarstjórnin vísað til veganefndar til álita.
Nefndin er því meðmælt að bæjarstjórnin sinni erindi þessu á einhvern hátt, en telur ekki mögulegt að koma sorphreinsuninni í framkvæmd, fyrr en í fyrsta lagi næsta sumar og frestar því að gera tillögur um málið.

Á fundinn komu bæjarverkfræðingurinn og Samúel Ólafsson, sem umsjón hefir með salernahreinsuninni.

Á fund vantaði Ágúst Jósefsson og Benedikt Sveinsson.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K.Zimsem. Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Hannes Hafliðason. Þór. Kristjánsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, mánudaginn 15. apríl, var fundur haldinn í veganefndinni.

1. Skrifari var kosinn Ágúst Jósefsson.

2. Tekin fyrir umsókn Hjartar Þorsteinssonar um bæjarverkfræðingsstarfið, sem bæjarstjórn hefur vísað til nefndarinnar til umsagnar.
Nefndin leggur til, að Hirti Þorsteinssyni verði veitt starfið með 3600 kr. árslaunum hækkandi með 200 kr. annaðhvort ár upp í 4400 kr.

3. Nefndin samþykkti að ráða þá Kristján Loftsson xxxxxxxx Grettisgötu 53B, og Guðmund Gestsson, Laufásvegi 29, sem umsjónarmenn við þvottalaugarnar, með 35 kr. kaupi á viku eins og verið hefir.

4. Lagt fram erindi frá Bjarna Jónssyni frá Vogi dags. 17/2 þ.á.; um lögun á Vitatorgi. Frestað til athugunar síðar.

5. Samþykkt að heimila bæjarverkfræðingi að panta nauðsynlega mikið af holræsapípum til viðgerðar á Tjarnargötu.

6. Ákveðið að veita 150 kr. til aðstoðar við sundkennslu stúlkubarna í laugunum.

Á fund vantaði Benedikt Sveinsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðmundur Ásbjörnsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 7. maí, var fundur haldinn í veganefndinni.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Beiðni kom frá þeim Agnari Magnússyni, Grettisgötu 1. og Frímanni Einarssyni Hverfisgötu 76, um að fá útvísað land til mótekju í Fossvogi.
Nefndin samþykkir, að veita þeim hið umbeðna móland, með sama verði og aðrir greiða fyrir.

2. Nefndin ákveður að láta Pétur Þorsteinsson verkstjóra hafa á hendi útmælingu og umsjón með mótekju í landi bæjarins, og að taka 2 kr. gjald fyrir hverja mókistu.

3. Síðan fór nefndin suður í Fossvog og inn í laugar.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Benedikt Sveinsson. Guðmundur Ásbjörnsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir.
Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1915, 5.júní, bar fundur haldinn í veganefndinni.

Þetta gerðist á fundinum.

1. Framlagður útdráttur úr fundarbók heilbrigðisnefndar 6. maí, þar sem farið er fram á, að ákveðinn sé staður, sem láta megi á sorp úr austurbænum.
Ákveðið að flytja sorpið fyrst um sinn á þann stað í Skólavörðuholtinu, sem bæjarverkfræðingurinn og heilbrigðis fulltrúinn koma sér saman um.

2. Erindi frá húseigendum við Kolasund um malbikun á Kolasundi, sér nefndin sér ekki fært að leggja til að verði sinnt að svo stöddu.

3. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram áætlun um kostnað við breytingu á holræsum í Tjarnargötu og Vonarstræti, og er kostnaðurinn áætlaður 5.400 kr. Með því að nefndin álítur bráðnauðsynlegt að þessi breyting verði gerð nú þegar, leggur hún til, að þessi fjárveiting verði samþykkt.

Á fund vantaði Benedikt Sveinsson, en borgarstjóri var forfallaður sökum veikinda, en í hans stað var fulltrúi hans, hr. Ólafur Lárusson.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson. Ágúst Jósefsson.
Bríet Bjarnhéðinsdóttir
Guðmundur Ásbjörnsson.
Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1918, 14. júní, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Út af því, að Samúel Ólafsson söðlasmiður, sem hefur á hendi móttöku á laugaþvotti, hefir hefir kvartað undan því, að ómakslaun þau, sem hann fær fyrir það starf, 10 aurar á stykkið, séu of lág, og hefir farið fram á 5 á stykkið í viðbót, samþykkti nefndin að fallast á, að hann fái þessa umbeðnu hækkun frá 15. þ.m. að telja fyrst um sinn.

2. Ögmundur Hannesson ökumaður, sem hefir á hendi keyrslu á laugaþvotti, hefir farið fram á 25 aura hækkun á tímakaupi, úr kr. 1.50 í kr. 1.75. Nefndin sér sér ekki fært að sinna þessari beiðni, en leggur hinsvegar til, að bærinn taki sjálfur að sér keyrsluna strax, ef Ögmundur ekki vill halda henni áfram fyrir sama verð og áður. En frá næstu mánaðamótum taki bærinn keyrsluna í sínar hendur.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson. Ágúst Jósefsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Guðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 18. júní, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Samþykkt var að taka 333,0 ? af Útnorðurvelli til breikkunar Fríkirkjuvegar.

2. Erindi frá Þórði Sveinssyni og R.P.Leví kaupmönnum, stjórnendum væntanlegrar sendisveinastöðvar, um að bæjarstjórnin samþykki taxta fyrir sendiferðir um bæinn.
Lagt var fram uppkast að taxta frá þeim, og var hann samþykktur með þeirri breytingu, að "miðbær" verði talinn það svæði út frá Söluturninum, sem liggur innan þessara takmarka:
Vatnsstígur frá sjó að Laugavegi, Klapparstígur frá Laugavegi að Skólavörðustíg, Óðinsgata frá Skólavörðustíg að Baldursgötu og frá Baldursgötu beina línu í Tjarnarbrú, frá Tjarnarbrú að Skúlabæ og þaðan beina línu að Stýrimannastíg, Stýrimannastígur að Vesturgötu og Ægisgata frá Vesturgötu til sjávar.
Og "útbær" verði talinn sá hluti kaupstaðarlóðarinnar, sem þar er fyrir utan.

Fleira lá ekki fyrir fundinum.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 25. júní, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1.Þetta gerðist á fundinum:

1. Bréf frá íbúum við Laugaveg á kaflanum frá Frakkastíg að Vitastíg, um viðgerð á Laugavegi á þessu svæði nú í sumar.
Nefndin vill svara bréfi þessu þannig, að það sé og hafi verið tilætlun hennar, að haldið sé áfram með þennan vegarkafla næsta ár, ef ekki verður hægt að halda áfram í sumar.

2. Rætt um þvottalaugarnar. - Borgarstjóri tilkynnti, að hann hefði bannað börnum yngri en 14 ára, að koma í þvottalaugarnar, og féllst nefndin á þá ráðstöfun.
Nefndarmönnunum Guðm. Ásbjörnssyni, Ágúst Jósefssyni og frú Bríet Bjarnhéðinsdóttur var falið að hafa umsjón með þvottalaugunum og öllum framkvæmdum þeim viðvíkjandi.

3. Rætt um að bærinn taki að sér sorphreinsunina og bæjarverkfræðingnum falið að gera áætlun um byggingu hesthúss og hlöðu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Hjörtur Þorsteinsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 29. júní, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Nefndin féllst á tillögu þvottalaugarnefndar, að Ögmundi Hanssyni verði falið að hafa á hendi keyrslu á laugaþvotti næstkomandi júlímánuð fyrir sama endurgjald og áður.

2. Samkvæmt tillögum sömu nefndar var samþykkt, að láta gera safngryfjur og ný salerni,og nokkrar xxxxxxxxx xx viðgerðir og breytinar á útbúnaði í þvottalaugunum.

3. Nefndin leggur til að bærinn taki í sínar hendur sorphreinsunina í bænum, og feli veganefnd að semja frumvarp til gjaldskrár fyrir hreinsunina, og geri tillögur um fyrirkomulag hennar.

4. Nefndin leggur til að byggð verði heyhlaða er rúmi ca. 1200 hesta af heyi. Hlaðan skal byggð við hesthús bæjarins við Hringbraut og hesthúsinu jafnframt breytt. Kostnaður við þetta er áætlaður allt að 8000 kr.

Á fund vantaði frú Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Benedikt Sveinsson.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, miðvikudaginn 14. ágúst, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekið fyrir erindi frá húseigendum við Frakkastíg um viðgerð á götunni milli Laugavegar og Grettisgötu, en erindi þessu hefur bæjarstjórn vísað til veganefndar til umsagnar. Nefndin sér sér ekki fært að mæla með því, að erindinu verði sinnt.

2. Erindi frá Pétri og Bjarna Hjaltested um skólpræsi í Vonarstræti, milli Tjarnargötu og Suðurgötu. Nefndin getur ekki fallist á að sinna erindinu.

3. Erindi frá O. Forberg og P.Smith. verkfræðingum um að fá að leggja rafljósaleiðslur á staurum í hús sín Laufásvegi 8 og Miðstræti 7. - Nefndin sér sér ekki fært að leyfa þetta fyrr en frekari upplýsingar eru fengnar um fyrirkomulag leiðslunnar.

4. Samþykkt að fela bæjarverkfræðingnum að sjá um að landssíminn láti gera við þær gangstéttir og götur, sem símar hafa verið og verða lagðir í.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem var fjarverandi úr bænum, og Benedikt Sveinsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir. Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 10. sept. var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Rætt um hestahald bæjarins. Nefndin var þeirrar skoðunar, að ekki væri hægt að komast af með færri en 20 hesta í vetur, og ákvað því, að láta halda áfram heyskapnum fyrst um sinn, þar sem enn voru ekki fengnir nema liðlega 300 hestar af heyi.

2. Valentínus Eyjólfsson býður bænum 100 hesta til kaups. Hestar þessir hafa hingað til verið í bæjarvinnunni. - Ákveðið að hafna tilboðinu.

3. Erindi frá Eggert Claessen o.fl. um að fá að gera reiðveg meðfram veginum frá "Mjölni" og inneftir. - Nefndin vill leyfa þetta, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við notkun þjóðvegarins eða bæjarlandsins, og að vegarstæðið aftakist, þegar þess verður krafist af bæjarstjórn. Verkið sé unnið undir eftirliti bæjarverkfræðingsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Lárusson
settur.

Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 17. sept. hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Á fundinum mætti Samúel Ólafsson, og gaf skýrslu um heykaup bæjarins.
Keypt hafa verið:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 8982 | kg. | af útheyi | á | 24 | aura | kg. |
| 5600 | " | " " | " | 22 | " | " |
| 3974 | " | " " | " | 28 | " | " |
| 1600 | " | " " | " | 28 | " | " |
| 8100 | " | " " | " | 16 | " | " |
| 5600 | " | " töðu | " | 34 | " | " |
| 685 | " | " " | " | 40 | " | " |
| 3975 | pd. | " töðugæfu -heyi | " | 20 | " | pd. |

Alls eru komnir hingað 378 hestar af heyi, og fyrir austan fjall eru 90 hestar af heyi, sem bærinn á.
Samúel Ólafssyni var falið að halda enn áfram heyskapnum.

2. Erindi frá salernahreinsunarmönnum um 20 kr. launahækkun á mánuði. -
Nefndin leggur til, að erindi þessu verði vísað til fjárhagsnefndar til athugunar, og telur jafnframt æskilegt, að fjárhagsnefnd taki til athugunar launakjör starfsmanna bæjarins og geri tillögur þar að lútandi.

3. Gísli J. Ólafsson sækir um leyfi til að leggja ljósaþræði frá loftskeytastöðinni á Melunum heim til sín á Skothúsveg 7.
Nefndin leggur til að það sé leyft með sömu skilyrðum og þeim Forberg og Smith símaverkfræðing, var leyfð rafleiðsla til húsa sinna.

4. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá, að fé það, sem ~~ákvæð~~ áætlað hefir verið til vegagerða og ofaníburðar o.fl., væri nú að þrotum komið, og að innan skamms yrði að segja upp nokkrum af verkamönnum þeim, sem unnið hafa að þessu í sumar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Lárusson, settur.
Ágúst Jósefsson.
Guðm. Ásbjörnsson.
Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 28. sept., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Á fundinum mætti Samúel Ólafsson og Jón Jónsson ökum.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Nefndin leggur til, að hafðir verði á fóðrum í hesthúsum bæjarins næsta vetur 16 hestar, og keyptur verði fóðurbætir handa þeim, sem hér segir: 30 föt af síld og 16 þús. pd. af mjöli.
Nú eru til í heyhlöðum bæjarins um 470 hestar af heyi, en nefndin gerir ráð fyrir, að enn þurfi að kaupa nokkuð af heyi til viðbótar.

2. Nefndin ákveður að fela þeim Samúel Ólafssyni og Jóni Jóhannssyni að koma á fóður utan bæjar allt að 7 hestum. Ennfremur að selja 6 hesta til afsláttar, sem taldir eru svo lélegir, að ekki eru setjandi á vetur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Lárusson, settur. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 12. okt. hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Nefndin ræddi sorphreinsunarmálið, og samþykkti að láta gera uppkast að reglugjörð og gjaldskrá fyrir sorphreinsun í bænum byggða á líkum grundvelli og gjaldskráin um vatnsskatt í Reykjavík.
Nefndin telur, eftir lauslegri áætlun, að kostnaður við sorphreinsunina muni nema 30- 35 þús. kr. á ári.

2. Sakir aukins kostnaðar við salernahreinsunina, telur nefndin nauðsynlegt, að hreinsunargjaldið sé hækkað að muklum mun, og mun bráðlega koma með tillögu þar að lútandi.

3. Út af erindi frá þeim Samúel Ólafssyni og Jóni Sigurðssyni, um að púkklagður verði Laugavegur - kaflinn milli Frakkastígs og Vitastígss, ákvað nefndin að fela bæjarverkfræðingnum að gera áætlun um kostnaðinn við þetta verk, og leggja hann fram á næsta nefndarfundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Ólafur Lárusson,
settur. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, föstudaginn 25. okt., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

....Þetta gerðist á fundinum:

1. Gerðar tillögur til fjárveitingar til vega o.fl. árið 1919.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a) | Til | ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa | kr. | 12000.00 |
| b) | - | þrifnaðar, snjómoksturs, klakahögg o.fl. | " | 17000.00 |
| c) | " | götulýsingar | " | 7000.00 |
| d) | " | salernahreinsunar | " | 20000.00 |
| e) | " | leikvalla handa börnum | " | 800.00 |
| f) | " | viðhalds á þvottalaugunum og umsjónar þar | " | 6000.00 |
| g) | " | laugakeyrslu | " | 6000.00 |
| h) | " | viðhalds á sundlauginni og sundkennslu | " | 1500.00 |
| i) | " | byggingar áhaldaskúrs | " | 20000.00 |
| j) | " | umsjónarmanns áhalda | " | 1500.00 |
| k) | " | sorphreinsunar | " | 30000.00 |
| l) | " | vegagerðar: | | |
| | | Laugavegur (akbraut) | " | 10000.00 |
| | | " (gangstétt) | " | 8700.00 |

Á fund vantaði Benedikt Sveinsson og bæjarverkfræðinginn.

Fundi slitið.

Ólafur Lárusson,
settur. Ágúst Jósefsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, þriðjudaginn 17.okt., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekið á ný til íhugunar salerna- og sorphreinsun næsta ár, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að nægja mundi að áætla til salernahreinsunar 16000 kr. og til sorphreinsunar 24000 kr., og leggur veganefndin til að fjárhagsáætluninni verði breytt samkvæmt þessu.

2. Talað um grundvöll fyrir salerna- og sorphreinsun og borgarstjóra falið að semja frumvarp þar að lútandi.

3. Framlagt bréf frá búendum á Grímsstaðaholti, þar sem þeir fara fram á að vegurinn suður Melana verði fullgerður. Nefndin leggur til, að beiðni þessari verði sinnt, og veittar verði til verksins 10,000 kr.

4. Lagðar fram beiðnir um holræsi og götulagningu milli Bergstaðastrætis og Ingólfsstrætis. Nefndin áætlar að kostnaður við þetta verði 3500 kr. og leggur til, að sú upphæð verði veitt á fjárhagsáætlun með því skilyrði, að samkomulag fáist við erfðafestuhafa túnblettanna um ókeypis vegarstæði og að blettunum verði verði breytt í byggingarlóðir gegn venjulegu fimmtungsgjaldi í bæjarsjóð.

5. Lögð fram ýms bréf viðvíkjandi ofaníburði í götur o.fl.

Benedikt Sveinsson var ekki á fundi.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918, laugardaginn 28. desember, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Sorphreinsunarmálið.
Samþykkt var að fela borgarstjóra, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, að ráða verkstjóra við sorphreinsunina.

2. Efnis- og áhaldavörður.
Borgarstjóra falið að ráða Jósep Magnússon trésmið fyrir efnis og áhaldavörð frá 1. janúar 1919.

3. Samið frumvarp til gjaldskrár fyrir salerna- og sorphreinsun.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, laugardaginn 25. jam, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Á fundinum mættu þeir Olgeir Friðgeirsson, Lárus Féldsted og Pétur A. Ólafsson, sem eru í stjórn félagsins "Sápu- og olíuversmiðju Íslands".

1. Rætt um afnot á heitu vatni úr laugunum í fyrirhugaðri verksmiðju félagsins það á staðnum. Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar í maí mán. 1918, var samþykkt að fela borgarstjóra og Guðmundi Ásbjörnssyni að semja við stjórn félagsins, gers tillögur um samning og leggja þær svo fyrir nefndina.

2. Samþykkt að gera samning við Lárus Hjaltested á Sunnuhvoli um leigu á 4 hestum til sorphreinsunar fyrir 1350 kr. árlangt frá 1. febr. í ár til 30. sept. 1920.

3. Þar sem bæjarverkfræðingurinn hefir sagt lausri stöðu sinni , var ákveðið að auglýsa stöðuna lausa til umsóknar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bríet Bjarnhéðinsd.

Hjörtur Þorsteinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, 18. marz, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lögð fram tillaga um uppkast að samningi við h.f. "Sápu- og olíuverksmiðju Íslands" um afnot af heitu vatni í Laugunum.- Nefndin samþykkti að fallast á tillöguna í öllum aðalatriðum.

2. Lagðir fram og samþykktir uppdrættir að brú yfir Tjörnina.

3. Rætt um girðingu og lögun á Austurvelli. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin samþykki, að bjóða mönnum að keppa um að gjöra tillögur um fyrirkomulag á Austurvelli, og heita þrennum verðlaunum fyrir beztu tillögurnar, 250 kr., 150 kr., og 100 kr. Ennfremur að bæjarstjórnin kjósi 3 menn til að semja útboð og dæma um tillögurnar.

4. Guðmundur Ásbjörnsson upplýsti, að tjara til vegagerðar mundi nú vera fáanleg í Englandi, og samþykkti nefndin að fela borgarstjóra að leita tilboða um tjöru til gatnagerða í sumar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Benedikt Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, 6. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Rætt um tilboð um sölu á tjöru. Komið höfðu 10 tilboð frá 8 mönnum. Samþykkt var að taka tilboði frá A. Guðmundsson í Leith, sem býður 100 kagga á 35 shillings kaggann f.o.b. Leith, með því skilyrði, að tjaran verði komin hingað fyrir miðjan júlímánuð.

2. Erindi frá fiskiveiðafélaginu "Haukar" um grjóttöku í Øskjuhlíð til stakkstæðisgerðar í Bráðræðislandi. - Nefndin samþykkir að leyfa félaginu grjóttöku í suðurhluta hlíðarinnar, eftir nánari útvísun hafnarstjóra, gegn 50 aura gjaldi fyrir hvern járnbrautarvagn af grjóti, sem flutt er í burtu.

3. Bæjarverkfræðingi falið að gera girðingu kring um Austurvöll gripheldá til bráðabirgða, og láta hreinsa völlinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Sig. Thoroddsen.

Benedikt.Sveinsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, þriðjudaginn 13. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Á fundinn vantaði Guðm. Ásbjörnsson, sem er erlendis, og Benedikt Sveinsson, sem boðar forföll.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Bæjarstjórnin hefir vísað til veganefndar erindi Ólafs Þorsteinssonar verkfræðings um að gerður væri kafli af Garðastræti, þar sem hann ætlar að byggja íbúðarhús handa sér. Bæjarverkfræðingur lagði fram áætlun um viðgerð á veginum frá Suðurgötu og spotta ~~korn~~ af Garðastræti, og muni það kosta um 2.500 kr. með skolp- og vatnspípum, og leggur nefndin til að þetta sé gert. Nauðsynleg lóð undir þennan part af Garðastræti leggur nefndin til að tekin sé úr erfðafestulandinu endurgjaldslaust, eins og áður hefur verið ákveðið.

2. Út af erindi Íþróttafélags Reykjavíkur um vegagerð á Melunum að Íþróttavellinum og að borið sé ofan í Íþróttavöllinn, sem vísað var til veganefndar, samþykkti nefndin, að láta bera ofan í veginn frá Suðurgötu að Íþróttavellinum, og greið þann kostnað af ofaníburðar fé, en vill ekki að öðru leyti sinna erindinu.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Sig. Thoroddsen. Bríet Bjarnhéðinsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, miðvikudaginn 14 maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Bæjarstjórnin hefir falið veganefnd að athuga, ýms atriði, sem snerta bifreiðar og bifreiðaakstur, og að öðru leyti hvað reynt skuli að koma á bifreiðaskatti.
Í sambandi við þetta mál lagði borgarstjóri fram bréf frá stjórnarráði Íslands, dags. 22. f.m. , þar sem stjórnarráðið meðal annars vekur athyggli á því, hvort ekki sé ástæða til að takmarka frekar en gjört er í lögreglusamþykktinni bifreiðaakstur um bæinn, og bréf frá lögreglustjóra, dags. 3. þ.m., um ákveðna staði fyrir leigubifreiðir og reglur þar að lútandi.

Nefndin gjörir þessar tillögur:

a. Bæjarstjórnin skorar á lögreglustjóra, að framfylgja stranglega öllum ákvæðum lögreglusamþykktarinnar um bifreiðir, sérstaklega að hraðamælir sé á hverri fjórhjólabifreið og gjaldvísir á öllum leigubifreiðum jafnskjótt og gjaldskrá er sett fyrir mannflutninga með bifreiðum, og að strangar gætur séu hafðar á, að ekki séu fluttir í einu fleiri menn í leigubifreiðum en lögreglustjóri hefir ákveðið.

b. Bæjarstjórnin skorar á lögreglustjóra, að nota heimild þá, sem honum er gefin í 45.gr. lögreglusamþykktarinnar, til að takmarka eða banna umferð bifreiða um mjóar og gangstéttalausar götur.

c. Bæjarstjórnin ákveður fyrir sitt leyti, að fyrst um sinn megi leigubifreiðar standa á þessum stöðum:

10 bifreiðar á Lækjartorgi meðfram miðstéttinni að vestan og norðan, og að austan ef með þarf.
2 bifreiðar í Veltusundi milli Hafnarstrætis og Austurstrætis meðfram girðingunni að vestanverðu.
2 bifreiðar í Templarasundi meðfram alþingishúsgarðinum.
2 bifreiðar í Miðstræti , meðfram girðingunni að austanverðu.
1 bifreið á Laugavegi meðfram syðri gangstétt, 8 metra fyrir vestan vestari húsalínu við Klapparstíg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 bifreiðar á Vitatorgi við Hverfisgötu, en hvergi annarsstaðar á götum eða torgum bæjarins.

d. Bæjarstjórnin ákveður, að fyrir bifreiðastæði á þeim stöðum, sem getið er um í c-lið, greiðist gjald í bæjarsjóð fyrir hvern mánuð, sem hér segir:

Fyrir hvert bifreiðarstæði á Lækjartorgi, í Veltusundi og á Laugavegi 20 kr.; í Templarasundi og Miðstræti 15 kr. og á Vitatorgi 10 kr.

Gjaldið greiðist fyrirfram.

Að öðru leyti felur bæjarstjórnin borgarstjóra, í samráði við lögreglustjóra, að gera tillögur um ítarlegar reglur viðvíkjandi leigubifreiðum, samkvæmt því, sem gert er ráð fyrir í 16. gr. lögreglusamþykktarinnar.

e. Bæjarstjórnin ákveður, að fyrir hverja bifreið, sem skrásett er í bænum, skuli eigandi greiða í vatnsskatt 50 kr. á ári, samkvæmt 3.gr. reglugjörðar um vatnskatt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1918 ?, mánudaginn 23. júní, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Kristín Jacobson skýrir frá því, að hún ætli að setja nýja girðingu meðfram lóðinni nr. 12 við Laufásveg, og fer fram á, að bæjarstjórnin kaupi nú þegar ræmu þá, sem fer til breikkunar á Laufásvegi. Ræma þessi er um 50 fermetrar að stærð, og leggur nefndin til, að hún verði keypt nú þegar, og andvirðið greitt eftir mati. Jafnframt leggur nefndin til, að um leið verði tekið af kálgarðinum næst fyrir norðan húsið nr. 12 við Laufásveg það sem þarf til breikkunar þess vegar og Skálholtsstígs, og munu það vera um 75 fermetrar.

2. Lagðar fram tillögur borgarstjóra og lögreglustjóra til reglna um bifreiðastæði í Reykjavík. Nefndin fellst á tillögurnar og leggur til að þær verði samþykktar. Verði tillögurnar færðar inn í gjörðabókina hér á eftir.

3. Ákveðið að auglýsa eftir tilboðum um sölu á 1000 hestum af heyi.

4. Borgarstjóra falið að útvega tillögur um hvar og hvernig koma skuli fyrir í bænum salernum og náðhúsum fyrir almenning.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tillögur
# borgarstjóra og lögreglustjóra til reglna um bifreiðarstæði í Reykjavík.

---

Samkvæmt 16. gr. lögreglusamþykktarinnar fyrir Reykjavík hefir bæjarstjórnin sett eftirfarandi reglur:

1. Engin bifreið má standa á götum bæjarins lengur en nauðsynlegt er til að ljúka erindi sínu, nema á því stæði, sem henni kann að hafa verið úthlutað.
Þurfi bifreiðar, sem eru skrásettar annarsstaðar en í Reykjavík, að hafa hér viðdvöl og geti ekki bifreiðarstjórar fengið handa þeim stað utan almannafæris, er heimilt að láta þær standa á Vitatorgi. Þó mega þær ekki þar leita sér atvinnu við annan akstur en til baka aftur.

2. Umsóknir um bifreiðarstæði sendast Lögreglustjóra, er veitir leyfi fyrir stæðunum. Gjöld fyrir bifreiðarstæði greiðast mánaðarlega, fyrirfram til bæjargjaldkera.

3. Sá, sem fengið hefir bifreiðarstæði er skyldur að hafa bifreið sína hæfa til keyrslu að dómi lögreglustjóra og vera með hana á stæðinu daglega frá kl. 8 að morgni til kl. 11 að kvöldi, þegar bifreiðin er ekki leigð. Á öðrum tímum sólarhringsins er heimilt að hafa bifreiðina á stæðinu, enda sé bifreiðarstjóri þar einnig.
Þegar bifreið heldur kyrru fyrir á stæði sínu, og er ekki þegar leigð, er bifreiðarstjóra skylt að leigja hana þeim, er um kunna að biðja.
Rétt til bifreiðarstæðis má ekki selja, lána né afhenda öðrum.

4. Réttur til bifreiðarstæðis fellur burtu ef brotið er móti framangreindum skilyrðum eða öðrum sérstökum skilyrðum, sem sett kunna að verða, svo og ef vanskil verða á stæðisleigu.

5. Lögreglustjóri getur sagt upp leigu á bifreiðarstæði með mánaðar fyrirvara.

6. Reglur þessar öðlast gildi 1. júlí 1919.

K.Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, föstudaginn 11. júlí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Í tilefni af framkvæmdum byggingarfélags Reykjavíkur, og samkvæmt því, sem samþykkt hefir verið af bæjarstjórninni, ákvað nefndin að láta nú þegar, svo fljótt sem því verður við komið, gjöra 5 metra breiðan veg í framlengingu Barónsstígs, frá Njálsgötu að fyrirhugaðri Bergþórugötu. Svo og 3.15 metra breiðan stíg ofanvert við Njálsgötu-lóðirnar frá Barónsstíg svo langt vestur, sem þörf er á; ennfremur að ryðja akfæra braut milli Vitastígs og Barónsstígs, þar sem Bergþórugata á að koma, og að gjöra Vitastíg akfæran milli Njálsgötu og Bergþórugötu. Jafnframt verði lagðar vatnsæðar og holræsi eftir því sem þurfa þykir vegna þeirra húsa sem reist verða, og á þann hátt, sem ástæður leyfa.
Nefndin lætur þess getið, að hún hefir ákveðið að gjöra tillögur til fjárhagsáætlunar um að næsta ár verði Bergþórugata gjörð milli Frakkastígs og Barónsstígs.

2. Rætt um þvottalaugarnar. Ákveðið að láta leggja talsíma frá síma bæjarins á Seljalandi inn í þvottalaugar.
Ennfremur ákveður nefndin að láta loka þvottalaugunum alla sunnudaga árið um kring, frá kl. 6 að sunnudagsmorgni til kl. 4 að mánudagsmorgni, og séu þvottahúsin og áhöld ræstuð og þurrkuð á þeim tíma.
Nefndin ákvað að fara að afloknum fundi inn í þvottalaugar til athugunar og eftirlits.

Á fund vantaði Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Benedikt Sveinsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, mánudaginn 14. júlí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Opnuð og lesin upp tilboð um sölu á heyi. Tilboðin voru þessi:
a) Jón Björnsson frá Bæ býður 100- 150 hesta flæðiengjabakkahey á bryggju hér fyrir 33 aura kg.
b) Guðm- Jóhannsson frá Brautarholti býður allt að 800 hesta af smágerðu mýra- og valllendis heyi frá Innra-Hólmi og Brautarholti flutt hingað á bryggju. Verð ekki tilgreint í tilboðinu.
c) Bjarni Sigurðsson Grettisgötu 24, býður 500 hesta af útheyi frá Innra-Hólmi fyrir 30 aura kg. á bryggju hér; bjóðandi býst við að geta selt meira af samskonar heyi, en þá fyrir almennt gangverð hér í sumar.
d) Guðmundur Helgason í Eskihlíð býður 400- 500 hesta af útheyi frá Þrándarstöðum í Kjós fyrir 34 aura kg. afhent á bryggju hér.
Af bjóðendum var viðstaddur Guðm. Helgason.
Nefndin leggur til að henni verði falið að semja við Bjarna Sigurðsson og Guðmund Helgason um kaup á heyi.

2. Nefndin leggur til, að tekin verði eignarnámi ræma vestur af lóðinni nr. 18 við Vesturgötu til breikkunar á Norðurstíg. Er ræma þessi um 100 fermetra að stærð, og telur nefndin nauðsynlegt að Norðurstígur verði breikkaður nú þegar í sambandi við gangstéttar- og götugerð í Vesturgötu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, mánudaginn 21. júlí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Nefndin samþykkti að kaupa af Guðmundi Helgasyni í Eskihlíð 450 hesta af heyi fyrir 30 aura kg. á bryggju, og gerði samning við hann um það á fundinum.

2. Nefndin samþykkti að kaupa af Sumarliða Halldórssyni á Akranesi 150-200 hesta af heyi fyrir 24 aura kg. á bryggju.

3. Nefndin samþykkti að kaupa af Agli Hallgrímssyni 200 hesta af heyi ~~flutt/a~~ á 31 eyrir kg. flutt að hlöðu.

Nefndin vill ekki gera samning um kaup á meira heyi að svo stöddu.

Á fundinn vantaði Benedikt Sveinsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, föstudaginn 8. ágúst, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Nefndin ákvað að kaupa 200 hesta af heyi af Bjarna Sigurðssyni Grettisgötu 24, í viðbót við þá 800 hesta, sem nefndin hafði áður fest kaup á, fyrir 31 eyrir kg. heim flutt að hlöðu.

2, Framlagt bréf frá Tryggva Þórhallssyni í Laufási, þar sem hann fer fram á, að gerðar verði götur yfir hluta af Laufástúni, sem breytt hefir verið í byggingarlóð, jafnóðum og lóðirnar byggjast.
Nefndin getur ekki lagt til, að götur verði gerðar á þessum stað, þótt byggt verði einstætt hús, en mun hinsvegar vilja taka málið til athugunar, ef trygging er fyrir því, að fleiri hús verði samtímis byggð við einhverja götuna.

3. Vegna stöðugra óþurrka hefir ekki verið mögulegt enn, að bika mulning til götugerðarinnar á Vesturgötu og ekki er fyrirsjáanlegt, að mögulegt verði á þessu sumri að malbika meira en það af götunni, sem þegar er í undirbúningi, þ.e. vestur að Ægisgötu. Ákvað nefndin því, að láta þar staðar numið við götugerðina að þessu sinni.

4. Í sambandi við götugerðina í Vesturgötu ákvað nefndin að fela borgarstjóra að leita samninga við eigendur Dúkskots og Gróubæjarlóðum um kaup á þeim lóðum, svo og við eiganda hússins nr. 15 við Vesturgötu um flutning á því húsi inn fyrir götujaðar.

Á fund vantaði Benedikt Sveinsson og Bríet Bjarnhéðinsdóttur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, miðvikudaginn 13. ágúst, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri skýrði frá samningstilraunum sínum við eigendur Dúkskots- og Gróubæjarlóða og eiganda Vesturgötu 15, og álítur nefndin rétt að nú þegar verði húsið nr. 15 flutt inn í götujaðar og bæirnir ásamt lóð keyptir svo unnt sé að ganga til fulls frá Vesturgötu á þessum stað.

a. Oddur Bjarnason, eigandi hússins nr. 15 við Vesturgötu, vill leyfa að húsið sé flutt honum að kostnaðarlausu, og án nokkrar þóknunar til hans fyrir þau óþægindi, sem hann verður fyrir, og vill sjálfur sjá sér fyrir húsnæði, ef með þarf, meðan á flutningnum stendur. Lóðarræmu þá, sem tekin verður til breikkunar Vesturgötu, og er 74 fermetrar að stærð, vill Oddur selja fyrir 15 kr. ferm. eða láta í skiptum fyrir hér um bil jafnstóra þríhyrnu af Gróubæjarlóð, sem verður vestan við Garðastræti áfast við lóð hans, ef bærinn eignast þá lóð.

Nefndin leggur til að gengið verði að þessu tilboði Odds, og borgarstjóra falið að gera ráðstafanir til, að verkið verði framkvæmt nú þegar. Býst nefndin við, að kostnaður við flutninginn hússins verði um 6000 kr.

b. Páll Guðmundsson, annar eigandi Dúkskots og Gróubæjar (Hannes bróðir hans, sem er meðeigandi, er fjarverandi úr bænum), vill selja bæina, ásamt þeirri lóð, sem þarf undir Garðastræti ásamt lítilli þríhyrnu vestan götunnar, sem ekki er hæf til byggingar, og er að stærð ca. 700 fermetrar, fyrir 16 kr. hvern fermeter, en það er hún metin til fasteignamats, og 800 kr. fyrir báða bæina, eða alls fyrir 12000 krónur. Upphæðina má borgast á þremur árum og með jöfnum afborgunum og 5% vöxtum, og fari fyrsta afborgunin fram árið 1920.

Nefndin leggur til, að lóðin og bæirnir verði keypt með þessum kjörum og borgarstjóra falið að gefa út skuldabréf fyrir upphæðinni.

Á fund vantaði Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Benedikt Sveinsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, þriðjudaginn 4. nóv., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Allir þeir menn, sem hafa á hendi móttöku á laugaþvotti í bænum, hafa sagt upp starfi sínu og eru ófáanlegir til að hafa það á hendi framvegis. Nefndin hefir gert ýtarlegar en árángurslausar tilraunir til að fá aðra menn til að taka starfið að sér, og eftir ýtarlegar umræður á fundinum, að undangengnum nákvæmum athugunum, komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að ekki megi leggja niður laugakeyrsluna, og ákveður því, að haga henni framvegis, svo fljótt sem því verður við komið, þannig: að bifreið sé látin fara um bæinn eftir fastri áætlun með ákveðnum viðkomustöðum, fyrst um sinn átta, og taki bifreiðarstjórinn þar við þvottinum og afhendi hann. Þess utan sé allan daginn tekið á móti þvotti í baðhúsinu, og þangað fluttar þær sendingar, sem ekki verða hirtar á viðkomustöðunum á réttum tíma. Allur þvottur sé vigtaður af laugavörðunum og borgunin greidd þeim.

Til þess að koma þessu í framkvæmd, leggur nefndin til:
a. Að henni sé heimilað að byggja skúr hjá laugunum til að afgreiða í þvottinn.
b. Að henni sé heimilað að kaupa nægilega stóra og haganlega bifreið til flutnings á laugaþvotti.
c. Að flutningsgjald á laugaþvotti sé hækkað úr 3 aurum upp í 4 aura fyrir hvert kíló af þurrum þvotti með umbúðum, og sé lægsta gjald 75 aurar fyrir sendingu.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919, mánudaginn 17. nóv., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a. | Til ofaníburðar og viðhalds gatna og ræsa . . . . . . . . . . . . . . . . .... | | kr. | 45.000 |
| b. | Til þrifnaðar, snjómoksturs, klakahögg o.fl. . . . . . . . . | | " . | 60.000 |
| c. | " | götulýsinar . . . . . . . . . . . | " | 25.000 |
| d. | " | salernahreinsunar . . . . . . . | " | 30.000 |
| e. | " | sorpbreinsunar . . . . . . . . . | " | 50.000 |
| f. | " | áhalda og aðgerða á þeim . . . . | " | 10.000 |
| g. | " | framleiðslu á mulningi o.fl. | " | 50.000 |
| h. | " | kostnaður við sandtöku . . . . | " | 6.000 |
| i. | " | leikvallar handa börnum . . . . | " | 1.500 |
| j. | " | viðhalds á þvottalalaugunum og umsjónar þar . . . . . . . . . | " | 12.000 |
| k. | " | laugakeyrslunnar . . . . . . . . | " | 10.000 |
| l. | " | viðhalds á sundlauginni og sundkennslu . . . . . . . . | " | 4.000 |
| m. | " | viðhalds Vesturgötu frá Ægisgötu að Bræðraborgarstíg . . . | " | 30.000 |
| n. | " | gangstétta í sönu götu . . . . | " | 20.000 |
| o. | " | að malbika Hverfisgötu að Ingólfsstræti og Ingólfsstræti milli Bankastrætis og Hverfisgötu . . . . . . . . . . . . . . | " | 50.000 |
| p. | " | gagstétta við sömu götur . . . | " | 40.000 |
| q. | " | nýrra gatna og ræsa, vegna nýrra íbúðarhúsabygginga . . . . . . . . | "" | 130.000 |
| r. | " | girðingar og lögunar á Austurvelli . . . . . . . . . . . . . . | " | 30.000 |
| s. | " | almenningssalernis á Lækjartorgi" | | 25.000 |

Á fund vantaði Benedikt Sveinsson.

Fleira gerðist ekki Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bríet Bjarnhéðinsd.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, hinn 13. apríl, átti veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra kl. 11 f.m.
Gunnlaugur Classen boðar forföll.
Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekið fyrir erindi Jóns Ólafssonar o.fl., sem lá fyrir veganefnd s.l. haust, en ekki var tekið upp á fjárhagsáætlun, um lagningu Mýrargötu milli Brunnstígs og Bakkastígs.
Vegna þeirra erfiðleika, sem verða á umferð um Vesturgötu, vegna viðgerðar á henni í sumar, telur nefndin rétt að málið sé athugað að nýju, og felur vorgarstjóra að rannsaka kostnað við vegagerðina og lóðakaupin, og eiga tal við bréfritenurna um þátttöku í kostnaðinum við þetta verk.

2. Út af erindi túneigenda í Vatnsmýrinni um vegabætur, var borgarstjóra falið að rannsaka það mál frekar.

3. Lagt fram tilboð um götulagningu á "Sólvöllum" er hljóðar svo:
"að Sólvallafélagið taki að sér að leggja malbikaða götu frá norðvesturhorni kirkjugarðsins og vestur að þvergötu þeirri, sem fyrirhuguð er fyrir austan húsið "Ás", með holræsum og steinlögðum gangstéttum, eins vel gjörða og slíkar götur eru bezt gjörðar hér í bænum, og afhenda bænum hana síðan til eignar og afnota, gegn því að bærinn, eða bæjarsjóður, greiði til þessarar götugerðar í eitt skipti fyrir öll kr. 30.000 - þrjátíu þúsund krónur".
Nefndin sér ekki ástæðu til að svo komnu máli, að leggja til, að meiru fé verði varið til götugerðar á þessum stað, en þegar hefir verið ákveðið, kr. 15.000, en ákveður að láta rannsaka og hallamæla vegarstæði í Nýjatúni, og felur að öðru leyti nefndarmönnunum Pétri Halldórssyni og Guðmundi Ásbjörnssyni að eiga tal við stjórn "Sólvallafélagsins" um tilboð þess.

4. Lagt fram erindi frá Jóni Benjamínssyni, Sellandsstíg 34, um skolpræsi í þá götu. - Erindinu frestað þangað til útséð er um vegarlagningu um Nýjatúnið.

5. Erindi frá lóðareigendum í Staðarstaðartúni um að gerðar verði götur þar.- Ákveður nefndin að verða við þeim tilmælum, gegn því, að greitt verði vegagjagjald til þeirra samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar.

6. Lagt fram tilboð frá h/f "Ísaga" um tæki til lýsingar með "Dalén"-ljósum í þvottalaugunum. Tilboðið er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að upphæð kr. 5.375.00 (danskar).
Nefndin leggur til að tilboðinu sé hafnað.

7. Rætt um framkvæmd á samþykkt bæjarstjórnarinnar í nóv. f.á. viðvíkjandi flutningi á laugaþvotti, og komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt mundi vera, að hafa skýli á móttökustöðvunum, og ákveður nefndin því, að láta reisa skýli á 4 stöðum, þar sem þau ekki eru fyrir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Síða 60 í handskrifuðu gjörðabókinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, 21. apríl, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

Nefndin ræddi enn á ný um fyrirkomulag á móttöku og keyrslu á laugaþvotti, og ákvað eftir ýtarlegar umræður að halda fast við tillögur sínar frá síðasta fundi, um að reisa skýli fyrir móttöku á þvottinum á 4 stöðum í bænum, og ráða mann til að taka á móti þvottinum og afhenda hann.

Ennfremur leggur nefndin til að flutningsgjöld á laugaþvotti hækki úr 4 aurum upp í 6 aura kílógramm, en minnsta gjald verði kr. 1.25.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson. Gunnl. Classen.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ár 1920, laugardaginn 15. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Gunnlaugur Classen boðaði forföll.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri upplýsti að vanta mundi um 120 tn. af tjöru til götugerðar, og samþykkti nefndin að leita tilboða um þær.

2. Ákveðið að sundkennsla kvenna fari fram frá 14. maí til 31 ágúst, og Ingibjörgu Brands falin kennslan fyrir 330 krónur á mánuði, og er henni heimilað að taka sér aðstoðarkennara fyrir 250 kr. á mánuði, enda greiði nemendur ekkert kennslugjald, og yfirleitt greiðist ekkert gjald fyrir afnot sundlaugarinnar á þeim tíma, sem kennslan fer fram.

3. Borgarstjóra falið að láta laga veginn frá Laufásvegi fyrir sunnan kennaraskólann niður í Vatnsmýri, sbr. fundargjörð 13. apríl, 2. lið.

4. Lagðar fram umsóknir um bæjarverkfræðingsstöðuna frá þeim G.V.Aaderup í Esbjerg og Hirti Þorsteinssyni fyrverandi bæjarverkfræðingi nú í Kaupmannahöfn. Nefndin leggur til, að G.V. Aaderup sé veitt bæjarverkfræðingsstaðan.

5. Lögð fram umsókn frá Kjartani Ólafssyni Bergstaðastræti 22, um umsjónarmannsstöðu með laugaþvotti. Nefndin samþykkti að ráða hann til starfsins frá 1. júní með launum er samsvari launum eftir 8. launaflokki.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 2. júní, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri upplýsti, að hann hefði athugað kostnað við framlenginguu Mýrargötu milli Brunnstígs og Bakkastígs, sbr. fundargerð 13. apríl, og sagði að hann mundi nema um 14 - 15 þús. kr. til lóðakaupa og götugerðarinnar. Nefndin leggur til að þetta verk verk verði ekki framkvæmt vegna hins mikla kostnaðar við það.

2. Jón Halldórsson, eigandi að Klapparstíg 14 A, fer fram á, að keypt verði af honum nú þegar fyrir 7 kr. feralinina lóðarspilda til breikkunar Veghúsastígs. Nefndin leggur til, að erindinu sé synjað.

3. Samþykkt að kaupa 50 tn. af tjöru til götugerðar af Hallgrími Benediktssyni, sem býðst til að selja hana fyrir 86 krónur fob. Kaupmannahöfn með skipi, sem er um það að leggja á stað þaðan.

4. Borgarstjóri tilkynnti að hann hefði ráðið hr. verkfræðing Sig. Thoroddsen til að gegna bæjarverkfræðingsstörfum í sumar.
Á fund vantaði Pétur Halldórsson, sem er veikur.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen. G.Classen.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 21. júlí, kl. 4. e.h. , hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram tilboð um tjöru til götugerðar, frá Kaupfélagi Reykjavíkur. Nefndin ákvað að hafna tilboðinu, þar sem bæjarstjórnin hefur ákveðið að malbika ekki Hverfisgötu þetta ár.

2. Tekið fyrir erindi Jóns Benjamínssonar, sem frestað var 13. apríl þ.á., um holræsi í Selland stíg. Nefndin getur ekki lagt til að holræsið verði gert á þessu ári.

3. Bæjarverkfræðing falið að athuga lóðarræmur þær, sem þarf að taka til breikkunar á Stýrimannastíg við Vesturgötu, og tala við eigendur þeirra um afhendingu lóðarræmunnar.

4. Nefndin ákvað að gera Týsgötu og vesturhluta Þórsgötu með óhöggnum stéttarkantsteinum og að öðru leyti á þann hátt, sem bæjarstjórnin samþykkti, svo að form götunnar geti haldið sér, þegar gatan á sínum tíma verður malbikuð.

5. Þeir Pétur Halldórsson og Guðmundur Ásbjörnsson, sem falið var að eiga tal við Sólvallafélagið um götugerð um Nýja túnið, skýrðu frá því, að niðurstaðan af því samtali væri sú, að ekki væri hugsað til götugerðar þetta ár, en að málið yrði tekið til nánari athugunar í sambandi við næsta árs fjárhagsáætlun.

Á fund vantaði Gunnl.Classen, sem er fjarverandi úr bænum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Sig.Thoroddsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, þriðjudaginn 14. sept., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi frá verkamönnum við sorphreinsun bæjarins um hækkun á kaupi sínu, sem samsvari almennu verkamannakaupi í bænum.
Nefndin ákvað að veita þeim 300 kr. uppbót hverjum á kaupi sínu þetta ár.

2. Jóhann Fr. Kristjánsson og Freygarður Þorvaldsson bjóðast til að færa inn inngönguríð við hús þeirra við Laugaveg 27, gegn því, að þeim verði greiddar 450 kr. úr bæjarsjóði upp í þann kostnað sem þeir hafa af breytingunni, sem þeir áætla 900 kr.
Nefndin leggur til, að þeim sé greidd þessi fjárhæð þegar breytingunni er lokið.

3. Erindi Björns Jónssonar, Hverfisgötu 64, um að bærinn kaupi lóðarræmu fyrir framan hús hans, sem hafa verið færð inn í hina fyrirhuguguðu götulínu, frestað til athugunar. -

4. Nefndin ákveður að gera Fjólugötu yfir Thomsenstún með vatnsæðum og skolpæðum, ef lóðareigendur fyrir ofan hana borga í bæjarsjóð 2 kr. gjald af hverjum fermeter lóðanna.

5. Erindi frá búendum á í Grímsstaðaholti, um að Melavegur verði framlengdur og að gengið verði svo frá vatnsæðinni, að hún ekki frjósi.
Ákveðið að gera framlenginu Melavegar að Fálkagötu og leggja Fálkagötu me vatnsæð og skolpræsi.

6. Bæjarverkfræðingurinn skýrði frá viðtali sínu við lóðareigendur við Vesturgötu og Stýrimannastíg, sbr. fund nefndarinnar ~~21.~~ 21. júlí f.á., 3. lið. Málinu frestað.

7. Lagðar fram 5 umsóknir um bæjarverkfræðingsstarfið.
Nefndin leggur til, að ráðinn verði til starfsins verkfræðingur A.C.Bölling Ladegaard, og að borgarstjóra verði falið að semja við hann um launakjörin

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson.
Gunnl.Classen. Sig.Thoroddsen. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 6. október, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri skýrði frá því, að sér hefði borizt símskeyti þess efnis, að Bölling Ladegaard verkfræðingur, sem samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundi að ráða fyrir bæjarverkfræðing, hefði tekið aðra stöðu, og kæmi því ekki hingað.

2. Auk þeirra fjögra umsókna, sem áður lágu fyrir um bæjarverkfræðingsstöðuna, hafa komið þrjár frá Danmörku og ein frá Þýzkalandi.
Nefndin leggur til, að bæjarverkfræðingsstaðan verði veitt H. Klittgaard-Nielsen verkfræðing, og að borgarstjóra verði falið að semja við hann um ráðningarkjörin.

3. Tekið fyrir á ný erindi Björns Jónssonar um kaup á lóðarræmu framundan húsunum 64 og 64 A við Hverfisgötu, ca. 78 ferm. að stærð. Hefir Björn boðizt til að selja bænum lóðina fyrir fasteignamatsverð, 9 kr. fermeter, og leggur nefndin til, að því boði sé tekið.

4. Lagt fram erindi frá Tryggva Árnasyni um viðgerð á Kirkjugarðsstíg.
Nefndin telur ekki mögulegt að gera við stíginn nema með sérstakri fjárveitingu, og felur bæjarverkfræðingnum að gera áætlun um kostnað við að leggja Kirkjugarðsstíg og veg yfir Hólatorg meðfram kirkjugarðinum.

5. Lagt fram erindi frá búendum við Njálsgötu á kaflanum frá Klapparstíg að Frakkastíg um viðgerð á götunni.
Borgarstjóri upplýsti, að fé það, sem áætlað er til ofaníburðar og viðgerðar gatna sé nú hérumbil búið, og það sem eftir sé fari til þeirra gatna, sem nú sé verið að bera ofaní.
Af þessari ástæðu, svo og af því, að réttara virðist að gjöra götuna alveg upp að nýju þegar miklu fé verður kostað til hennar, vill meirihluti nefndarinnar ekki láta fara fram gagngerða viðgerð á götunni á þessu hausti, en aðeins láta laga verstu holurnar í veginum, og jafnframt fela bæjarverkfræðingnum að gjöra áætlun um kostnað við að gjöra götuna upp að nýju, svo það verði tekið til ályktunar, hvert fé skuli veitt til gatnagerðarinnar á næstu fjárhagsáætlun..

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Minni hlutinn (Guðm. Ásbjörnsson) telur götuna í svo slæmu ástandi, að óumflýjanlegt sé að framkvæma fullkomna aðgerð á henni nú þegar, og leggur til, að bæjarstjórnin samþykki, að viðgerðin verði framkvæmd á þessu hausti.

6. Rætt um tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1921.

Á fund vantaði Pétur Halldórsson og Gunnlaug Claessen.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.
Guðm. Ásbjörnsson. Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, mánudaginn 8. nóv., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Erindi frá Sveini Teitssyni, Laugavegi 97, þar sem hann fer fram á, að skolppípur verði lagðar frá húsi hans austur í Rauðarárlæk á kostnað bæjarins, - Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni en felur bæjarverkfræðingi að láta hreinsa skurðina beggja megin Laugavegar innan Barónsstígs.

2. Erindi frá búendum við Framnesveg um viðgerð. - Bæjarverkfræðingi falið að láta gera það við veginn, sem bráðnauðsynlegt sé.

3. Erindi frá búendum við Klapparstíg og Lindargötu, um umbætur á stígunum. Erindið verður tekið til nánari athugunar síðar.

4. Gerðar tillögur til fjárveitinga næsta ár.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a. | Til | þrifnaðar og snjómoksturs | kr. | 60.000.00 |
| b. | " | salernahreinsunar . . . . | " | 45.000.00 |
| c. | " | sorphreinsunar . . . . . | " | 60.000.00 |
| d. | " | áhalda og aðgerða á þeim . | " | 16.000.00 |
| e. | " | kostnaður við mulningsframl. | " | 50.000.00 |
| f. | " | Jafnframt eru áætlaðar tekjur af vinnustöðinni kr. 30.000 | | |
| f. | " | götulýsingar . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| g. | " | ofaníburðar gatna og viðhald ræsa . . . . . . . . . | " | 100.000.00 |
| h. | " | nýrra gatna . . . . . . . . . | " | 40.000.00 |
| i. | " | viðhalds og umsjónar í þvottalaugunum . . . . . . | " | 12.000.00 |
| j. | " | viðhalds á sundlauginni og sundkennslu . . . . . . . | " | 5.000.00 |

Gerð hefur verið áætlun um að kostnaður ið að gera upp Njálsgötu frá Klapparstíg að Frakkastíg (sbr. 5. lið fundargjörð nefndarinnar 5. okt. þ.á.) mundi verða kr. 10.500.00. En minni hluti nefndarinnar vildi ekki mæla með þeirri fjárveitingu.

5. Gerðar tillögur um áætlun tekna 1921.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a. | Fyrir | seldan áburð . . . . . . . | kr. | 1.000.00 |
| b. | " | auka-sorphreinsun . . . . . | " | 300.00 |
| c. | " | hesta og vagna . . . . . | " | 40.000.00 |
| d. | " | bifreiðar . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| e. | " | sand og möl . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. Til útgjalda liðins c., d, og e eru áætlaðar jafnar upphæðir, eða samtals 60 þús. kr.

7. Lagt fram erindi frá laugavörðunum þess efnis, að gert verði við bekki og borð í laugahúsunum, og ákvað nefndin að sú viðgerð fari fram nú þegar.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm.Ásbjörnsson, með fyrirvara. Pétur Halldórsson.

Sig. Thoroddsen. Gunnlaugur Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920, miðvikudaginn 8. desember, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekin fyrir fjárhagsáætlunin eins og hún liggur fyrir eftir framhaldumræður bæjarstjórnarinnar 2. desember, og í því sambandi breytingartillögur þær, sem fram eru komnar, og snerta áætlunarupphæðir veganefndar.

a. Meiri hluti nefndarinnar er enn þeirrar skoðunar, að ekki megi ætla minna fé til viðhalds gatna og ræsa en 100 þús. kr. eins og nefndin hefir áður lagt til, og leggur því til, að gjaldliður 38 verði þannig:
Viðhald gatna og ræsa . . . . . . . kr. 100.000.00.
En liðurinn 39 a. og b. falli burtu.

b. Nefndin álítur, í samráði við bæjarverkfræðing, að verði ákveðið að malbika og gera gangstéttir í Hverfisgötu neðan til, þá sé rétt að ganga frá götunni alla leið frá Hafnarstræti að Ingólfsstræti, og sé þá nauðsynlegt að veita til verksins 40 þús. kr., og gerir minni hluti nefndarinnar þá tillögu, að gjaldliður 38 orðist þannig:
Viðhald gatna og ræsa . . . . . . . . .kr. 60.000.00.
og gjaldliður 39 orðist svo:
Til malbikunar á Hverfisgötu og gangstétta frá Hafnarstræti að Ingólfsstræti . . . . . . . . .kr . 40.000.00.

c. Breytingartillaga hefir komið fram um að lækka fjárveitu til þrifnaðar, snjómoksturs o.fl. úr kr. 60.000.00/ niður í 45.000.00. - Nefndin er mótfallin því, að þessi liður verði lækkaður.

d. Tillaga hefir komið fram um að aftan við gjaldlið 22 komi sú athugasemd, að verkið við sorphreinsun bæjarins verði boðið út frá 1. júlí 1921. -
Nefndin er mótfallin tillögunni, vegna þess að hún álítur að verði ekki eins tryggilega leyst af hendi, ef einhverjum einstaklingi verði falið það.

e. Tillaga hefir komið fram um að lækka gjaldlið 34 úr 16 þús. kr. niður í 10 þús. kr.
Nefndin er mótfallin tillögunni, vegna þess, að ekki verður komizt hjá því, að byggja skýli yfir bifreiðir bæjarins, og ræður því frá að fjárhæðin verði lækkuð.

f. Breytingartillaga hefir komið fram um að lækka fjárhæðina til viðhalds og umsjónar með þvottalaugunum úr 12 þús. kr. niður í 8 þús. kr. -
Nefndin er mótfallin tillögunni, vegna þess að hún telur nauðsynlegt að laugavör búi á staðnum og að komið verði upp skýli til íbúðar handa honum, sem nefndin áætlar að muni kosta 3 þús. kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fund vantaði Gunnlaug Claessen, sem hafði boðað forföll.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimzen. Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Sig Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, laugardaginn 16. apríl, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Erindi frá búendum við Hverfisgötu um viðgerða á götunni vegna ófærðar. Vegna þess að bæjarstjórnin feldi við samning síðustu fjárhagsáætlunar tillögu veganefndar um fjárveitingu til gagngerrar viðgerðar á Hverfisgötu, sér nefndin sér ekki fært að sinna erindinu, en felur bæjarverkfræðini að athuga hvort eigi megi þegar klaka leysir með litlum kostnaði bæta verstu ófærurnar.

2. Lögð fram erindi frá Th. Thorsteinsson, dags. 17. nóv. 1920, og frá Sigurjóni Péturssyni, dags. 6. desember 1920, þar sem farið er fram á leyfi til að nota heitt vatn úr þvottalaugunum til iðnreksturs.
Nefndin sér sér ekki fært að leggja til, að umráðarétti yfir vatni úr þvottalaugunum sé ráðstafað til notkunar áður en nákvæmlega hefur verið rannsakað vatnsmagn lauganna og hitamagn, sem búast má við að verði notþæft til annarar en nú er.
Nefndin felur bæjarverkfræðingi að athuga núverandi fyrirkomulag á notkun vatnsins, og að gera þær rannsóknir, sem að ofan getur.
Jafnframt er bæjarverkfræðingi falið að athuga vatnsrennslið í sundlaugunum og að láta framkvæma þar viðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera.

3. Rætt um sundkennslumálið. Pétri Halldórssyni að tala við formenn Íþróttasambands Íslands og Íþróttasambands Reykjavíkur um fyrirkomulag á sundkennslu og eftirlit með sundlauginni.

Á fund vantaði Gunnlaug Claessen, sem hafði tilkynnt forföll.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson. H.Klittgaard Nielsen.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, laugardaginn 23. apríl, kl. 5 e.h., var fundur haldinn í veganefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Pétur Halldórsson gaf skýrslu um sundkennslumálið. Lagði hann fram tilboð frá þeim herrum Ólafi og Jóni Pálssonum um, að þeir væru fúsir til að taka að sér sundkennslu og umsjón með lauginni, gegn kr. 2500 tillagi úr bæjarsjóði, enda sé þeim heimilt að taka borgun fyrir kennsluna hjá öllum nema börnum innan fermingar, og sé borgunin ákveðin í samráði við veganefnd. Ennfremur sé þeim heimilt að taka 25 aura gjald af hverjum manni, sem ekki nýtur kennslu, fyrir að fara í laugina. Nefndin leggur til að gengið sé að þessu tilboði og sé sundkennslugjaldið ákveðið:

5 kr. bringusund,
4 kr. baksund,
10 kr. hraðsund

og er það samkvæmt tilboði þeirra.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Ágúst Jósefsson, sem ekki mun hafa fengið fundarboðið.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Pétur Halldórsson. Gunnlaugur Claessen.

H. Klitgaard-Nielsen. Guðm. Ásbjörnsson.

2. Nefndin leggur til að Páli Erlingssyni, sundkennara verði veitt 600 kr. eftirlaun með dýrtíðaruppbót. x

x Þessi grein lesist í beinu framhaldi af 1. lið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, miðvikudaginn 11. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Rætt um sundkennslumálið. Á fundinum mættu þau Ingibjörg Brands og Ólafur Pálsson, sundkennarar. - Ingibjörg Brands ba bauðst til að taka að sér að kenna barnaskólastúlkubörnum sund í sumar, 3 - 3 1/2 mánuð fyrir 500 kr., og samþykkti nefndin það tilboð hennar, og féllzt Ólafur Pálsson á þessa ráðstöfun.

2. Lagt fram frumvarp til reglugjörðar fyrir sundlaugarnar, og var borgarstjóra falið að ganga endanlega frá henni í samráði við Ólaf Pálsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Gunnlaugur Claessen.

Ólafur Pálsson. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, mánudaginn 8. ágúst, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Út af erindum Sveins Teitssonar, Laugavegi 97, skýrði bæjarverkfræðingur frá því, að það hefði orðið að samkomulagi milli borgarstjóra og bæjarverkfræðings annars vegar og Sveins Teitssonar hinsvegar, að bærinn annaðist á sinn kostnað gröft á skurði og ofanámokstri, en að Sveinn Teitsson legði til rörin og sæi um lagningu þeirra.

2. Lagt fram erindi frá Þórarni Arnórssyni á Melstað um skólpleiðslu í Grandaveg. Nefndin ákvað að fela bæjarverkfræðingi að athuga málið og gera kostnaðaráætlun um verkið.

3. Erindi Sveins Jónssonar í Doktorshúsi um skólpleiðslu frá húsi sínu vísaði nefndin til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Bæjarstjórnin hafði á fundi 4. þ.m., vísað til veganefndarinnar erindi bæjarverkfræðings til bæjarstjórnarinnar, dags. 3.þ.m., út af byggingu baðhúss við barnaskólann.
Út af erindi þessu hefir nefndin athugað, að bæjarverkfræðingurinn hefir enn ekki fengið erindisbréf, en að það muni vera í undirbúningi.
Vegna þess að málið horfir þannig við, leggur nefndin til að bæjarstjórnin samþykki eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórnin samþykkir, að bæjarverkfræðingur hafi yfirumsjón með öllum verklegum framkvæmdum, sem unnnar eru á kostnað bæjarsjóðs, og ekki heyra beint undir aðra verkfræðinga, sem eru í þjónustu bæjarins. Télur bæjarstjórnin því sjálfsagt, að bæjarverkfræðingur sé hafður i ráðum með uppdrátt og samninga við baðhússbyggingu við barnaskólann og að hann hafi eftirlit með framkvæmd verksins.

Á fund vantaði Gunnlaug Claessen, sem boðaði forföll, og Pétur Halldórsson, sem er fjarverandi úr bænum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sigurður Jónsson. Ágúst Jósefsson.
Guðm. Ásbjörnsson. H. Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, laugardaginn 1. oktober, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lesin skýrsla frá Ingibjörgu Brands um sundkennslu í sumar. Út af skýrslunni var bæjarverkfræðingi falið að athuga hvað gera þurfi við sundlaugina og skýra nefndinni frá því áður fjárhagsáætlun er samin.

2. Erindi frá Skautafélagi Reykjavíkur um skautasvell á komandi vetri. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar til næsta fundar.

3. Erindi frá búendum við Rauðarárstíg um holræsi í stíginn. - Bæjarverkfræðingi falið að athuga málið og gera áætlun um kostnaðinn.

4. Erindi frá búendum við Grundarstíg um viðgerð á götunni. Samþykkt að bera ofan í stíginn.

5. Erindi frá húseigendum við Laugaveg sunnanverðan, milli Klapparstígs og Frakkastígs, viðvíkjandi gangstéttagjaldi, var ákveðið að svara þannig, að gangstéttin hafi sígið meira en gert var ráð fyrir, og verði viðgerð á gangstéttinni framkvæmd á næsta sumri.

6. Erindi frá Jónasi Jónssyni, Garði við Baldursgötu, um skólpræsi. Málinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Sig. Jónson. Ágúst Jósefsson.

Pétur Halldórsson. H. Klitgaard-Nielsen.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, 28. október, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum.

1. Erindi Sveins Jónssonar Doktorshúsi, um holræsi, sem á fundi veganefndar 8. ágúst var vísað til bæjarverkfræðings til athugunar, hefir verið afgreitt skrifstofuleiðina og verkið framkvæmt.

2. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings, um skautabraut. Kosnir í undirnefnd til að athuga málið ásamt bæjarverkfræðingi og gjöra tillögur um það, á næsta fundi, þeir Pétur Halldórsson. og Guðm. Ásbjörnsson.

3. Rætt um undirbúning fjárhagsáætlunar.
Ákveðið að halda fund bráðlega.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

M. Klitgaard-Nielsen. Pétur Halldórsson.

Gunnlaugur Claesen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, mánudaginn 7. nóvember, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra..

Þetta gerðist á fundinum:

1. Undirnefnd sú, sem falið var að athuga erindi Skautafélags Reykjavíkur um skautasvell á Austurvelli, , lagði til, að Skautafélaginu sé heimilað að gera skautasvell á Tjörninni fram með Tjarnargötu sunnanverðri, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings, en treystist ekki til vegna vatnsskorts að mæla með að skautasvell verði gert á Austurvelli á þessum vetri. - Ennfremur lagði nefndin til, að almennings-skautasvell verði gert á Tjörninni meðfram Tjarnargötu fyrir norðan svæði Skautafélagsins.

2. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár:

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs | kr. | 35.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . | " | 34.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . | " | 45.000.00 |
| d. | " hesthússins . . . . . . . . . | " | 34.000.00 |
| e. | " bifreiða . . . . . . . . . . | " | 10.000.00 |
| f. | " vinnu fyrir húseigendur . . | " | 5.000.00 |
| g. | " vinnustöðvar í Skólavörðuholt | " | 50.000.00 |
| h. | " sandtöku . . . . . . . . . . | " | 4.500.00 |
| i. | " efniskaupa . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |
| j. | " áhalda . . . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |
| k. | " götulýsingar . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| l. | " viðhalds gatna og ræsa . . . | " | 40.000.00 |
| m. | " malbikunar Hverfisgötu frá Ingólfsstr. að Smiðjustíg . | " | 40.000.00 |
| n. | " nýrra gatna (Freyjugötu) . . | " | 7.000.00 |
| o. | " viðh. og umsjón með þvottal. | " | 6.000.00 |
| p. | " viðh. á sundlaugum og til sundkennslu . . . . . . . .. | " | 8.000.00 |

<u>Tekjur:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Af hesthúsi . . . . . . . . . . . | kr. | 34.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . | " | 10.000.00 |
| c. | Endurgreidd vinnul. frá húseigendum | | 5.000.00 |
| d. | Af vinnustöð í Skólavörðuholti | " | 30.000.00 |
| e. | " sandtöku . . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |
| f. | " efniskaupum . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |

3. Nefndin frestar að gera tillögur um 3 beiðnir um skólpræsi í götur, sem áætlað er að kosti um 10.000 krónur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson. Pétur Halldórsson.
Gunnl. Claessen. Guðm. Ásbjörnsson. H. Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, þriðjudaginn 6. desember, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekið fyrir að nýju erindi um holræsi við Rauðarárstíg, Grandaveg og Sellandsstíg. - En áætlaður við öll þessi ræsi 10 þús. krónur:

| | | |
|---|---|---|
| Til Rauðarárstígs .......... | Kr. | 5.000.00 |
| " Grandavegar .......... | " | 4.000.00 |
| " Sellandsstígs .......... | " | 1.000.00 |

Nefndin mælir með að verkið verði framkvæmt á næsta ári, og ætlazt til að leirpípur verði notaðar, ef þær fást með viðunandi verði. Gerir nefndin því þá breytingartillögu við frumv. til fjárhagsáætlunar, að undir 7. gjaldflokk komi nýr liður:

Til holræsa ............... Kr. 10.000.00

2. Lagt fram tilboð frá Øgmundi Hanssyni í Hólabrekku, þar sem hann býðst til að taka að sér sorphreinsunina í bænum næstu tvö ár fyrir 35 þús.kr. hvort árið. - Málinu frestað og borgarstjóra og heilbrigðisfulltrúa falið að tala við Øgmund um málið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Gunnl.Claessen. Pétur Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1921, þriðjudaginn 13. desember, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Borgarstjóri og heilbrigðisfulltrúi gáfu skýrslu um viðtal þeirra við Øgmund Hansson út af tilboði hans um sorphreinsunina í bænum næsta ár. Vill Øgmundur taka þetta verk að sér um eitt ár fyrir 40 þús. krónur. - Nefndin sér sér ekki fært að mæla með því, að gengið sé að þessu tilboði.

Á fund vantaði Gunnlaug Claessen og Pétur Halldórsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. H. Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, föstudaginn 13. janúar, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Erindi frá Jóni Á Guðmundssyni, ostagerðarmanni, um að fá að nota vatnið úr nyrðri þvottalauginni til tilrauna með mysuostagerð. Biður hann um afnotaréttinn ókeypis til 1. júní~~xxxxxxxxx~~ n.k.

Nefndin telur, að unnt sé að koma nauðsynlegum tækjum til tilraunanna fyrir svo að ekki komi í bága afnot laugarinnar til þvotta, og álítur ekki þýðingarlaust að tilraunin sé gerð. Veitir nefndin því fyrir sitt leyti hið umbeðna leyfi, enda séu allar framkvæmdir gerðar í samráði við bæjarverkfræðing, og alls hreinlætis gætt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

H. Klitgaard-Nielsen. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, þriðjudaginn 4. apríl, kl.4 1/2 s.d., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi um viðgerð á sundlaugaveginum og hefir verið gert við hann til bráðabirgða, en nefndin telur líklegt að óumflýjanlegt verði að gera frekar við veginn á komandi sumri, og felur bæjarverkfræðingi að athuga það mál fyrir næsta fund nefndarinnar.

2. Rætt um sundkennslu á næsta sumri og var borgarstjóra falið að fá upplýsingar hjá Ólafi Pálssyni um sundkennslu síðastliðið ár og útvega tilboð frá honum um sundkennslu á komandi sumri.

3. Lagt fram erindi frá C.Zimsen um holræsi í Laugaveginn frá Barónsstíg að Rauðarárlæk. Bæjarverkfræðingi var falið að leyta fyrir sér, um hvað mikið þeir, sem eiga hús að þessum götukafla vilja leggja fram til þessarar holræsagerðar.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Hallbjörn Halldórsson og Björn Ólafsson, sem var erlendis.

Fundi slitið.

K.Zimsen. G.Claessen.

Guðm. Ásbjörnsson. H. Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, miðvikudaginn 3. maí, kl.4 1/2 s.d. var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Rætt um sundkennslu á þessu sumri og var ákveðið að ráða þau Ólaf Pálsson, Jón Pálsson og Ingibjörgu Brands til að annast kennsluna með sömu kjörum og síðastliðið sumar.

2. Tekið fyrir erindi C.Zimsen um holræsi í Laugaveginn frá Barónsstíg að Rauðarárlæk. Nefndin leggur til að holræsi sé lagt í þennan kafla, með því skilyrði, að þessir húseigendur, sem eiga húsið á horninu á Laugavegi og Hringbraut, greiði kr. 1000 til holræsagerðarinnar.

3. Bæjarstjórnin ákvað á síðasta fundi sínum að fela veganefnd að ákveða hvar bensingeymar yrðu settir niður í bænum. Veganefndin vill leyfa þeim Jónatan Þorsteinssyni og Steinolíufélaginu að setja bensingeyma niður á norðanverðu Lækjartorgi og Pétri Gunnarssyni á lóð hans við Vallarstræti, leyfið veitist til 5 ára fyrst um sinn, með 6 mánaða fyrirvara. Nefndin leyfir sér að leggja til, að tekið verði kr. 100.00 árgjald fyrir hvern geymir á Lækjartorgi og kr. 50.00 fyrir leyfið við Vallarstræti.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Björn Ólafsson, sem var veikur. Gunnl. Claessen veik af fundi áður en 3. lið var lokið.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson.

Hallbjörn Halldórsson. H.Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, þ.4. júlí kl. 4 1/2, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá "Hinu ísl. steinolíuhlutafélagi" um bensíngeyma. Félagið sækir um leyfi til þess að mega koma fyrir bensíngeymi á lóð sinni við Amtmannsstíg; hafði borgarstjóri veitt leyfið, enda var slökkviliðsstjóri því samþykkur fyrir sitt leyti.
Ennfremur sækir félagið um leyfi til þess að setja niður bensíngeymi austan við húseign O.Johnson $ Kaabers, við Hafnarstræti. Samþykkt að leyfa steinolíufélaginu að setja niður bensíngeymi á nefndum stað, en þá falli um leið úr gildi leyfi félagsins til að setja niður bensíngeymi á Lækjartorgi. Leyfið veitist til sama tíma og með sama uppsagnarfresti og sömu kjörum að öðru leyti, sem um getur í fundargjörð veganefndar þ. 3. maí þ.á.

2. Erindi frá Gísla Jónssyni vélstjóra, sem á í smíðum hús á horninu á Garðastræti og Bárugötu, er enn hefir eigi verið lögð. Sækir hann um leyfi til að mega leggja skólp- og gasæðar frá húseign sinni um væntanlega framlenging á Fischerssundi, að skólpræsinu og gasæðinni í Mjóstræti. Ennfremur fer hann fram á, að sér verði greiddur úr bæjarsjóði kostnaður sá, sem lagning þessi hefir í för með sér, þegar verkinu er lokið, eða þegar Garðastræti verður fullgjört.
Nefndin leggur til að bærinn kaupi skólpræsi það, sem Gísli Jónsson kann að leggja í væntanlega framlenging Fischerssunds fyrir það verð, sem samkomulag verður um, eða samkvæmt mati óvilhallra manna, þegar Fischerssund verður lagt, enda sé verkið unnið samkvæmt fyrirmælum bæjarverkfræðings.

Á fund vantaði Guðm. Ásbjörnsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Björn Ólafsson.

Hallbjörn Halldórsson. Gunnl. Claessen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, þriðjudaginn 25. júlí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi, þar sem hann mótmælir uppsögn sinni, sem og því hvernig bærinn hafi notað sig og starfskrafta sína. Í bréfinu gerir hann kröfu til hálfs árs uppsagnarfrests, og mælir nefndin með því, að sú krafa verði tekin til greina. Hins vegar telur veganefndin rétt að fjárhagsnefndin ákveði hvort ferðakostnaður hans til Danmerkur verði greiddur úr bæjarsjóði eða ekki.

2. Lagt fram tilboð frá Gunnlaugi Péturssyni, þar sem hann býðst að taka að sér umsjón með sandtökunni á Eyðsgranda fyrir kr. 1200 á ári. Málinu frestað til næsta fundar.

3. Hjálmtýr Sigurðsson hefir boðið bænum lóðir þær, sem ganga undir götur af lóðunum nr. 11 við Grundarstíg og nr. 2 við Bjargarstíg, samtals 113,1 fermeter fyrir 6 kr. hvern fermeter. Nefndin leggur til að gengið sé að þessu tilboði.

4. Almar Normann sækir um leyfi til að fá að gera skólpræsi frá húsi sínu, sem hann er að byggja á lóðinni fyrir sunnan Valhöll, út í skurðinn fyrir austan lóðina. Holræsið er ætlast til að verði með rotþró (Septic Tank). Nefndin getur ekki mælt með hinu umbeðna leyfi, en leggur til að bærinn kaupi ræsi það, sem hann þarf að leggja í Tjarnargötu, þegar sú gata verður gerð, fyrir það verð sem samkomulag verður um, eða eftir mati óvilhallra manna.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Björn Ólafsson, sem er utanbæjar.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson.

Gunnl.Claessen. Hallbjörn Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, föstudaginn 1. september, kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinn á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. H. Benediktsson & Co. og Landsvezlunin sækja um leyfi til að setja upp benzingeyma á Lækjartorgi . Meiri hluti nefndarinnar vill veita hin umbeðnu leyfi, og verða geymarnir settir niður eftir nánari útvísun, að norðanverðu við torgið.

2. Rætt um tilboð Gunnlögs Péturssonar, um umsjón með sandtöku á Eyðsgranda. Nefndin leggur til að tilboði hans sé tekið og að Margrími Gíslasyni verði sagt upp starfinu frá næstu áramótum að telja.

3. Gunnlaugur Claessen vakti máls á því, að rétt væri að veganefndin hugsaði fyrir stað undir væntanlega bálstofu til líkbrennslu.

4. Þá var rætt um ýmislegt viðvíkjandi fjárhagsáætlun næsta ár.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm.Ásbjörnsson. Gunnl. Claessen.

Hallbjörn Halldórsson. Björn Ólafsson.

H.Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, þriðjudaginn 3. október, kl. 6 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Á fundi bygginganefndar 30. september, var byggingafulltrúa falið að sjá um, að girðing, sem hafði verið sett niður hjá húsinu nr. 13 við Laufásveg yrði rifin niður. Veganefndin leggur til, að hornið á umræddri lóð, að stærð 38,75 fermetrar, verði keypt af lóðareiganda til breikkunar á Laufásvegi.

2. Lagt fram erindi frá 3 búendum við Bárugötu um holræsi í nokkurn hluta götunnar. Bæjarverkfræðingi falið að rannsaka málið.

3. Tekið fyrir erindi Jónasar Eyvindssonar og Jóels Úlfssonar um holræsi í framhald Hringbrautar neðan Laugavegar. Bæjarverkfræðingi falið að athuga hvað tiltækilegast verði með holræsi á þessum stað.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Sig. Jónson.

Gunnl.Claessen. Hallbjörn Halldórsson.

Björn Ólafsson. H.Klitgaard-Nielsen.

Guðm.Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, þriðjudaginn 17. október, kl. 6 1/2 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Tekið fyrir erindi Jónasar Eyvindssonar og Jóels Úlfssonar , um holræsi í framhald Hringbrautar. Bæjarverkfræðingur hafði rannsakað málið og lagði til að holræsið yrði lagt í Hverfisgötu milli Barónsstígs og Rauðarárxxxxxx-læks og í Hringbraut milli Laugavegar og Hverfisgötu og gerir ráð fyrir að þetta kosti kr. 5500. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að þetta verk verði unnið nú þegar, gegn 600 kr. tillagi frá umsækjendum.

2. Lesið upp bréf frá Kvennadeild Jafnaðarmannafélagsins, um ýmsar endurbætur í þvottalaufunum, þar á meðal raflýsinar. Bæjarverkfræðingi var falið að rannsaka hvað hægt væri að gera í þessu efni og koma fram með tillögur, fyrir næsta fund nefndarinnar.

3. Erindi frá 3. búendum við Bárugötu, um holræsi í götuna, tekið fyrir á ný. Nefndin sér ekki ástæðu til að verða við þessari beiðni.

4. Bæjarverkfræðingur lagði fram áætlun um hvað kosta mundi að gera Garðastræti milli Vesturgötu og Túngötu, ef gatan yrði púkkuð, gerir hann ráð fyrir að hún kosti kr. 55.000 - 60.000.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Sig. Jónson.

Gunnl. Claessen. Guðm.Ásbjörnsson.

Hallbjörn Halldórsson. H.Klitgaard-Nielsen.

Björn Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, miðvikudaginn 22. nóvember, kl. 4. síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lesið upp erindi frá 3. búendum í í Kaplaskjóli, um 200 kr. tillag úr bæjarsjóði,til viðhalds á vegi, sem liggur frá Kaplaskjólsveginum, niður að sjó hjá Austurkoti. Gera þeir ráð fyrir að endurbætur á veginum muni kosta 500 kr. og vilja þeir leggja til viðgerðarinnar 300 kr. frá sér. Veganefndin leggur til að veittar verði 200 kr. í þessu augnamiði.

2. Erindi frá Skautafélagi Reykjavíkur um að fá leyfi til að gera skautasvell á Austurvelli og til vara heimild til brautarsvæðis á Tjörninni. Ennfremur sækir félagið um kr.1000.00 styrk úr bæjarsjóði. Nefndin mælir með því, að félaginu verði heimilað að gera skautasvell á Tjörninni eins og síðast liðinn vetur, en sér sér ekki fært að mæla með fjárveitingu til félagsins.

3. Sveinn M. Hjartarson fer fram á að bærinn láti gera við veginn, sem liggur frá Kennaraskólanum niður að Breiðabóli. Nefndin vill ekki mæla með þessari beiðni.

4. Tekið fyrir á ný erindi Kvennadeildar Jafnaðarmannafélagsins, um endurbætur á þvottalaugunum. Bæjarverkfræðingur gaf skýrslu um málið og lagði fram áætlun um hvað þær endurbætur, sem um ræðir í erindinu, mundu kosta. Nefndin vill láta rannsaka hvort ekki sé kleyft að byggja haganlegt þvottahús við laugarnar eða í bænum og leiða þangað heita vatnið, og vill því ekki að svo stöddu leggja til að gerðar verði gagngerðar breytingar á núverandi þvottahúsum, en vill að nauðsynlegar viðgerðir verði gerðar á húsunum og bætt úr lýsingunnk, sérstaklega utanhúss. Leggur nefndin til að borgarstjóra sé falið að láta gera áætlun um byggingu nýs þvottahúss, í tæka tíð áður en næsta fjárhagsáætlun verður samin.

5. Tekið fyrir erindi frá eigendum Geirstúns um lagningu á Garðastræti, Öldugötu og Bárugötu og bjóðast þeir til að greiða götugjaldið kr. 2,00 af fermetra lóðanna verði göturnar gerðar. Ennfremur vilja þeir láta þær lóðir, sem fara undir göturnar ókeypis af hendi. Bæjarverkfræðingur áætlar að sá hluti þessara gatna, sem um er að ræða, muni kosta 45.000 - fjörutíu og fimm þúsund krónur, verði göturnar púkklagðar og með kantsteinum. Holræsi er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

innifalið í verðinu, en ekki vatns- og gasleiðslur. Tillag frá lóðareigendum ætlar nefndin að muni nema ca. kr. 18.000.00. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin veiti kr. 27.000.00 til framkvæmda þessa verks nú þegar, sem aukafjárveitingu, er borgist með láni. Það sé skilyrði að lóðareigendur greiði fyrirfram hið ákveðna gjald af lóðunum.

6. Þá var ákveðið að halda fund í nefndinni næstkomandi máudag kl. 4 síðdegis til að gera tillögur til fjárhagsáætlunar.

Fleira gerðist ekki.

Heilbrigðisfulltrúi og bæjarverkfræðingur mættu á fundinum.

Fundi slitið.

K.Zimsem. Hallbjörn Halldórsson.

Gunnl. Claessen. Guðm.Ásbjörnsson.

Björn Ólafsson. Ágúst Jósefsson.

H.Klitgaard-nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, mánudaginn 27. nóvember, kl.4 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Gjöld.

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs | kr. | 35.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . . | " | 28.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . | ". | 40.000.00 |
| d. | " hesthússins . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| e. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| f. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . | " | 10.000.00 |
| g. | " vinnustöðvar í Skólavörðuholtinu | " | 50.000.00 |
| h. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . | " | 2.000.00 |
| i. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |
| j. | " áhalda: 1)til skýlisbygginga 8000kr. 2) tjörudreifara 2500 - 3) gangstéttavaltara 8000 - 4) smááhöld og aðgerða 4000 - | " | 22.500.00 |
| k. | til götulýsingar . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| l. | " viðhalds gatna . . . . . . . . . | " | 50.000.00 |
| m. | " malbikunar Hverfisgötu frá Smiðjustíg að Vatnsstíg . . . | " | 60.000.00 |
| n. | " nýrra holræsa . . . . . . . . . | " | 10.000.00 |
| o. | " viðhalds og umsj. með þvottalaug | " | 7.000.00 |
| p. | " viðhalds og ums. með sundlaugunum | | 6.000.00 |
| q. | " útibekkja . . . . . . . . . . . | " | 3.000.00 |

Tekjur.:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | af hesthúsi. . . . . . . . . . . . | Kr. | 30.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| c. | " endurgr. vinnu frá húseigendum | " | 10.000.00 |
| d. | " vinnustöð í Skólavörðuholti | " | 30.000.00 |
| e. | " sandtöku . . . . . . . . . . . | " | 2.000.00 |
| f. | " efniskaupum . . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |

Fleira gerðist ekki.
Á fundinum mætti heilbrigðisfulltrúi.
Fundi slitið.

K.Zimsen.
Guðm. Ásbjörnsson. Hallbjörn Halldórsson.
Björn Ólafsson. Ágúst Jósefsson.
Gunnl. Claessen. H.Klitgaard-Nielsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 2. maí 1923, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram bréf frá Inginjörgu Brands um sundkennslu í sumar í laugunum og fer hún fram á að fá viðbót við laun sín, til þess að geta fengið sér aðstoð, 100 kr. fyrir mánuðinn. Samþykkt að veita henni sömu laun og áður (kr. 500) án nokkurrar viðbótar.

2. Samþykkt að sundkennsla í sumar fyrir drengi og karlmenn verði með sömu kjörum og í fyrra.

3. Bréf frá Halldóru Björnsdóttur, Spítalastíg 5, um leyfi til að mega byggja skýli við þvottalaugarnar, til þess að nota laugavatnið til lækningar sér og öðrum. Nefndin felur borgarstjóra að leita álits bæjarlæknis um þetta.

4. Tilboð um tjörudreifara frá H.Klitgaard-Nielsen Rvík. og V.Löwener, Kbh. Samþykkt að kaupa tjörudreifara hjá V. Löwener ef verðið fer ekki yfir kr. 2500.00 hingað komin.

5. Rætt um kaup á útibekkjum. Ákveðið að láta smíða bekkina hér í bænum.

Gunnlaugur Claesen er ekki á fundinum.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Björn Ólafsson.

Hallbjörn Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hinn 17. júlí 1923, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Eggerti Claessen bankastjóra, um leyfi til þess að færa á eigin kostnað veg frá Suðurgötu (Melaveg) að Skildinganesi, sunnan til á Melunum. Nefndin mælir með því að leyfið verði veitt, með því skilyrði, að vegurinn verði burtu tekinn ef bæjarstjórnin kynni síðar að telja vegarspotta þenna verða í vegi fyrir framkvæmdum bæjarins á þessu svæði. Umsókninni fylgir uppdráttur er sýnir hið fyrirhugaða vegarstæði.

2. Rætt um að leggja holræsi í Laufásveg frá því á móts við Ingólfshús við Njarðargötu. Áætlaður kostnaður við verkið kr. 9000.00 - er gert ráð fyrir að húseigendur við Njarðargötu og Laufásveg muni greiða allt að kr. 2000 - Nefndin mælir með að borgarstjóra skuli heimilað að láta vinna þetta verk, ef unnt er án aukafjárveitingar og verja til þess fé er afgangs kann að verða á þessu ári af fjárveitingu til annara verklegra framkvæmda.

Fjarverandi voru Björn Ólafsson og Guðm. Ásbjörnsson, sem báðir eru erlendis.

Fleira ekki tekið (fyrir).

Fundi slitið.

K,Zimsen.

Hallbjörn Halldórsson. Gunnl. Claessen.

---

Ár 1923, miðvikudaginn 17. oktob. kl. 4.30 síðdegis, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

Geir G. Zoëga sækir um leyfi til að taka 800 - 1000 teningsmetra af ofaníburði á melunum, til uppfyllingar í nýja Kirkjugarðinum. Nefndin lítur þannig, að það sé nú þegar búið að taka of mikinn ofaníburð á melunum, og vill ekki fyrir sill leyti mæla með því, að þetta verði leyft.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K.Zimsen. Björn Ólafsson. Gunnl. Claessen.
Hallbjörn Halldórsson. Guðm.Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, þriðjudaginn 20. nóvember, kl. 5 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram erindi frá lóðareigendum við Hallveigarstíg, sem er fyrirhugaður milli Bergstaðastrætis og Ingólfsstrætis, um að leggja holræsi í stíginn og gera hann nú þegar. Gert er ráð fyrir að götu- og holræsisgerðin kosti um 30.000 krónur og sér nefndin sér ekki fært að mæla með því, að bæjarstjórnin verði við þessari beiðni. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki heldur mæla með því að holræsið verði gert nú, þar sem það eitt er áætlað að kosta um 4.000 krónur.

2. Tekið fyrir erindi frá nokkrum búendum við Öldugötu um að leggja holræsi í fyrirhugað framhald götunnar og helzt að gera götuna um leið. Áætlað er að holræsið mundi kosta 1.700 krónur, en þar sem ekki er búið að byggja nema eitt hús á þessu svæði, vill nefndin ekki mæla með þessari beiðni. Ef ætti að gera götuna með holræsi er áætlaður kostnaður 17.700 krónur.

3. Lagt fram erindi frá nokkrum búendum við Kárastíg og Njálsgötu út af vatnsrennsli frá húsinu nr. 33B við Skólavörðustíg. Nefndin telur húeiganda hússins nr. 33B við Skólavörðustíg skylt að bæta úr þessu á sinn kostnað.

4. Nokkrir húseigendur og íbúendur við Skálholtsstíg og Bjargarstíg fara fram á að gert verði við þessar götur. Áætlað er að viðgerð sú, sem óskað er eftir muni kosta 17.000 krónur. Nefndin vill ekki mæla með þessari beiðni.

5. Haraldur Nielsson óskar eftir að gert verði við Mjóstræti. Nefndin vill láta bera ofan í götuna á næsta sumri.

6. Skautafélag Reykjavíkur sækir um leyfi til að gera skautasvell á Austurvelli. Meiri hluti nefndarinnar vill fyrir sitt leyti verða við þessari beiðni og felur borgarstjóra að semja nánara við Skautafélagið.

7. Lögð fram bráðabirgðaskýrsla um rannsókn á því, hvort tiltækilegt væri að flytja heita vatnið úr þvottalaugunum til bæjarins. Þessum rannsóknum verður haldið áfram.

8. Lögð fram áætlun rafmagnsstjóra um lýsingu í þvottalaugunum, þar sem hann ætlaðist til að leiðslan liggi fram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með Sundlaugaveginum (nýja og gamla) hjá Sundlaugunum og meðfram Þvottalaugavegi. Kostnað við leiðsluna frá spennistöðinni hjá Bjarmalandiáætlar hann 6.450 krónur og ætlast hann til að rafmagnsveitan borgi 3.500 krónur af þessum kostnaði, með hliðsjón af því, að þá fái rafmagnsveitan fleiri notendur á þessu svæði. Ennfremur er kostnaður við lýsingu í þvottalaugunum úti og inni áætlaður 1.700 krónur. Nefndin mælir með því að ráðist verði í að raflýsa þvottalaugarnar, og telur víst að þeir sem þegar hafa beðið um leiðslu á þessari leið verði fúsir til að taka einhvern þátt í kostnaðinum.

9. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

<u>Gjöld:</u>

a. til þrifnaðar og snjómoksturs. . . . kr. 30.000.00
b. " salernahreinsunar . . . . . . . . . "

Kl. 9.25 var fundi frestað.
Á fundinum mættu heilbrigðisfulltrúi og Aaderup verkfræðingur.

K.Zimsen.

Guðmundur Ásbjörnsson. Gunnl. Claessen.

Hallbjörn Halldórsson. Björn Ólafsson.

Ágúst Jósefsson. G.J. Aaderup.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, þriðjudaginn 27. nóvember, kl.4.30 síðdegis kom nefndin saman aftur á skrifstofu borgarstjóra, til þess að ljúka við tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | til þrifnaðar og snjómoksturs . . . | kr. | 30.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . . . . . . | " | 22.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . | " | 37.000.00 |
| d. | " hesthússins . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| e. | " bifreiðar . . . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| f. | " vinna fyrir húseigendur . . . . . | " | 10.000.00 |
| g. | " vinnustöðvar í Skólavörðuhlti . . | " | 40.000.00 |
| h. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |
| i. | " áhalda . . . . . . . . . . . . | " | 3.000.00 |
| j. | " götulýsingar . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| k. | " viðhalds gatna . . . . . . . . . . . | " | 60.000.00 |
| l. | " nýrra holræsa . . . . . . . . . . . | " | 7.500.00 |
| m. | " viðhalds og umsjónar með þvottalaugunum | | 5.000.00 |
| n. | " rafmagnslýsingar í do. | " | 5.000.00 |
| o. | " viðh. og umsjón með sundlaugunum | " | 5.000.00 |

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | af hesthúsi . . . . . . . . . . . . . . | kr. | 25.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| c. | " endurgreiddri vinnu f. húseigendur | " | 10.000.00 |
| d. | " vinnustöð í Skólavörðuholti . . . | " | 30.000.00 |
| f. | " efniskaupum . . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |

2. Þá var rætt um skólpræsin frá miðbænum, og þörfina á því að koma afrennslinu í betra horf en nú. Borgarstjóra var falið að rannsaka málið og láta gera kostnaðaráætlun um það, hvað kosta muni að koma afrennslinu út fyrir höfnina.

Fleira gerðist ekki.

Heilbrigðisfulltrúi mætti á fundinum.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Björn Ólafsson. Gunnlaugur Claessen.

Hallbjörn Halldórsson. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, þriðjudaginn 4. marz kl. 10 f.m., kom veganefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. -

Nefndina skipa nú:
Borgarstjóri, Guðmundur Ásbjörnsson, Gunnlaugur Claessen, Björn Ólafsson og Ágúst Jósefsson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagt fram tilboð frá firmanu V.Löwener Kbhöfn, um kaup á götutætara (?), sem firmað vill selja á kr. 1700.00 danskar. - Nefndin samþykkti að kaupa þetta áhald.
2.
2. Út af erindi frá Jóni Pálssyni og Ólafi Pálssyni sundkennurum, ákvað nefndin að sundkennslunni verði hagað í ár eins og undanfarin ár og að greiða sundkennurunum kaup sitt mánaðarlega, eins og þeir fara fram á.

3. Lagt fram erindi frá búendum við Rauðarárstíg um holræsi í framhald Grettisgötu fyrir austan Rauðarárstíg. Nefndin ákvað að athuga málið nánara.

4. Rætt um erindi Landsspítalanefndar viðvíkjandi spítalastæði við laugarnar. Ákveðið að ræða málið á sameiginlegum fundi veganefndar og fasteignanefndar innan skamms.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Björn Ólafsson. Gunnl. Claessen.

Ár 1924, þriðjudaginn 7. október, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Rætt um fjárhagsáætlun fyrir næsta ár, en engin ákvörðun tekin.

Fleira ekki gert.
Á fund vantaði Gunnlaug Claessen.
Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.
Björn Ólafsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, föstudaginn 24. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra. til að gera tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Þessar tillögur voru gerðar:

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs . . . . | Kr. | 35.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . | " | 40.000.00 |
| d. | " hesthússins . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| e. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| f. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . . | " | 10.000.00 |
| g. | " vinnustöðvar í Skólavörðuholtinu . | " | 40.000.00 |
| h. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |
| i. | " áhalda, þar með gangstéttav-10.000 | " | 13.000.00 |
| j. | " götulýsingar . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| k. | " viðhalds gatna . . . . . . . . . . | " | 80.000.00 |
| l. | " nýrra gatna . . . . . . . . . . . | " | 80.000.00 |
| m. | " nýrra holræsa. . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |
| n. | " viðhalds og ums. við þvottalaugarnar | | 4.000.00 |
| o. | " " og umsjónar með sundlaugunum | " | 4.000.00 |
| p. | " útibekkja . . . . . . . . . . . . . | " | 3.000.00 |
| q. | " sandtökuverkfæra . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| r. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |
| s. | " almenningssalernis . . . . . . . . | " | 25.000.00 |

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | af hesthúsi . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . | " | 15.000.00 |
| c. | " endurgr. vinna fyrir húseigendur | " | 10.000.00 |
| d. | " vinnustöð í Skólavörðuholtinu " | " | 30.000.00 |
| e. | " efniskaupum . . . . . . . . . . . . | " | 4.000.00 |

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnlaugur Claessen.
Ágúst Jósefsson. Björn Ólafsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, mánudaginn 15. desember, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Jakobi Thorarinsem, þar sem hann fer fram á að bæjarstjórn kaupi af honum vegarspotta frá Skálholtsstíg meðfram lóð Fríkirkjunnar. Lóðin þessi er 150 fermetrar að stærð, vill Jakob selja hana fyrir 800 kr. Á lóðinni hvílir þinglesin umferðar kvöð til handa íshúsinu Herðubreið.
Samþykkt að fela bæjarverkfræðingi að athuga málið sem fyrst.

2. Lögð fram skýrsla frá Ólafi og Jóni Pálssonum um sundkennslu í sundlaugunum árið 1923.
Skyrslan sýnir að sundkennslu hafa notið:
80 drengir úr barnaskólanum.
60 nemendur úr Sjómannaskólanum
18 " " Kvennaskólanum
25 " " Samvinnuskólanum
80 " " Menntaskólanum.
Auk þess notuðu kennslu 75 einstakir menn og 65 stúlkur.

3. Lagt fram erindi frá sundkennurunum um ýmsar smáviðgerðir við sundlaugina, girðingar o.fl. Bæjarverkfræðingi falið að láta framkvæma hið umbeðna eftir því sem hann telur þurfa.

4. Lögð fram umsókn frá Jóni og Ólafi Pálssonum um sundkennsluna næsta ár. Nefndin leggur til, að þeim verði veitt starfið með somu kjörum og yfirstandandi ár, og að þeim verði greitt kaup sitt með jöfnum mána argreiðslum.

5. Lagt fram erindi frá fiskiveiðafélaginu Draupnir o. fl. um viðgerð á Laugarnesveginum að Sundlaugaveginum.
Erindinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

6. Veganefndin felur borgarstjóra að hlutast til um, að lóð fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna við Hverfisgötu og Ingólfsstræti verði girt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
settur borgarstjóri      Ágúst Jósefsson.

Gunnl. Claessen.   Björn Ólafsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, miðvikudaginn 18. marz, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Út af erindi frá búendum við Spítalastíg var bæjarverkfræðingi falið að láta, þegar þýtt er orðið, bera ofan í stíginn frá Bergstaðastræti að Ingólfsstræti.

2. Samþykkt að fela bæjarverkfræðingi að láta gera við Kaplaskjólsveginn, sem nú er orðinn ófær til umferðar.

3. Rætt um framhald á rannsókn á heita vatninu í laugunum og kostnað við rannsóknina.

4. Út af ágreiningi um eignarétt á Kolasundi norðan Hafnarstrætis var lagður fram samningur, dags. 30. sept. 1905, milli O. Thomsens og bæjarstjórnarinnar, um mörk lóðar hans milli Hafnarstrætis og sjávar.
Veganefndib ákvað að skjóta því til úrskurðar bæjarstjórnar, hvort ágreiningi þessum skuli vísað til merkjadóms til úrskurðar.

5. Tekið fyrir erindi Jakobs Thorarensens um kaup á vegarstæði austanvert við Fríkirkjuna. Lagt var fram erindi frá stjórn Fríkirkjusafnaðarins, sem óskar að vegur þessi verði framvegis opinber vegur, þar sem hún telur það mjög æskilegt vegna aðgangs að kirkjunni. Nefndin er að vísu ekki sammála um nauðsyn vegarins vegna Fríkirkjunnar, en meiri hlutinn leggur þó til, að bæjarstjórnin verði við tilmælum safnaðarstjórnarinnar og kaupi umrætt vegarstæði fyrir 800 krónur.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem hafði boðað forföll.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen.

Björn Ólafsson. Gunnl. Claessen.
Valgeir Björnsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 2. maí kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi margra búenda við Bræðraborgarstíg um aðgerð á stígnum. Nefndin ákvað að láta bera ofan í stíginn og felur bæjarverkfræðing að gera áætlun um fullkomna viðgerð á honum.

2. Lagt fram bréf frá nokkrum búendum við Fálkagötu, um viðgerð á götunni. Málinu var frestað og falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Ingibjörg Brands fer fram á að þóknun hennar fyrir sundkennslu verði hækkuð. Nefndin ákvað að fresta að gera tillögu um þetta, þangað til skýrsla væri komin frá henni, um sundkennsluna síðastliðið ár, og þau ár, sem hún hefir ekki gefið skýrslu um.

4. Tekið fyrir erindi frá Sólvallafélaginu um að bærinn leggi nú þegar holræsi vatn- og gasæðar í götu þá sem gert er ráð fyrir að lögð verði frá Hólatorgi að Ási. Nefndin leggur til að bæjarstjórn verði við þessu erindi, með því skilyrði að Sólvallafélagið greiði bæjarsjóði 10 þúsund krónur, upp í götugjald , fyrir lok október þ.á. , og það sem þá verður eftir af götugjaldinu strax og bæjarstjórnin hefir samþykkt að gera götuna.

5. Nokkrir húseigendur, sem búa utan við það svæði, sem bærinn lætur framkvæma hreinsun á, fara fram á ívilnun á húsagjaldi. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin veiti þeim mönnum, sem búa á því svæði, sem hér er um að ræða, ívilnun, sem svari því er hreinsun á hreinsunarsvæðinu kostar og telst það vera 30% af húsagjaldinu.

6. Jes Zimsen sækir um leyfi til að setja upp benzingeymi á horninu við Kalkofnsveg, við spennistöðina sem stendur í garði hans, gegn venjlegu gjaldi. Nefndin leggur til að honum verði leyft að setja upp geymirinn á þessum stað.

Fleira ekki tekið fyrir.

Á fund vantaði Gunnlaug Claessen.

Fundi slitið.

K.Zimsen.
Guðm. Ásbjörnsson. Björn Ólafsson. Ágúst Jósefsson.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, miðvikudaginn 29. júlí, var fundur haldinn í veganefnd í skrifstofu borgarstjóra.

1. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að Hverfisgata sé malbikuð innm að Vitastíg og að Laugavegur sé malbikaður milli Vitastígs og Barónsstígs. Við malbikun Hverfisgötu hefir komið í ljós, að verkið reynist torsótt og mun verða lokið talsvert síðar en gert var ráð fyrir í fyrstu. Þar eð ekki er hægt að byrja aðgerð á Laugavegi fyrr en Hverfisgötu er lokið, og það verður seint í sumar, ákvað nefndin að láta ekki gera við Laugaveginn eins og ákveðið en láta í þess stað malbika Hverfisgötu inn að Baeónsstíg. Nefndin gerir ráð fyrir að þetta hafi engin aukin fjárútlát í för með sér.

2. Erindi frá Sambandi Isslezkra Samvinnufélaga um að holræsi í Rauðarárstíg verði framlengt á móts við lóð þá, sem Sambandið hefir fengið á leigu undir skúr til garnahreinsunar. Samþykkt að verða við þessari beiðni gegn því að Sambandið greiði 300 krónur.

3. Erindi frá I.Brands um hækkun á launum fyrir sundkennslu, 6000 krónur í stað 500 krónur, sem nú er. Samþykkt að verða við beiðni þessari.

Fundi slitið.

K.Zimsen.
Gunnlaugur Claessen. Björn Ólafsson.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 7. nóvember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Rætt um tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár og ákvað nefndin að gera þessar tillögur:

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs . . . . . . . | Kr. | 40.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . . . . . . . | " | 24.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . . | " | 50.000.00 |
| d. | " hesthúss . . . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| e. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . . . . | " | 20.000.00 |
| f. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . . . | " | 5.000.00 |
| g. | " vinnustöðvar . . . . . . . . . . . . . . . | " | 60.000.00 |
| h. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |
| i. | " áhalda . . . . . . . . . . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |
| j. | " grjótkvarnar með umbúnaði . . . . . . . . | " | 22.000.00 |
| k. | " bikunarumbúnaðar . . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |
| l. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . . . | " | 20.000.00 |
| m | " götulýsingar ~~30/0~~. . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| n. | " viðhalds gatna. . . . . . . . . . . . . . . | " | 70.000.00 |
| o. | " nýrra gatna . . . . . . . . . . . . . . . | " | 60.000.00 |
| p. | " nýrra holræsa . . . . . . . . . . . . . . | " | 26.000.00 |
| q. | " viðhalds og umsjónar með þvottalaug. | " | 4.000.00 |
| r. | " viðhalds og umsjónar m. sundlaugunum | " | 5.000.00 |

Tekjur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | af hesthúsi . . . . . . . . . . . . . . . . | Kr. | 25.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . . . . | " | 20.000.00 |
| c. | " endurgr. vinna fyrir húseigendur . . . | " | ~~3~~5.000.00 |
| d. | " vinnustöðinni . . . . . . . . . . . . . | " | 50.000.00 |
| e. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . . | " | 20.000.00 |
| f. | " efnissölu . . . . . . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Björn Ólafsson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

K.Zimsen.
Guðm. Ásbjörnsson. Gunnlaugur Claessen.
Ágúst Jósefsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, miðvikudaginn 20. jan., kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í veganefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Tekin fyrir umsókn Landsverzlunarinnar um leyfi til að hafa benzingeymi á horninu að austanverðu milli Tryggvagötu og götu þeirrar, sem liggur frá Hafnarstræti niður á vestari uppfyllinguna.

Nefndin vill verða við þessari beiðni, með því skilyrði að geymirinn verði tekinn í burtu hvenær sem bæjarstjórnin krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara. Gjald greiðist sama og af öðrum benzingeymum í bænum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Gunnlaugur Claessen.

Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, þriðjudaginn 4. maí, kl. 10 f.h., var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa nú:

Borgarstjóri, Guðmundur Ásbjörnsson, Jón Ásbjörnsson, Björn Ólafsson og Ágúst Jósefsson.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá h/f."Herðubreið" um að félaginu verði leyft að byggja brú út í Tjörnina fram undan húsi félagsins við Fríkirkjuveg. Brúin er ætluð til aksturs á ís á vetrum. Nefndin vill ekki mæla með að þetta sé leyft.

2. Lagt fram erindi frá Steindóri Einarssyni um leyfi til að setja upp benzingeymi fyrir utan bifreiðastöð sína í Veltusundi eða á öðrum stað, sem næst stöðinni.
Nefndin leggur til að erindinu sé synjað..

3. Lagðar fram umsóknir um umsjónarstöðu við barnaleikvellina frá Petru Jónsdóttur og Ólafíu Lárusdóttur, þar sem ekk er hægt að nota leikvöllinn við Grettisgötu fyrst um sinn sökum viðgerar á götunni, var borgarstjóra falið að ráða Petru Jónsdóttur til að hafa umsjón á vellinum þegar hann er orðinn nothæfur.

4. Lagt fram erindi frá Almar Norman og Tryggva Ólafssyni um endurgreiðslu á kostnaði við lagningu á holræsi í framlengingu Tjarnargötu, kr. 1117.34. Nefndin leggur til að holræsið sé keypt af þeim nú þegar fyrir kr. 800.00

5. Lögð fram skýrsla frá Ingibjörgu Brands um sundkennslu í laugunum síðastliðið sumar.

6. Lagt fram erindi frá Íþróttasambandi Íslands um að gert verði á kostnað bæjarsjóðs byrgi við sundlaugarnar, sem nota á til sólbaða fyrir fólk, sem notar laugarnar.
Erindinu frestað.

Á fund vantaði Björn Ólafsson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Valgeir Björnsson. Ágúst Jósefsson.
Jón Ásbjörnsson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudag 26. maí 1926, var fundur haldinn í veganefnd í skrifstofu borgarstjóra.

1. Síðasti fundur bæjarstjórnar ákvað að fela veganefnd að sjá Steindóri Einarssyni fyrir stað undir benzingeymi milli húss Johnson & Kaaber og Eimskipafélagsins, gegn því að geymirinn verði fluttur þegar krafizt er með mánaðar fyrirvara. Meiri hluti nefndarinnar telur ótækt vegna umferðarinnar í Hafnarstræti að hafa benzingeymi í gangstétt götunnar og lítur svo á, að sé geymir, sem þar er og við Tryggvagötu, þurfi að flytjast burtu við fyrsta tækifæri. Ef benzinafgreiðsla á að fara fram við Hafnarstræti, eða þar í kring, telur meiri hluti nefndarinnar lóð hafnarinnar þann eina stað sem komi til greina. Minni hlutinn, Ágúst Jósefsson, vill veita Steindóri stað undir benzingeymi skammt frá þeim geymi, sem nú stendur við Hafnarstræti.

2. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra, um ákvörðun heilbrigðisnefndar um að lokræsi skuli gera frá húseignum Sig. Magnússonar og Sveins Jónssonar við Ránargötu. Ákveðið að fela bæjarverkfræðingi að koma því til leiðar, að skólp frá nefndum húseignum verði veitt um holræsi Guðmundar Þorsteinssonar.

3. Erindi frá heilbrigðisnefnd um kæru frá Jónasi Jónssyni, lögregluþjóni, yfir óþrifum af skólprennsli frá húsinu Brekkustíg 14 B. Nefndin telur sér ekki fært að leggja til að holræsi verði gert þarna fyrst um sinn.

4. Ályktun heilbrigðisnefndar að henni þyki mjög áfátt um skólpræsi og hreinsun í Grímsstaðaholti og óskar að mál þetta verði tekið til skjótrar athugunar. Nefndin ákvað að fresta málinu.

5. Tekið fyrir erindi Í.S.Í. um sólbaðsskýli við sundlaugarnar. Áður en frekar er farið út í þetta mál ákveður meiri hluti nefndarinnar að fela bæjarverkfræðingi, að gera nú þegar áætlun og tillögur um hvað gera þurfi til þess að endurbæta laugarnar og gera þær vel úr garði og taka sólskýlismálið sérstaklega til athugunar í þessu sambandi.

6. Lagt fram frumvarp til reglugerðar um íþróttavöllinn. Nefndin gerir engar athugasemdir eða tillögur um reglugerðina en leggur til að hún verði fjölrituð og send bæjarfulltrúunum til athugunar.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Björn Ólafsson.
Guðm. Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 12. nóvember 1926, var fundur haldinn ~~kl~~ í veganefnd hjá borgarstjóra.

1. Erindi frá Finni Ólafssyni, heildsala, um rkstur strætisvagna. Nefndin getur ekki sint erindinu.

2. Rætt um tillögur til fjárhagsáætlunar fyri næsta ár. Nefndin gerir þessar tillögur:

<u>Gjöld:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs . . . . . | kr. | 40.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . . . . . | " | 26.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . . | " | 45.000.00 |
| d. | " hesthúss . . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| e. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| f. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . . . | " | 5.000.00 |
| g. | " grjótnáms . . . . . . . . . . . . . | " | 60.000.00 |
| h. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |
| i. | " áhalda . . . . . . . . . . . . . . . | " | 3.000.00 |
| j. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| k. | " götulýsingar . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| l. | " viðhalds gatna . . . . . . . . . . . | " | 40.000.00 |
| m. | " holræsis frá lækjarósnum og austur fyrir hafnargarð . . . . . . . . . | " | 75.000.00 |
| n. | " viðhalds og umsjónar við þvottalaugarnar . . . . . . . . . . . . . | " | 5.000.00 |
| o. | " viðhalds og umsjónar með sundlaugar- | " | 5.000.00 |

<u>Tekjur:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | af hesthúsi . . . . . . . . . . . . . . | kr. | 25.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| c. | " endurg. f. vinnu fyrir húseigendur | " | 5.000.00 |
| d. | " grjótnámi . . . . . . . . . . . . . . | " | 50.000.00 |
| e. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| f. | " efnissölu . . . . . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ásbjörnsson.
Björn Ólafswon. Ágúst Jósefsson.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, föstudaginn 21. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram skýrslur um sundkennslu, frá Jóni Pálssyni og Ólafi Pálssyni, árin 1924 og 1925. Nemandafjöldi ~~xxxx~~ 1924 alls 427 og 1925 alls 376.

2. Lagt fram bréf frá Rutham Stuart , þar sem hann býðst til að gefa bænum skoskt furutré er gróðursetjist á Austurvelli vegna 1000 ára afmælis alþingis. Erindinu frestað.

3. Bæjarverkfræðingur lagði fram teikningu af pípum, sem eiga að notazt í holræsi frá lækjarmynni austur fyrir hafnargarð. Bæjarverkfræðingurinn leggur til að samið sé við Pípuverksmiðjuna um pípusmíðina, ef viðunandi tilboð fæst. Nefndin felzt á þá tillögu.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Björn Ólafsson. Jón Ásbjörnsson.
Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson..
Valgeir. Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur var haldinn í veganefndinni 18. júlí 1927.

1. Skýrsla lögð fram frá Í. Brands um sundkennslu 1926.

2. Erindi frá íbúum við Haðarstíg með kvörtun um að vegurinn sé ógreiðfær um þessar mundir. Meðan verið er að byggja við götuna getur nefndin ekki gert neinar ráðstafanir til lagfæringar á veginum, enda ber lögreglunni að sjá um, að umferð sé ekki hindruð að óþörfu af þeim, sem byggja við götur bæjarins.

3. Lögð fram skýrsla um sorpflutning frá íbúðarhúsum í bænum, 1924/12091 vagnhlass, 1925/12864 vagnhlöss, 1926 14622 vagnhlöss.

4. Skýrsla um tölu vatns- og útisalerna í bænum 1926. Samtals í öllum bænum 1631 hús, 1153 vatnssalerni, 1294 útisalerni.

5. Rætt um umferðarskipulag í bænum. Ákveðið að setja stéttir á gatnamótin í Hafnarstræti og Aðalstræti til leiðbeiningar við umferðina.

6. Erindi frá húseigendum við Veghúsastíg um að lagt verði vatnsleiðsla og holræsi í götuna. Nefndin getur ekki sinnt þessu, þar sem gert er ráð fyrir í skipulagi bæjarins að gatan verði felld niður.

7. Erindi frá formanni heilbrigðisnefndar, um að láta endurbæta skólpræsi, sem liggur niður Arnarhólstún á kostnað húseigenda þeirra, sem skólpræsi þetta nota, þar sem skolpræsið er bænum óviðkomandi. Nefndin lítur svo á, að heilbrigðisnefndin verði að annast framkvæmdir í þessu máli, samkvæmt heilbrigðissamþykkt bæjarins (50. gr.).

8. Lagt fram erindi heilbrigðisnefndar viðvíkjandi hreinlæti á Grímsstaðaholti.
Nefndin telur ekki fært að fyrirskipa að svo stöddu, að komið verði á almennri sorp- og salernahreinsun á Grímsstaðaholti, en telur sjálfsagt að heilbrigðisnefndin gangi eftir því, að ákvæðunum um þrifnað sé fullnægt af húseigendum þar.

9. Erindi frá húseigendum við Laugaveg (?) um skólpræsi í Rauðarárstöðina.
Nefndin telur bráðnauðsynlegt, að ræsi þetta verði gert, og leggur til, að það verði gert í haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
K.Zimsen.
Valgeir Björnsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, mánudaginn 3. okt., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá búendum við Ránargötu, um að gatan verði fullgerð á þessu hausti.
Samþykkt að gera Ránargötu umferðarfæra frá Garðastræti að Ægisgötu.

2. Lagt fram erindi frá Íþróttafélagi Reykjavíkur um skautasvell á Tjörninni.
Samþykkt að fela borgarstjóra að láta gera skautasvell fyrir allmenning eins og undanfarin ár, og semja við Íþróttafélagið um framkvæmd á því.

3. Lagt fram erindi lögreglustjóra um bifreiðaakstur um Túngötu.
Erindinu frestað þar til fjárhagsáætlun verður gerð.

4. Lögð fram ýms erindi og skjöl viðvíkjandi sundhallarmálinu.
Nefndin samþykkti að skora á bæjarverkfræðing og vegamálastjóra að hafa lokið rannsóknum sínum á hitaveitu frá Þvottalaugunum, áður en fjárhagsáætlun fyrir næsta ár verður samin.

5. Lagt fram erindi frá formanni félagsins "Sumargjöf" um styrk til sund- og útileikjakennslu í Ørfirisey.
Nefndin getur ekki mælt með erindinu.

6. Lagt fram frumvarp að reglum um notkun sundlauganna.
Frestað.

Á fund vantaði Björn Ólafsson.

K.Zimsen.

Guðmundur Ásbjörnsson. Jón Ásbjörnsson.

Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, þriðjudaginn 15. nóv., hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

<u>Gjöld:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Til þrifnaðar og snjómoksturs . . . . . | kr. | 43.000.00 |
| b. | " salernahreinsunar . . . . . . . . . . | " | 27.000.00 |
| c. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . . | " | 50.000.00 |
| d. | " hesthúss . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| e. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| f. | " vinna fyrir húseigendur . . . . . . | " | 5.000.00 |
| g. | " grjótnáms . . . . . . . . . . . . . | " | 80.000.00 |
| h. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |
| i. | " áhalda . . . . . . . . . . . . . . | " | 3.000.00 |
| j. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| k. | " götulýsingar . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| l. | " viðhalds gatna . . . . . . . . . . . | " | 50.000.00 |
| m. | " holræsis í Skúlagötu frá Vatnsstíg að Ingólfsstræti . . . . . . . . . . . | " | 7.000.00 |
| | " holræsis í Tryggvagötu frá Pósthússtræti að Lækjarósi . . . . . . . . . | " | 19.000.00 |
| n. | " framlengingar Njálsgötu frá Barónsstíg að Hringbraut með holræsi að Rangávegi . . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| o. | " malbikunar á Vesturgötu frá Aðalstræti að Grófinni . . . . . . . . . . | " | 10.500.00 |
| p. | " malbikunar á Tryggvagötu frá Grófinni 120 - 130 m. vestur . . . . . | " | 19.000.00 |
| q. | " Túngötu frá Suðurgr. að Ægisgötu, m.m. | " | 45.999.00 |
| r. | " viðhalds og ums. með þvottalaugunum | " | 5.000.00 |
| s. | " " og umsjónar með sundlaugunum | " | 6.000.00 |
| t. | " skautasvells fyrir almenning . . . . | " | 1.000.00 |

<u>Tekjur:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Af hesthúsi . . . . . . . . . . . . . . | kr. | 25.000.00 |
| b. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . . | " | 25.000.00 |
| c. | " endurgr. f. vinnu frá húseigendum . | " | 5.000.00 |
| d. | " grjótnámi . . . . . . . . . . . . . . | " | 60.000.00 |
| e. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . | " | 30.000.00 |
| f. | " efnissölu . . . . . . . . . . . . . . | " | 8.000.00 |
| g. | " sundkennslustyrkur úr ríkissjóði . . | " | 300.00 |

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Valgeir Björnsson.
Björn Ólafsson. Jón Ásbjörnsson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, mánudaginn 2. janúar, hélt nefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Olíusalan h/f. um leyfi til að setja benzingeyma austan við bifreiðasmiðju Sveins Egilssonar við Laugaveg, austast á gamla hafnarbakkanum og við spennistöðina á eystri hafnarbakkanum.
Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin heimili félaginu að setja benzingeymir austan við bifreiðasmiðjur Sveins Egilssonar, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings, og gegn venjulegu gjaldi í bæjarsjóð.
Nefndin ákvað, að vísa erindinu um benzingeyma á Hafnarbakkanum til hafnarnefndar.

2. Ingibjörg Brands sækir um að fá endurgreiddar 75 kr., sem hún hefir greitt fyrir aðstoð viðsundkennslu í veikindaforföllum hennar.
Nefndin leggur til, að henni sé greidd þessi fjárhæð úr bæjarsjóði.

Á fund vantaði Björn Ólafsson, sem er erlendis.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson,
settur borgarstjóri.

Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, mánudaginn 14. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.
Nefndina skipa nú auk borgarstjóra: Ágúst Jósefsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Guðrún Jónasson og Jón Ásbjörnsson.

Þetta gerðist:

1. Samþykkt að ráða til umsjónar á leikvellinum við Grettisgötu frú Petru Jónsdóttur með sömu launakjörum og hún hefir haft undanfarin ár fyrir það starf.

2. Samþykkt að heimila Valdimar Sveinbjörnssyni að nota leikvöllinn við Grettisgötu til kennslu á útileikjum frá kl. 8 - 11 f.m. daglega.

3. Lögð fram ársskýrsla Íþróttavallarinns fyrir árið 1927. - Völlurinn á nú í sjóði kr. 1814.84.

4. Nefndin skoðaði sandnámuna í Langholti, sem nú er komin að þrotum, og þaðan fór nefndin inn í Ártúnsbrekkur til að athuga sandtöku þar, og virðist þar vera nægilegur sandur til bygginga um nokkur ár. Leitað hefir verið að sandi víða í landi bæjarins, og hvergi fundizt nægilega mikill sandur til verulegrar vinnslu annarsstaðar en í Ártúnslandi.
Nefndin ákvað því, að flytja sandvinnslutækin úr Langholti inn í Ártúnsbrekkur, og láta vinna að sandtöku þar fyrst um sinn.

5. Lögð fram sundurliðuð skýrsla um gjöld grjótnámunnar í Rauðarárholti árið 1927. Bæjarverkfræðingi var falið að semja heildarskýrslu um grjótnámið það ár, og láta hana koma til nefndarinnar þegar skýrslugjörðinni er lokið.

6. Tekið fyrir erindi frá Ólafi og Jóni Pálssonum sundkennurum hækkun á launum þeirra fyrir sundkennslu.
Nefndin samþykkti að greiða þeim 300 krónur á mánuði frá 1. jan. þ. árs. Jafnframt brýnir nefndin fyrir sundkennurunum, að sjá betur en verið hefir um góða reglu og hreinlæti við laugina, í klefunum og sólbyrgjunum, og um viðgerðir á því, sem aflaga kann að fara.
Ennfremur leggur nefndin fyrir sundkennarana, að gæta þess stranglega, að notendur laugarinnar, ungir og gamlir, séu ekki lengur í laugunum en góðu hófi gegnir.

7. Útaf erindi heilbrigðisnefndar um afrennsli frá fiskverkunarstöðinni "Dvergur" á Bráðræðisholti, var borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að krefjast þess af eigendum stöðvarinnar, að gjörðar séu nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að holræsi í Framnesvegi stíflist af völdum stöðvarinnar.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðrún Jónasson. Jón Ásbjörnsson.
Guðm. Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, mánudaginn 4. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tekið fyrir erindi frá Ingibjörgu Brands um að skaffa henni aðstoð við sundkennslu vegna sjúkleika hennar. Nefndin vill verða við þessari beiðni.

2. Rætt um sundhöll.
Nefndin samþykkti að fara þess á leit við húsameistara ríkisins, að hann geri frumdrætti að fyrirhugaðri sundhallarbyggingu og hafa lokið þeim fyrir lok þessa mánaðar.

3. Vegna þess að skipulag Túngötu er ekki enn ákveðið til fulls og að ekki er hægt að flytja burtu kaþólsku kirkjuna gömlu í sumar, leggur nefndin til, að malbikun Túngötu verði ekki framkvæmd í ár, en í þess stað verði fullgerð og malbikuð Tryggvagata frá Pósthússtræti að Kalkofnsvegi, og auk þess Ingólfsstræti frá Hverfisgötu að Laugavegi.

4. Tekið fyrir erindi frá búendum við fyrirhugaða framlengingu Öldugötu, um að þessi partur götunnar verði gerður í sumar.
Nefndin sér sér ekki fært að mæla með sérstakri fjárveitingu í þessu skyni í ár.

5. Tekið fyrir erindi frá búendum við Laugaveg innan Rauðarárstígs um að gerðar verði gangstéttir við þann part vegarinns.
Nefndin getur ekki mælt með sérstakri fjárveitingu til þessara framkvæmda í ár.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.
Jón Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 28. júní 1928, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Meiri hluti nefndarinnar samþykkti að leigja herbergi í útbyggingu við Hótel Ísland, sem snýr að Vallarstræti, og útbúa þar náðhús fyrir kvenfólk.
Ársleigan er 300 kr. (á ári).
Kotsnaðurinn við útbúnaðinn verður tekinn af áður veittu fé til náðhúsa.
Reksturskostnaður er áætlaður 3000 til 3600 krónur á ári.

2. Lagt fram erindi frá Guðmundi Hannessyni prófessor um vegi að landsspítalanum.
Nefndin getur ekki sinnt erindinu, þar sem ekkert fé hefir verið áætlað til þessarar vegagerðar.

3. Nefndin samþykkti að leggja holræsi og vatnsleiðslu í Bergstaðastræti frá Njarðargötu að Barónsstíg og í Barónsstíg frá Bergstaðastræti að Laufásvegi.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Jón Ásbjörnsson.
Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson. Jón Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 30. júlí 1928, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Rætt sundhallarmálið.
Borgarstjóri skýrði frá, að Guðjón Samúelsson hefði átt tal við formann Íþróttasambands Íslands, Benedikt Vaage, Erling Pálsson, Valdimar Sveinbjörnsson og nokkra fleiri af helztu sundmönnum bæjarins, um fyrirkomulag sundhallarinnar, og varð niðurstaðan , að heppilegast mundi að hafa eina sundlaug 33 1/3 metra á lengd, sem skipta mætti í tvennt með færanlegri milligerð og gerði húsameistari í samráði við borgarstjóra frumdrátt að sundhöllinni með slíkri gerð. Ennfremur hefir húsameistari, að fyrir-lagi dómsmálaráðherra, gert frumdrátt að sundhöll með þremur laugum, almenna sundlaug 9 x 18 m., kennslulaug 7 x 12 m. og sjólaug 7 1/2 x 15 m., og var sá frumdráttur lagður fram á fundinum. Hinn frumdráttinn hafði dómsmálaráðherra fengið hjá húsameistara og hefir ekki viljað láta hann af hendi, og varð hann því ekki lagður fram á fundinum.
Borgarstjóri lagði einnig fram tvö bréf frá dómsmálaráðherra, dags. 25. og 27 þ.m., ásamt afriti af svarbréfi borgarstjóra við fyrra bréfinu.
Í síðara bréfinu heldur dómsmálaráðherra því fram, að að stjórnin eigi samkvæmt sundhallarlögunum, að ráðagerð og fyrirkomulag á sundhöllinni, og getur þess að ráðgert hafi verið, að hafa sundlaugina þrískipta, eins og frumdráttur sá, sem húsameistari hefir gert að fyrirlagi dómsmálaráðherra. Veganefndin lítur svo á, að bæjarstjórn Reykjavíkur eigi að ráða mestu um gerð sundhallarinnar, láti gera uppdrætti að henni og leggi þá síðan fyrir landsstjórnina til samþykktar.
Nefndin fellzt á þá skoðun íþróttamanna, að heppilegast muni vera að hafa eina fullstóra sundlaug, sem skipta má í tvennt með milligerð, enda virðist henni 18 m. löng sundlaug alls ekki fullnægjandi. Hvað sjólaugina snertir, telur nefndin varasamt, að gerlegt sé að nota í hana sjó úr Rauðarárvíkinni, þar sem megintið af holræsum bæjarinns hafa útrennsli í víkina.
Nefndin getur því ekki fallizt á þann frumdrátt að sundhöll, sem fyrir fundinum liggur nú, og felur húsameistara að gera að nýju frumdrátt að sundhöll með einni laug, 33 1/3 m. lauginni, og í samráði við bæjarverkfræðing að gera frumáætlun um kostnað við byggingu sundhallarinnar.
Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson og Guðrúnu Jónasson, sem er fjarverandi úr bænum.
Á fundinum var húsameistari ríkisins, Guðjón Samúelsson.
Fundi slitið.
K.Zimsen.
Ágúst Jósefsson. Jón Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.
Guðjón Samúelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, mánudaginn 10. september, kl. 10 árdegis, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðjón Samúelsson lagði fram nýjan frumdrátt að sundhöll með einni sundlaug 33,3 x 10,0 metrar að flatarmáli, sem skipta má í tvær laugar. Var rætt um ýmsar breytingar en engin endanleg ákvörðun tekin.

2. Lögð fram erindi um holræsi í nokkurn hluta Túngötu og Hrannarstíg. Bæjarverkfræðingi falið að athuga málið.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Ágúst Jósefsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 29. sept. 1928, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Útaf erindi, sem lá fyrir síðasta fundi, leggur nefndin til, að holræsi verði lagt í Hrannarstíg og nokkurn hluta Túngötu. Eftir áætlun bæjarverkfræðings mun þetta kosta ca. 4 þúsund krónur.

2. Rætt um sundhallarmálið. Húsameistara ríkisins var falið að gera fullkomnari frumdrátt að sundhöllinni en fyrir lá á síðasta fundi með nokkrum smábreytingum, sem um var talað á fundinum. Bæjarverkfræðingi var falið að hallamæla sundhallarsvæðið.

Á fund vantaði borgarstjóra, sem var erlendis, og bæjarverkfræðing.

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson.

Guðrún Jónasson. Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 9. nóv. 1928, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1929:

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til þrifnaðar og snjómoksturs o.fl. . . . | | Kr. 48000.00 |
| 2. | " salernahreinsunar . . . . . . . . . . . | | " 26000.00 |
| 3. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . . | | " 50000.00 |
| 4. | " hesthúss . . . . . . . . . . . . . . | | " 25000.00 |
| 5. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . . . . | | " 35000.00 |
| 6. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . . . . | | " 7000.00 |
| 7. | " grjótnáms . . . . . . . . . . . . . . | | " 130000.00 |
| 8. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . | | " 40000.00 |
| 9. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . . | | " 15000.00 |
| 10. | " áhalda . . . . . . . . . . . . . . . | | " 3000.00 |
| 11. | " götulýsingar . . . . . . . . . . . . | | " 30000.00 |
| 12. | " viðhalds gatna og ræsa . . . . . . . . | | " 60000.00 |
| 13. | " holræsis í Bergþórugötu, Hringbraut og Fríkirkjuveg . . . . . . . . . . . | | " 16000.00 |
| 14. | Malbikun: | | |
| | a. Laugavegur frá Vitastíg að Barónsstíg . . . . . . | kr. 30000.00 | |
| | b. Barónsstígur milli Laugavegs og Bergþórugötu . . | " 26000.00 | |
| | c. Kalkofnsvegur frá Tryggvagö . . . . . að Lækjartorgi . . . | " 15000.00 | |
| | d. Túngata að Ægisgötu . . . | " 60000.00 | |
| | e. Tryggvagata að Norðurst. | " 10000.00 | " 141000.00 |
| | auk 4 þús. kr. frá hafnarsjóði | | |
| 15. | Til lóðakaupa til breikkunar á Fríkirkjuvegi og Skálholtsstíg allt að . . . . | | " 6000.00 |
| 16. | Nýjar götur: | | |
| | a. Framlenging Grettisgötu að Hringbraut . . . . . . . . | kr. 11000.00 | |
| | b. Seljavegur Holtsgata . . | " 17000.00 | |
| | c. Bergstaðast. frá Barónss. | " 23000.00 | |
| | d. Ónefnd gata fyrir ofan Bergstaðastræti. . . . . | " 34000.00 | " 85000.00 |
| 17. | Til viðhalds og umsjónar í þvottalaugunum | | 5000.00 |
| 18. | " viðhalds og umsjónar í sundlaugunum | | " 6000.00 |
| 19. | " skautasvells fyrir almenning . . . . | | " 1000.00 |
| 20. | " leikvalla handa börnum . . . . . . . . | | " 3000.00 |
| 21. | " náðhúsa . . . . . . . . . . . . . . . | | " 3000.00 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.

Tekjur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Af hesthúsi . . . . . . . . . . . . . . | kr. | 25000.00 |
| 2. | " bifreiðum . . . . . . . . . . . . . . | " | 35000.00 |
| 3. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . . . . | " | 7000.00 |
| 4. | " grjótnámi . . . . . . . . . . . . . . | " | 115000.00 |
| 5. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . . | " | 40000.00 |
| 6. | " efnissölu . . . . . . . . . . . . . . | " | 15000.00 |
| 7. | " sundkennslustyrk úr ríkissjóði . . | " | 300.00 |

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson.
Valgeir Björnsson. Jón Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 15. janúar 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá húsameistara ríkisins, dags. 11. janúar þ.á. ásamt uppdráttum af fyrirhugaðri sundhöll og kostnaðaráætlun um bygginguu hennar, sem hann gerir ráð fyrir að verði kr. 312.000,að undanskildum öllum leiðslum að og frá sundhöllinni.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að í sundhöllinni verði 10 m. breið sundlaug 33,33 m. að lengd, sem skipta megi í tvennt þannig, að grynnri endinn verði kennslulaug, 13 1/2 m. að lengd, og sjólaug 7 x 12 m. að stærð. Ennfremur klefar fyrir kerlaugar og þrifaböð, auk búningsklefa. Gert er ráð fyrir að sólböð verði á hluta af þaki hússins.

Bæjarverkfræðingi falið að yfirfara áætlunina og gera áætlanir um allar leiðslur að og frá sundhöllinni, þar með talin sjóleiðsla frá Skerjafirði.

Ennfremur var húsameistara falið að gera áætlun um kostnað við að byggja aðallaugina með anddyri við enda byggingarinnar.

2. Lagt fram bréf frá Íþróttasambandi Íslands, dags. 13. desember f.á., þar sem sambandið væntir, að nú þegar verði ákveðið fyrirkomulag sundhallarinnar og verkið hafið hið allra fyrsta, og að sambandið geti nú boðið bæjarstjórn sjálfboðaliða til þess að grafa fyrir leiðslu úr Skerjafirði og moka ofan í aftur.

3. Lögð fram umsókn frá Jóni Helgasyni í Kaupmannahöfn um kennarastöðu við væntanlega sundhöll í Reykjavík.

Á fundinum mætti húsameistari ríkisins.

K.Zimsen.

Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 6. febrúar 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Rætt um sundhallarmálið. Lesin upp skýrsla frá bæjarverkfræðingi um endurskoðun hans á áætlun húsameistara ríkisins um byggingu sundhallar. Svo og viðbótaráætlun um leiðslur og fleira.

Samkvæmt áætlun húsameistara og viðbótaráætlun bæjarverkfræðings verður allur kostnaður við byggingu sundhallarinnar með sjólaug og sjóleiðslu frá Skerjafirði - kr. 403900.00; þaraf sjólaug með leiðslu kr. 98700.00, þar með talinn gröftur fyrir sjóleiðslu, sem áætlaður er kr. 4600.00.

Bæjarverkfræðingur bendir á það í skýrslu sinni, að byggingin gæti orðið talsvert ódýrari ef lauginni verður snúið við og notaðir þeir kostir, er staðhættir gefa, svo og að til mála gæti komið, að nota sjó í aðallaugina blandaðan heitu vatni í stað vatns úr vatnsveitunni. - Þykir nefndinni líklegt, að með breyttu fyrirkomulagi mætti koma upp sundhöllinni fyrir rúmlega 300 þús. krónur, en ýms atriði viðvíkjandi vatnsþörf, hitun og endurnýjun eða hreinsun vatns, loftræstingu, kuldavörn o.fl. hafi enn ekki verið nægilega rannsökuð. Virðist nefndinni nauðsynlegt að þessi atriði séu frekar rannsökuð áður en fullnaðarákvörðun er tekin um fyrirkomulag sundhallarinnar.

Leggur nefndin því til:

Að húsameistara ríkisins verði falið að gera nýjan uppdrátt af byggingunni með breyttri legu aðalaugarinnar, og sé þetta gjört í samráði við bæjarverkfræðing, sem jafnframt sé falið að rannsaka til hlítar þau atriði, sem enn eru óupplýst og gera í ~~samráði við~~ húsameistara fullnaðarkostnaðaráætlun. Sé bæjarverkfræðingi heimiluð aðstoð til þessa verks, og veganefnd heimilað að senda verkfræðing til útlanda til að skoða tekniskan umbúnað við sundhallir, ef henni virðist það nauðsynlegt.

Ennfremur sé borgarstjóra falið að tala við dómsmálaráðherra um það, hvort ríkið muni vilja leggja fram helming kostnaðar við byggingu sundhallarinnar, þótt hún kosti 300 - 325 þúsund krónur, og sérstök sjólaug ekki gerð að svo stöddu.

Skýrsla bæjarverkfræðings verður fjölrituð og send bæjarfulltrúum.

2. Borgarstjóri skýrði frá því, að samkomulag sé fengið við hreppsnefnd Mosfellshrepps, um að jörðin Ártún verði öll lögð undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur gegn því, að Reykjavíkurbær taki að sér framfærslu þeirra sem framfærslu eiga í Mosfellshreppi vegna fæðingar eða dvalar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.
á Ártúnum, og greiði Mosfellshreppi í eitt skipti fyrir öll 10 þúsund krónur.

Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin gangi að þessu tilboði, og feli borgarstjóra að undirbúa lagafrumvarp þessu viðvíkjandi.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson og Guðrúnu Jónasson, sem var veik.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 17. april 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Húsameistari ríkisins mætti á fundinum og lagði fram nýjan frumuppdrátt að væntanlegri sundhöll. Er gert ráð fyrir einni sundlaug, 33 1/3 m. að lengd, en skipt þannig fyrst um sinn, að í henni verður milliveggur og sjólaug 8 m. löng í öðrum enda, en 25 m. löng vatnslaug í hinum. Í sundhöllinni verða 40 einsmannsklefar og sex samklefar fyrir 10 manns hver. Ennfremur tvær stofur fyrir íþróttamenn til sinna afnota. Auk þess verða snyrtingaklefar og þvottaklefar og íbúð fyrir umsjónarmann sundhallarinnar. Við suðurhlið hússins er ætlaður staður fyrir sólböð.
Ætlað er að sundhöllin kosti eftir þessum uppdrætti ca. 320 þús. kr.
Nefndin fellst á uppdráttinn í öllum aðalatriðum, en felur húsameistara að breyta uppdrættinum þannig, að hægt sé að koma fyrir nokkrum kerlaugum, þar sem menn geta fengið sjóböð eingöngu.
Nefndin felur borgarstjóra að tala við dómsmálaráðherra um sundhallarmálið, eins og það nú liggur fyrir. Ennfremur felur nefndin bæjarverkfræðingi að gera áætlun um árlegan rekstrurkostnað sundhallarinnar.

2. Samþykkt að ráða Petru Jónsdóttur sem umsjónarkonu við barnaleikvöllinn við Grettisgötu.

3. Lögð fram umsókn Einars Þorsteinssonar um að fá að flytja söluturninn við Kalkofnsveg inn fyrir hina nýju götulínu vegarins.
Nefndin vill eftir atvikum mæla með því að leyfið sé veitt, með þeim skilmálum, að turninn sé tekinn burtu bænum að kostnaðarlausu þegar bæjarstjórn krefst þess, með 3 mánaða fyrirvara, og verði turninn settur á þann stað, sem bæjarverkfræðingur ákveður.

4. Rætt um óþrifnað í Grímstaðarholtinu. Ákveðið að fela heilbrigðisfulltrúa að láta hreinsun fara þar fram nú þegar.
Ennfremur ákveðið, að bærinn taki að sér nú þegar sorp- og salernahreinsun á holtinu.
Nefndin leggur til að holræsi verði lagt frá Fálkagötu og niður í sjó. Kostnaður áætlaður ca. 10 þús. kr.

Á fund vantaði Guðrúnu Jónasson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ásbjörnsson. Valgeir. Björnss.

Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 16. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram umsóknir um sundkennslustarf það, sem Ingibjörg sál. Brands hafði á hendi. Tvær umsóknir lágu fyrir, önnur frá Unni Jónsdóttur og hin frá Ruth Hanson.
Meiri hluti nefndarinnar vill veita Unni Jónsdóttur starfið.

2. Lagt fram erindi frá lóðareigendum við Marargötu um að holræsi verði lagt í götuna.
Samþykkt að verða við beiðninni, gegn því að götugjald af lóðunum verði greitt áður en byrjað er á verkinu.

3. Lagt fram erindi frá Geir Thorsteinson um að vesturhluti Bárugötu verði gerður, þar sem búið sé að greiða götugjald af flestum lóðum dánarbús Th. Thorsteinsson við þá götu og 20% af söluverði þeirra.
Nefndin fellst á, að ekki verði komizt hjá að leggja nauðsynlegar leiðslur í götuna.

4. Nefndin leggur til, að myndstyttan "Móðurást" verði sett upp í skemmtigarðinn fyrir norðan barnaskólann, og borgarstjóra falið að annast um frammkvæmd á uppsetningu styttunnar.

Á fund vantaði Jón Ásbjörnsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.
Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 1. júlí 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

1. Samþykkt að kaupa bifreið til götuþvotta, af Jóh. Ólafsson & Co. og borgarstjóra og bæjarverkfræðing falið að ganga frá samningum um kaupin. Bifreiðin kostar uppsett 14000 - 15000 krónur.

2. Lagt fram bréf frá búendum við Tjarnargötu sunnanverða um gangstéttir og aðrar umbætur á götunni.

3. Rætt um bifreiðastæði við Lækjartorg og annarsstaðar í bænum.

Á fund vantaði Guðrúnu Jónasson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.
Valgeir Björnsson. Jón Ásbjörnsson. Guðm.Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 13. júlí 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri lagði fram fullnaðaruppdrátt af sundhöllinni, sem Guðjón Samúelsson hefir gert, og dagsettur er í júní, en afhentur borgarstjóra 10. júlí.

Húsameistari hefir skýrt frá, að hann hafi jafnframt sent Steinari Steinsen uppdráttinn, en honum er falið að framkvæma útreikninga á járnbindingu í húsinu, og sömuleiðis Benedikt Gröndal, sem gerir uppdrætti að öllum leiðslum í sundhöllinni.

Nefndin ákveður að leggja uppdráttinn fyrir byggingarnefndina á fundi hennar í dag.

Ennfremur felur nefndin húsameistara að láta gera lýsingu og útboðsskilmála af byggingunni, svo hægt verði að bjóða verkið út.

Húsameistara hefir borizt símskeyti um tilboð í glerþak á sundhöllina, og kostar efnið í þakið 71 þúsund krónur (sennilega danskar) hingað komið.

Enda þótt nefndin hyggi, að glerþak verði of dýrt, þá ákveður hún að haga útboðinu þannig, að sértilboð verði gert í þakið eins (og) það er, svo síðar megi taka ákvörðun um, hvort glerþak skuli haft á sundhöllina.

2. Lagt fram bréf Íþróttasambands Íslands, dags. 7. júní (móttekið af borgarstjóra 25. júní) viðvíkjandi sjálfboðavinnu íþróttamanna við að grafa fyrir sjóleiðslu frá sundhöllinni.

Útaf þessu lætur nefndin þess getið, að gröftur fyrir sjóleiðslunni mun ekki verða framkvæmdur fyrr en á næsta ári.

Fundi slitið.

K.Zimsen.
Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 2. sept. 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sundhallarmálið. - Lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 5. ágúst, þar sem ráðuneytið samþykkir uppdráttina að sundhöllinni. Stjórnin vill sætta sig við þann hraða á verkinu, að húsið verði fokhelt haustið 1930, og tilbúið að öllu leyti haustið 1931. Landstjórnin vill ennfremur endurtaka áður gefið loforð um að greiða framlag sitt meðan það endist til helminga móti útlögðum kostnaði bæjarsjóðs.

Ennfremur er það sett sem óhjákvæmilegt skilyrði að í einum hluta þessarar laugar verði hreinn og óblandaður sjór, upphitaður með leiðslum, en ekki með því að blandast hveravatni.

Lagt fram bréf frá Benedikt Gröndal, dags. 27. ágúst, þar sem hann skýrir frá á hvern hátt megi koma fyrir nauðsynlegum leiðslum og öðrum tækjum tilheyrandi sundlaugunum og böðum í hinni fyrirhuguðu sundhöll.

Telur hann nauðsynlegt að lengja neðri hæð hússins um 3,8 m., og gera nokkrar smábreytingar í sambandi við það.

Húsameistari, sem mætti á fundinum, skýrði frá því, að Steinn Steinsen segi að útreikningi í járnbentri steypu sé það langt komið, að útboð á byggingu sundhallarinnar geti farið fram af þeim ástæðum.

Ennfremur skýrði húsameistari frá, að hann sé að breyta uppdráttunum samkvæmt tillögum Ben. Gröndals, og að undirbúningur undir útboðið sé langt kominn.

2. Rætt um náðhús. Engin ákvörðun tekin að svo stöddu.

3. Nefndin leggur til, að sagt verði upp leigumálum á benzintönkunum á Lækjartorgi með tilskyldum fyrirvara.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 1. október 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla um sundkennslu stúlkna í barnaskólanum 1929.

2. Lagt fram erindi frá Einari Kristjánssyni og Jóni Eyþórssyni, um að gerður verði gangstígur yfir Ásgarðsland að sumarbústöðum þeirra í Laugarási.
Nefndin getur ekki mælt með beiðninni.

3. Lagt fram erindi frá búendum við Laugarnesveg um að lagt verði holræsi í veginn.
Erindinu frestað til nánari athugunar.

4. Lagt fram uppkast að útboðslýsingu um byggingu sundhallarinnar. Nefndinni þótti það ekki nægilega ítarlegt og fól húsameistara að leggja fyrir nefndina annað uppkast hið fyrsta, og sé þar teknir fram allir skilmálar viðvíkjandi verkinu.

Húsameistari ríkisins mætti á fundinum.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðm.Ásbjörnsson.

Guðrún Jónasson. Va,geir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 6. nóv. 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Nefndin leggur til að Magnúsi Kjaran verði leyft að setja upp auglýsingaklukku á Lækjartorgi. Auglýsingin er um þvottaefnið "Percil". Leyfishafi er skyldur að taka klukkuna burtu á sinn kostnað hvenær sem bæjarstjórnin krefst þess, með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

2. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 2. nóv., ásamt frumvarpi til reglna samkvæmt 15. gr. lögreglusamþykktarinnar um það, hvar bifreiðar og vagnar megi standa á götum og torgum.
Nefndin frestar málinu til nánari athugunar.

3. Lögð fram ný útboðslýsing og skilmálar um byggingu sundhallarinnar, eftir húsameistara ríkisins.
Á grundvelli þessara plagga hefir bæjarverkfræðingur samið útboðslýsingu og skilmála, sem einnig var lagt fram, og leggur nefndin til að honum verði falið að bjóða út bygginguna og láta byggja hana eftir þeim.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðis:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1930.

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til þrifnaðar, snjómoksturs og fl. | kr. | 55000.00 |
| 2. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . | " | 60000.00 |
| 3. | " salernahreinsunar . . . . . . . . | " | 26000.00 |
| 4. | " hesthússins . . . . . . . . . . | " | 25000.00 |
| 5. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . . | " | 35000.00 |
| 6. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . | " | 8000.00 |
| 7. | " grjótnáms . . . . . . . . . . . . | " | 160000.00 |
| 8. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . | " | 40000.00 |
| 9. | " smiðjunnar . . . . . . . . . . . | " | 7000.00 |
| 10. | " trésmíðastofunnar . . . . . . . | " | 22000.00 |
| 11. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . | " | 20000.00 |
| 12. | " áhalda . . . . . . . . . . . . . | " | 15000.00 |
| 13. | " leikvalla . . . . . . . . . . . . | " | 15000.00 |
| 14. | " viðh. og umsj. í þvottalaugunum. | " | 5000.00 |
| 15. | " sundlauganna . . . . . . . . . . | " | 6000.00 |
| 16. | " skautasvells fyrir almenning . . | " | 1000.00 |
| 17. | " götulýsingar . . . . . . . . . . | " | 35000.00 |
| 18. | " viðhalds gatna og ræsa . . . . . | " | 60000.00 |

2. Rætt um gatnagerð, malbikun o.fl. á næsta ári. Frestað að gera frekari tillögur til næsta fundar, sem var ákveðinn næsta laugardag.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem var veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Jón Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 16. nóv. 1929, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1930.

<u>Gjöld:</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19. | Holræsi í Vonarstræti . . . . . . . . . . . | kr. | 17000.00 |
| 20. | " á Lindargötu vestan til . . . . . . . | " | 9000.00 |
| 21. | Malbikun á Skólastræti og Pósthússtræti . | " | 17500.00 |
| 22. | " á Lækjargötu og Fríkirkjuvegi suður fyrir Fríkirkju . . . . . . . . . . | " | 36000.00 |
| 23. | " Tryggvagötu austast, auk 4000 kr. framlagi frá hafnarsjóði . . . . . . . . . | " | 10000.00 |
| 24. | " Túngötu að Hrannarstíg . . . . . . . . | " | 34000.00 |
| 25. | " Vitastígs vestan barnaskóla . . . . . | " | 26000.00 |
| 26. | " Bergþórugötu austan barnaskóla . . . | " | 9000.00 |
| 27. | Nýjar götur: | | |
| | a. Garðastræti frá Túngötu að Hólatorgi . | " | 25000.00 |
| | b. Öldugata að Bræðraborgarstíg . . . . . | " | 13000.00 |
| | c. Bergþórugata austan Barónsstígs . . . | " | 18000.00 |
| | d. Sellandsstígur og Holtsgata norðan Framnesvegar . . . . . . . . . . | " | 17000.00 |
| | e. Sjafnargata og Mímisvegur . . . . . . . | " | 36000.00 |
| | f. Til að fullgera akbraut á Fjölnisvegi og hinum nýju hlutum af Bergstaðastr., Njálsgötu og Grettisgötu . . . . . . . . | " | 17000.00 |
| | g. Skálholtsstígur frá Fríkirkjuvegi að Laufásvegi . . . . . . . . . . . . . . . | " | 7000.00 |
| 28. | Til viðgerðar á Lækjartorgi . . . . . . . . | " | 5500.00 |
| 29. | " viðgerðar á Vitatorgi . . . . . . . . . . | " | 15000.00 |
| 30 | " almenningssalernis undir Bankastræti . | " | 36000.00 |
| 31. | " reksturs almenningssalerna . . . . . . . | " | 8000.00 |

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Jón Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 2. desember 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðir fram uppdrættir og áætlanir um hitaveitu frá Þvottalaugunum til bæjarinns. Á fundinum var mættur Benedikt Gröndal verkfræðingur, sem skýrði uppdrættina fyrir nefndinni. Bráðabirgðaáætlun um kostnaðinn við hitaveituna er 165 þús. krónur að sundhöllinni, barnaskólanum og lóð Landsspítalans.

Nefndin samþykkti að fela Ben. Gröndal að leita tilboða um einangrun leiðslunnar hjá þeim 2-3 firmum, sem (hann)telur hæfust til að gera slík tilboð, en að útboði á pípum sé frestað þangað til þessi tilboð eru komin, sem væntanlega verður um næstu áramót.

Einnig felur nefndin Ben. Gröndal að leita tilboða um dælur og rafurmagnsútbúnað í dælistöðina.

Ben. Gröndal var falið að gera fullnaðaráætlun um hitaleiðslurnar ásamt húsum og öllum útbúnaði.

Á fund vantaði Jón Ásbjörnsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðrún Jónasson.

Valgeir Björnsson. Benedikt Gröndal.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1929, föstudaginn 6. desember kl. 11, kom veganefndin saman á skrifstofu borgarstjóra til þess að opna tilboð um byggingu sundhallar.

Borgarstjóri skýrði bjóðendum, sem allir voru viðstaddir, frá því, að skilja bæri útboðsskilmálana þannig, að þeir stæðu við tilboð sín þangað til 4 dögum eftir næsta reglulegan bæjarstjórnarfund, sem verður haldinn 19. des. og voru bjóðendur því sambykkir.

Þessi tilboð komu:

1. Ólafur Teódór Guðmundsson . . . . . . . kr. 294000.00
2. Kristinn Sigurðsson . . . . . . . . . . " 248300.00
3. Ólafur Jónsson og Einar Einarsson . . " 297000.00

Húsameistara ríkisins, sem var mættur á fundinum, var falið að athuga tilboðin.

Fundi slitið.

K. Zimsen.

Guðrún Jónasson. Guðjón Samúelsson.

Valgeir Björnsson. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Máudaginn 16. desember 1929, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram bráðabirgðaáætlanir frá þeim Guðjóni Samúelssyni og Benedikt Gröndal, um þau verk við sundhöllina, sem ekki felast í tilboði Kristins Sigurðssonar, sem lagt var fram á síðasta fundi nefndarinnar, og er því gert ráð fyrir að kostnaður við byggingu sundhallarinnar verði alls 480-500 þúsund krónur.
Með því að ekki er fyrir hendi meira en 150 þús. króna fjárveiting úr bæjarsjóði og loforð um 100 þús. kr. framlag úr ríkissjóði, virðist nefndinni nauðsynlegt að fengin verði samþykkt fyrir framhaldandi fjárveitingu áður en byrjað er á byggingu sundhallarinnar.
Borgarstjóri upplýsti, að Kristinn Sigurðsson, sem er lægstbjóðandi , vilji standa við boð sitt til 2. apríl n.k. gegn samsvarandi framlengingu á frestum þeim, sem settir eru í útboðsskilmálunum.
Nefndin frestar að gera tillögur um framkomin tilboð.

2. Borgarstjóri skýrði frá, að hann hefði fengið frá Ben. Gröndal bráðabirgðaáætlun um hitaveituna frá laugunum, og verður hún fjölrituð og send bæjarfulltrúunum.

3. Tekið fyrir að nýju frumvarp lögreglumálanefndar til reglna um hvar bifreiðar og vagnar megi standa á götum og torgum.
Nefndin samþykkti að fela borgarstjóra og Jóni Ásbjörnssyni að athuga frumvarpið og gera tillögur um breytingar á því.

4. Lagt fram erindi frá Litlu vörubílastöðinni um að leyft verði að hafa bílastæði fyrir austan Kalkofnsveg á móts við Íshúsið..
Nefndin fellst á, að borgarstjóri leyfi þetta til bráðabirgða.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson.

Valgeir Björnsson. Jón Ásbjörnsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, miðvikudaginn 19. febrúar, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra..

Nefndina skipa nú:
Ágúst Jósefsson, bæjarfulltrúi,
Guðmundur Ásbjörnsson, bæjarfulltrúi,
Guðrún Jónasson, bæjarfulltrúi,
Hermann Jónasson, bæjarfulltrúi og
Jakob Möller, bæjarfulltrúi.
Auk þeirra á borgarstjóri sæti í nefndinni.

1. Formaður nefndarinnar var borgarstjóri kosinn, og skrifari Ágúst Jósefsson.

2. Rætt um hitaveitu frá laugunum. Tilboð í einangrun á leiðslunum höfðu komið fram:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. Frá Grünzveig & Hartman áætlaður heildarkostnaður | ísl. | kr. | |
| | | | 37300.00 |
| b. " A./S. Lano Khöfn. . . . . | " | " | 56300.00 |
| c. " Skarrehage Mólerværk . . | -"- | " | 37400.00 |

Auk þess bárust 4 tilboð, sem voru miklum mun dýrari en hin framangreindu.
Nefndin leggur til, að tekið verði tilboði Grünzveig & Hartmann.

3. Nefndin samþykkti að leggja til, að notaðar verði samansoðnar stálpípur í hitaleiðsluna, og haft sé almennt útboð í pípurnar, og fela Ben. Gröndal, verkfræðingi að annast það.

4. Samþykkt að taka tilboði Sigurðar Jónassonar fyrir hönd A.E.G. í Khöfn, í dæluútbúnað hitaveitunnar, að upphæð 13740 km. Önnur tilboð, sem fyrir lágu, voru ýmist dýrari eða ófullkomnari.

5. Samþykkt að fela borgarstjóra og Ágúst Jósefssyni, í samráði við bæjarverkfræðing, að gera tillögur um hvar bifreiðar megi standa í bænum.

6. Nefndin leggur til, að borgarstjóra og bæjarverkfræðingi sé falið að kaupa tvo flutningabíla í stað þeirra sem orðnir eru ónothæfir.

7. Rætt um sandnámuna og mulningsstöðina. Ákveðið að skoða þessar stöðvar báðar í dag.
Á fundinum mætti Ben. Gröndal verkfræðingur.
Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.
Guðm.Ásbjörnsson. Jakob Möller.
Guðrún Jónasson. Hermann Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, miðvikudaginn 26. marz, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tilboð í pípur í hitaveituna frá laugunum.
   1. Bræðurnir Ormsson.
   2. Paul Smith.
   3. J.Þorláksson & Norðmann.
   4. Helgi Magnússon & Co.

Þar sem tilboðin voru ekki fullkomlega samkvæm útboðsskilmálunum, var Ben Gröndal falið að leita nýrra tilboða frá ofannefndum firmum.

2. Samþykkt að leggja holræsi og vatnsleiðslu í Öldugötu milli Bræðraborgarstígs og Brekkustígs, samkvæmt beiðni Jóns Símonarsonar o.fl. Kostnaðurinn greiðist af fé til viðhalds gatna og ræsa.

3. Lagt fram erindi frá búendum við Nýlendugötu, um að gatan verði malbikuð og gangstéttar gerðar við hana. Bæjarverkfræðingi falið að gera götuna sæmilega umferðarfæra, en leggur til að erindinu verði ekki sinnt að öðru leyti.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

| | |
|---|---|
| Hermann Jónsson. | Guðrún Jónasson. |
| Valgeir Björnsson. | Ágúst Jósefsson. |
| Jakob Möller. | Guðmundur Ásbjörnsson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, laugardaginn 10. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Út af erindi frá kennurunum við sundlaugarnar, samþykkti nefndin að fela bæjarverkfræðingi að annast nauðsynlegar viðgerðir á girðingum og pöllum o.fl., og láta mála girðinguna kringum sundlaugina og klefana.

2. Samþykkt að ráða Unni Jónsdóttur til að hafa á hendi sundkennslu telpna með sömu kjörum og síðastl. sumar.

3. Samþykkt að fela Sigurði Ólafssyni, verkfræðingi, að hafa daglegt eftirlit með byggingu Sundhallarinnar fyrst um sinn, fyrir 500 kr. á mánuði.

4. Samþykkt að fela Helgu Arngrímsdóttur, Njálsgötu 3, að hafa á hendi umsjón með leikvellinum við Grettisgötu í sumar í stað Petru Jónsdóttur, sem sagt hefur upp starfinu.
Bæjarverkfræðingi falið að annast nauðsynlegar viðgerðir á vellinum, og láta gera opið skýli í norðurhorni vallarinns, mála skúra utan og innan o.fl.

5. Útaf erindi lögreglustjóra, dags. 6. maí, viðvíkjandi umbúnaði um birtugrófar við Laugaveg og Hverfisgötu, var samþykkt að fela bæjarverkfræðingi að gera þær umbætur í samráði við lögreglustjóra, sem þurfa þykir á kostnað bæjarsjóðs, að svo miklu leyti, sem honum ber skylda til.

6. Samþykkt að láta útbúa salerni barnaskólans við Fríkirkjuveg á þann hátt, að þau geti orðið til afnota fyrir almenning í sumar.

7. Samþykkt að láta gera til bráðabirgða mýildi úr bárujárni við Kalkofnsveg og Grettisgötu, þar sem ætlaður er staður fyrir almenningssalerni.

8. Borgarstjóri og Ágúst Jósefsson lögðu fram tillögur um hvar bifreiðar megi standa í bænum.
Samþykkti nefndin að leggja til, að borgarstjóra og Ágústi Jósefssyni, fyrir hönd bæjarstjórnar, verði falið að ákveða í samráði við lögreglustjóra bílastæði í bænum og gjald fyrir þau, og setja reglur þar að lútandi eins og lögreglusamþykktin gerir ráð fyri.

9. Samþykkt að fela borgarstjóra að láta taka eignarnámi ræmu af lóð Carls Sæmundsen & Co. við Pósthússtræti 13 til breikkunar götunnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Hermann Jónasson.

M.Jakob Möller.

Guðmundur Ásbjörnsson.

Valgeir Björnsson.

Guðrún Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, miðvikudaginn 21. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar um að grjótnám og sandtaka beri sig fjárhagslega framvegis og með tilliti til hækkunar á kaupgjaldi sem nú er orðin, ákvað veganefndin, að frá og með deginum í dag skuli söluverð vera þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Salli . . . . . . . . . . . | kr. | 0.95 | hektólítir (tunna) |
| Mulningur nr. 1 og 2 . | " | 1.25 | - " - |
| Mulningur " 3 . | " | 1.00 | - " - |
| Mulningur " " . | " | 0.95 | - " - |
| Sandur . . . . . . . . . . | " | 0.35 | - " - |
| Möl . . . nr. 1 . . . . . | " | 0.45 | - " - |
| Möl . . nr. 2 . . . . . | " | 0.85 | - " - |
| Möl . . nr. 3 . . . . . | " | 0.60 | - " - |
| Möl . . nr. 4 . . . . . | " | 0.45 | - " - |

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Jakob Möller. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðrún Jónasson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1930, þriðjudaginn 27. maí, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ákveðin stefna á gangstéttum sunnan Pósthússtrætis eftir tillögu bæjarverkfræðingsins.

2. Samþykkt að greiða Steinå Steinsen verkfræðingi reikning að upphæð kr. 3500.00 fyrir útreikninga og teikningar af járnbentri steinsteypu í Sundhöll Reykjavíkur.

3. Lagt fram uppkast að samþykkt um bifreiðastæði og takmörkun umferðar.

4. Samþykkt að setja vörslumann á Útnorðurvöll í sumar.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Valgeir Björnsson. Ágúst Jósefsson.

Jakob Möller. Guðrún Jónasson.

Hermann Jónasson. Guðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundi bæjarstjórnar 5. júní 1930 var gjörð þessi
samþykkt um bifreiðastæði í Reykjavík.

Samkvæmt 15.gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, ákveður bæjarstjórnin, að fyrst um sinn megi bifreiðar standa á þessum stöðum í borginni:

A. Bifreiðar, skrásettar í Reykjavík.

I. Leigubifreiðar til mannfluttninga.

1. Á Lækjartorgi vestan og norðanvert við miðstéttina.
2. Á Vitatorgi.
3. Á Óðinstorgi.
4. Á Hólatorgi.

Borgarstjóri og lögreglustjóri ákveða hve margar bifreiðar megi vera á hverjum stað og skal borgarstjóri veita skriflegt leyfi fyrir hverju bifreiðastæði gegn mánaðargjaldi, er greiðist fyrirfram til bæjargjaldkerans og sé goldið 25 krónur á Lækjartorgi, en 5 krónur á hinum stöðunum. Engri bifreið er heimilt að hafast við á stæðunum, nema gjaldið sé áður greitt og getur lögreglan ávallt krafizt að kvittun sé sýnd.

II. Einkabifreiðar til mannfluttninga.

a. Föst stæði.

1. Á Vitatorgi.
2, Á Kirkjutorgi.
3. Í Vallarstræti.
4. Í Thorvaldsensstræti.

Um þessi stæði gilda sömu reglur og um stæðin fyrir leigubifreiðar til mannfluttninga, en mánaðargjaldið skal vera 2 krónur fyrir hvert stæði.

b. Stæði um stundarsakir.

1. Á miðstéttinni milli Geirsgötu og Kalkofnsvegar.
2. Á Káratorgi.
3. Vestanvert við Skólavörðustíg milli Baldursgötu og Njarðargötu.
4. Á Lækjargötu við Búnaðarfélagshúsið.
5. Sunnanvert við Túngötu, 8 metra frá Suðurgötu að fyrstu bugðu á gangstéttinni við húsið nr. 2 við Suðurgötu, 2 stæði.
6. Á Ljósvallagötu meðfram kirkjugarðinum.
7. Á Blómvallagötu fyrir norðan Sólvallagötu.
8. Vestanvert á Ingólfsstræti norðan Hverfisgötu að Sölfhólsgötu.
9. Á Lækjartorgi við stéttina meðfram bankahúsinu, 2 stæði.

frh.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.

10. Í Templarasundi meðfram Alþingishúsgarðinum.

Á þessum stöðum mega einkabifreiðar standa um stundarsakir, þó aldrei lengur en 3 klukkustundir í senn. Þær skulu raða sér niður eftir tilvísun lögreglunnar og mega aldrei vera fleiri í senn á hverjum stað, en tiltekið er í samþykkt þessari, eða auglýst á staðnum.

III. Bifreiðar til ~~t~~ vöruflutninga.

1. Á svæði fyrir austan Barónsstíg, suður af Sundhöllinni.
2. Á svæði sunnanvert við Bræðraborgarstíg fyrir ~~a~~vestan vestasta húsið við stíginn.
3. Á svæði sunnanvert við Framnesveg fyrir vestan Birtingaholt.

Um þessi stæði gilda sömu reglur og um stæðin, sem talin eru undir liðum A, II., b.

B. Bifreiðar skrásettar utanbæjar.

Einkabifreiðar til mannflutninga mega standa á stæðum þeim, er í A, II., b. segir, svo og á Hlemmi milli Hverfisgötu og Laugavegar. Þar aðeins mega og standa leigu- mannflutningabifreiðar og vöruflutningabifreiðar, enda raði þær sér eftir fyrirsögn lögreglunnar.

---

og þessi Samþykkt um takmörkun umferðar í Reykjavík.

Samkvæmt 30. gr. lögreglusamþykktarinnar fyrir Reykjavík setur bæjarstjórnin fyrst um sinn þessar reglur:

1. Um Hverfisgötu má aðeins aka í austurátt og um Laugaveg aðeins í vesturátt frá gatnamótunum við Hverfisgötu.

2. Um götuna frá Austurstræti yfir Lækjartorg meðfram bankahúsinu mega eingöngu aka þær bifreiðar, sem stæði hafa á Lækjartorgi eða erindi eiga að húsum við götuna og aðeins í áttina frá Austurstræti.

3. Um Vallarstræti má aðeins aka í áttina frá Pósthússtræti og um Thorvaldsensstræti aðeins í áttina frá Vallarstræti.

4. Um Tjarnargötu, milli Kirkjustrætis og Vonarstrætis má aðeins aka í áttina frá Kirkjustræti.

frh.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frh.

5. Um Spítalastíg milli Þingholtsstrætis og Ingólfsstrætis má aðeins aka í áttina frá Þingholtsstræti.

6. Um Naustina milli Tryggvagötu og Geirsgötu, má aðeins aka í áttina frá Tryggvagötu og um Brúnina aðeins í áttina að Tryggvagötu.

7. Um Lokastíg má aðeins aka í áttina frá Týsgötu.

8. Yfir þvert Vitatorg, Óðinstorg, Káratorg og Kirkjutorg má aðeins aka til að komast að og frá bifreiðastæðum, og á Kirkjutorgi, þar sem bifreiðastæði eru á miðju torgi skal ávalt aka vinstra megin við stæðið.

---

Og ennfremur var samþykkt svohljóðandi <u>tillaga frá borgarstjóra um almenningsbíla.</u>

Bæjarstjórnin hefir falið mér að athuga á hvern hátt muni tiltækilegt að koma á föstum ferðum almenningsbíla um borgina á þessu ári.
Það er mitt álit, að æskilegt væri að almenningsbílar færu fastar ferðir frá Framnesvegi inn undir Elliðaár og að Kleppi og sömu leið til baka, og tel ég að umferðin sé orðin það mikil að ekki þyrfti að kosta til slíkrar ferða miklu fé úr bæjarsjóði, enda þótt ég telji víst, að fyrst um sinn verði að styrkja slíkar ferðir með nokkru fjárframlagi.
Er það tillaga mín, að bæjarstjórnin gefi mönnum kost á að koma fram með tilboð um rekstur almenningsbíla á þeirri leið, sem ég nefndi og sé veganefnd falið að leggja ákveðnar tillögur um málið fyrir bæjarstjórn, er tilboð eru fengin.

---

Samþykktir þessar eru færðar hér í gjörðabók veganefndar samkvæmt ályktun bæjarstjórnar.

K.Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 12. júlí 1930, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Nefndin samþykkti að fela frú Guðrúnu Jónasson að hafa eftirlit með náðhúsum kvenna í Bankastræti og Veltusundi, og Ágúst Jósefssyni eftirlit með náðhúsi karla í Bankastræti.

2. Borgarstjóri skýrði frá, að komið hefðu tvö tilboð í raflögn í Sundhöllina, annað frá Rafmagn Ltd. og hitt frá Bræðrunum Ormsson, hið fyrra kr. 2700.00 + 4 mm. blýstreng á kr. 5.00 og 6 mm. blýstreng á kr. 6.00. - Hið síðara kr. 2600.00 + 3 x 6 mm. blýstreng á kr. 3.50 pr. meter. Síðara tilboðinu var tekið.

3. Lagt fram bréf frá Kristni Sigurðssyni, þar sem hann fer fram á að fá uppbót á byggingarkostnaði sundhallarinnar, sem því nemur, sem byggingaefni og vinnukaup hefir hækkað.
Nefndin telur sanngjarnt að Kristinn fái einhverja uppbót, og felur bæjarverkfræðingi að athuga málið til næsta fundar.

4. Rætt um sorphreinsunina.
Svæðið fyrir sunnan Tjörnina, að Hringbraut, þar sem sorpið hefir verið látið er nú það uppfyllt, að ekki er hægt að koma þar fyrir meira sorpi.

Leggur nefndin til, að fyrst um sinn verði sorp úr öllum bænum flutt í krókinn austanvert við Grandagarðinn að fyrirhugaðri bátahöfn, enda verði gerður til bráðabirgða veggur úr timbri til að varna því, að fyllingin berist út í höfnina.
Ætlast nefndin til, að hafnarsjóður láti gera vegginn og eignist uppfyllinguna.
Jafnframt leggur nefndin til, að útbúnir verði tveir bílar til að flytja sorpið úr bænum á þennan stað.

Á fund vantaði Hermann Jónasson og Guðrúnu Jónasson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Guðm.Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson. Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 30. september 1930, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðis:

1. Forstöðunefnd Kvennaskólans fer fram á, að lögð verði gangstétt suður fyrir inngang skólans.
Nefndin getur ekki orðið við beiðninni.

2. Útaf erindi Friðreks Þorsteinssonar um byggingu á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis, var borgarstjóra falið að leita samninga við eigendur lóðanna vestan Bergstaðastrætis um afhendingu lóða undir breikkun götunnar.

3. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 30. ágúst þ.á., þar sem farið er fram á að Landsspítalinn fái endurgjaldslaust afnot af heitu vatni úr laugunum.
Enda þótt ríkisstjórnin hafi ekki viljað verða við tilmælum bæjarstjórnar um þátttöku í kostnaði við jarðboranir eftir heitu vatni, leggur nefndin til, að bæjarstjórnin gefi Landsspítalanum kost á því að fá vatn úr hitaveitunni gegn endurgjaldi er samsvari kostnaði á hverjum lítra.

4. Lagt fram bréf frá Rannveigu Sigurðardóttur, Vesturgötu 32, viðvíkjandi burtfellingu á gangstéttargjaldi.
Nefndin vill ekki mæla með því að gjald þetta verði fellt burtu.

5. Lögð fram tilboð um glugga og gler í Sundhöllina frá húsameistara ríkisins.
Tilboðin eru ekki svo úr garði gerð, að unnt sé fyrir nefndina að átta sig á þeim til fullnustu án frekari rannsóknar. Var bæjarverkfræðingi falin rannsóknin, en að öðru leyti leggur nefndin til, að henni verði falið að ganga frá kaupunum.

6. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um aukinn kostnað við byggingu Sundhallarinnar vegna hækkunar á vinnukaupi og byggingarefni, en Kristinn Sigurðsson hefir farið fram á, að fá uppbót á því verði, sem hann hefir tekizt á hendur að byggja Sundhöllina fyrir, sbr. fund nefndarinnar 12. júlí þ.á..
Verkfræðingurinn hefir komizt að þeirri niðurstöðu, að hækkun á efni nemi kr. 4385.00, og hækkun á vinnu nemi kr. 4000.00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Með því að bæðinn sjálfur hefir selt byggingarefni til Sundhallarinnar, leggur nefndin til að Kristni Sigurðssyni verði greidd kr. 4385.00 uppbót vegna hækkunar á efninu, en beiðninni um uppbót fyrir hækkun á vinnukaupi verði ekki sinnt..

Á fund vantaði Hermann Jónasson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Jóhannsson. Ágúst Jósefsson m. fyrirv. um 3. lið.

Guðrún Jónasson.

Guðm. Ásbjörnsson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 3. október 1930, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra:

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um tilboð í glugga í Sunhöllina, sbr. fund nefndarinnar 30. sept. Þ.á., 5.lið.

Leggur bæjarverkfræðingur til, að tekið verði tilboði frá R. Zimmermann, og fællst nefndin á það, að því tilskyldu, að handföng verði úr bronzi.

Tilboðið er sent frá Á. Einarsson & Funk, og er að upphæð kr. 7241.00 isl. cif. Reykjavík.

Samþykkt að taka tilboði frá Verzl. Brynja um gluggagler í Sundhöllina, að upphæð kr. 1150.00, 24 unzu gler.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Jóhannsson. Hermann Jónasson.

Valgeir Björnsson. Guðrún Jónasson.

---

Í samráði við bæjarverkfræðing hefi ég gjört lítillsháttar breytingu á gluggum, sem veganefndin samþykkti að kaupa hjá Á. Einarsson & Funk, svo að heildarverð þeirra verður kr. 7568.00 cif. Reykjavík.

6.októb. 1930.

K.Zimsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 3. nóvember 1930, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá búendum við Lágholtsveg um að lögð verði skólpleiðsla í veginn.
Ennfremur erindi frá Þorl. Helga Eyjólfssyni um skólpleiðslu í Ásvallagötu vestantil.
Og enn erindi frá Boga A.J. Þórðarsyni um viðgerð á Frakkastíg milli Laugavegs og Hverfisgötu.

2. Borgarstjóri lagði fram nokkur erindi um almenningsbíla í bænum.
Nefndin vill ekki gera tillögur um, að bæjarstjórnin að svo stöddu leggi fram fé til almenningsbíla innan Hringbrautar.
Hinsvegar leggur nefndin til, að bæjarstjórnin leiti samninga um flutning fyrir skólabörn er búa austan við bæinn við Þvottalaugaveg og þar fyrir innan, og veiti til þess til 14. maí 1931 fyrir hverja ferð til eða frá skóla 15 aura styrk, enda borgi börnin sjálf 5 aura fyrir hverja ferð.
Ágúst Jósefsson leggur til, að börnin verði flutt alveg ókeypis fram og aftur.
Fundi frestað til kl. 9 f.h. á morgun.

Á fund vantaði Guðmund Jóhannsson og Hermann Jónasson.

K.Zimsen.

Valgeir Björnsson | Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. | Hjalti Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 4. nóvember 1930 kl. 9 árdegis, var fundinum frá í gær haldið áfram.

Þetta gerðist:

I. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar fyrir árið 1931:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Til þrifnaðar, snjómoksturs o.fl. | kr. | 60000.00 |
| 2. | " salernahreinsunar . . . . . . . . | " | 26000.00 |
| 3. | " sorphreinsunar . . . . . . . . . . . | " | 60000.00 |
| 4. | " hesthússins . . . . . . . . . . . . | " | 20000.00 |
| 5. | " bifreiða . . . . . . . . . . . . . | " | 50000.00 |
| 6. | " vinnu fyrir húseigendur . . . . . | " | 8000.00 |
| 7. | " grjótnáms . . . . . . . . . . . . | " | 160000.00 |
| 8. | " sandtöku . . . . . . . . . . . . . | " | 40000.00 |
| 9. | " smiðjunnar . . . . . . . . . . . . | " | 8000.00 |
| 10. | " trésmiðjunnar . . . . . . . . . . . | " | 25000.00 |
| 11. | " efniskaupa . . . . . . . . . . . . | " | 20000.00 |
| 12. | " áhalda . . . . . . . . . . . . . . | " | 10000.00 |
| 13. | " leikvalla . . . . . . . . . . . . . | " | 15000.00 |
| 14. | " viðhalds og umsjónar við þvottal. | " | 5000.00 |
| 15. | " sundlauganna . . . . . . . . . . . | " | 6000.00 |
| 16. | " skautasvells f. almenning . . . . | " | 1000.00 |
| 17. | " götulýsingar . . . . . . . . . . . | " | 35000.00 |
| 18. | " viðhalds gatna og ræsa . . . . . | " | 70000.00 |
| 19. | " reksturs náðhúsa . . . . . . . . . | " | 6000.00 |

II. Rætt um gatnagerð, malbikun o.fl. á næsta ári.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Hermann Jónasson.

Valgeir Björnsson.

Guðm. Jóhannsson.

Hjalti Jónsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 12. nóv. 1930 hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri lagði fram tillögu frá Einari Arnórssyni, sem samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundi, um að nefndin rannsaki eða láti rannsaka, hvort og með hverjum hætti hér skuli komið á reglubundnum mannfluttningum í almenningsbifreiðum um og umhverfis bæinn.

Nefndin samþykkti að fara fram á það við Guðmund Jóhannsson kaupmann, að hann taki að sér rannsókn á þessu máli í samræmi við tillöguna, og gefi nefndinni skýrslu um athuganir sínar svo fljótt sem unnt er.

2. Gerðar tillögur til fjárhagsáætlunar.

| | | |
|---|---|---|
| Til holræsis í Rauðarárlæk, frá Laugavegi niður fyrir íbúðarhús Gasstöðvarinnar . . . . . . | kr. | 10500.00 |
| Til holræsis í Lágholtsveg . . . . . . | " | 2200.00 |
| <u>Til nýrra gatna:</u> | | |
| a. Tryggvagata og Barónsstígur . . . | " | 47500.00 |
| b. Gata í Félagsgarðstúni . . . . . . . | " | 18000.00 |
| c. Tvær götur í Skólavörðuholti hjá Hanshúsi . . . . . . . . . . . . . . . | " | 58000.00 |
| d. Norðurendi Garðastrætis . . . . . | " | 10000.00 |
| <u>Malbikun gatna!</u> | | |
| a. Laugavegur frá Norðurpól að Suðurlandsvegi. . . . . . . . . . . . . . . | " | 60000.00 |
| b. Frakkastígur milli Hverfisgötu og Laugavegar . . . . . . . . . . . . . | " | 12000.00 |
| c. Fríkirkjuvegur að Skothúsvegi . . | " | 33000.00 |
| Til að fullgera akbrautir og gangstéttir í Sjafnargötu, Fjölnisgötu, Mímisvegi, Barónsstíg, Bergþórugötu, Bergstaðastræti og Garðastræti . . | " | 25000.00 |

3. Áætlaðar tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| a. Hesthúsið . . . . . . . . . . . . . . | kr. | 20000.00 |
| b. Bifreiðar . . . . . . . . . . . . . | " | 50000.00 |
| c. Vinna f. húseigendur . . . . . . . . | " | 8000.00 |
| d. Grjótnámi . . . . . . . . . . . . . | " | 160000.00 |
| e. Sandtöku . . . . . . . . . . . . . | " | 40000.00 |
| f. Smiðjan . . . . . . . . . . . . . | " | 8000.00 |
| g. Trésmíðastofan . . . . . . . . . | " | 25000.00 |
| h. Efnissala . . . . . . . . . . . . | " | 20000.00 |
| i. Sundkennslustyrkur . . . . . . . . . | " | 300.00 |

$. Veganefndin telur rétt, að kostnaðurinn við að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fullgera Sundhöllina, verði greiddur með lánsfé aðallega.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Jakob Möller. Guðrún Jónasson.

Valgeir Björnsson. Hermann Jónasson.

Guðmundur Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 23. janúar 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Benedikt Gröndal, verkfræðingur tilkynnir, að hitaveitan frá Þvottalaugunum að barnaskólanum við Bergþórugötu sé nú tilbúin og tekin til notkunar.
Jafnframt var lagður fram reikningur verkfræðingsins fyrir áætlanir og umsjón með verkinu kr. 6577.00, og samþykkti nefndin að reikningurinn yrði greiddur.

2. Lögð fram áætlun um reksturskostnað og söluverð á heita vatninu úr laugunum eftir Benedikt Gröndal verkfræðing. Er hann nú að athuga á hvern hátt bezt megi hagnýta laugavatnið.

3. Rætt um á hverjum verkum ætti að byrja, til atvinnubóta.

4. Lagt fram bréf frá J.B.Péturssyni, blikksmið, ásamt reikningi, kr. 560.00, fyrir skemmdir á efni í kjallara vinnustofu hans, vegna stíflunnar í skólpleiðslunni í Ægisgötu á síðastliðnu vori.
Það er upplýst að stíflan í skólpleiðslunni hefir orðið vegna feiti, sem borizt hefir í leiðsluna frá smjörlíkisgerðinni "Ásgarður", enda feitibrunnur á leiðslu smjörlíkisgerðarinnar mjög ófullkominn. Telur nefndin, að ef um skaðabætur sé að ræða, þá beri smjörlíkisgerðinni að greiða þær.
Jafnframt felur nefndin bæjarverkfræðingi, að leggja fyrir smjörlíkisgerðina að breyta feitibrunninum í tryggilegt horf.

Á fund vantaði Hermann Jónasson og Jakob Möller, sem var veikur.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.

Guðrún Jónasson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 6. febrúar 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Bæjarverkfræðingur skýrði frá, að vinna væri byrjuð á fimm stöðum, við gatnagerð og aukningu vatnsveitunnar, og vinna að þessum verkum nú 78 menn alls.

2. Rætt um tillögu frá Einari Arnórssyni og fl., sem samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundi.
Með því að ágreiningur var um það,hvernig skilja bæri tillöguna, samþykkti meiri hluti nefndarinnar eftirfarandi ályktun:
Veganefndin telur rétt, að atvinnubótavinnu verði haldið áfram með því fyrirkomulagi, sem fátækranefnd hefir lagt til, en ef nú þegar eigi auk þess, að veita þeim mönnum öllum atvinnu, sem sagt var upp bæjarvinnunni í janúarlok, án tillits til heimilisástæðna, þá verði, samkvæmt upplýsingum frá borgarstjóra, að útvega bæjarsjóði meira fé til umráða en tekizt hefir að fá fyrirheit um, og beinir veganefnd því til fjárhagsnefndar, að rannsaka möguleika til þess.
Ágúst Jósefsson er tillögunni ósamþykkur.

Hermann Jónasson kom á fundinn í byrjun fundarinns, en fór af fundi áður en ofanrituð ályktun kom fram.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson.

Hjalti Jónsson. Valgeir Björnsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 11. marz 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa nú:
Guðmundur Ásbjörnsson,
Guðrún Jónasson,
Ágúst Jósefsson,
Einar Arnórsson, og
Hermann Jónasson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar, og ritari Ágúst Jósefsson. Vararitari Guðmundur Ásbjörnsson.

Þetta gerðist:

1. Útaf erindi frá minnisvarðanefnd Hannesar Hafstein um uppsettningu á myndastyttu af Hannesi, ákvað veganefndin að tilkynna minnisvarðanefndinni, að ef hún sjálf lætur setja myndina á hinn ákveðna stað við Tjarnargötu, þá muni bæjarsjóður greiða allt að 3 þúsund krónur til verksins, eins og áður hefir verið samþykkt af bæjarstjórninni.

2. Lagðar fram tillögur og greinargjörð um rekstur almenningsbíla í Reykjavík frá Guðmundi Jóhannssyni bæjarfulltrúa.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að bæjarstjórnin auglýsi eftir tilboðum um rekstur 5 almenningsbíla á þeim grundvelli, sem lýst er í tillögum Guðmundar Jóhannssonar.

3. Bæjarverkfræðingur lagði fram tilboð frá Köbenhavns Asfaltkompagni um malbikun gatna í bænum.

Með því að tilboðið er að nokkru leyti miðað við það, að ríkisstjórnin geri einnig samning við félagið um malbikun á þjóðvegum, getur nefndin ekki tekið afstöðu til málsins að svo stöddu.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Hermann Jónasson.

Guðrún Jónasson.

Guðmundur Ásbjörnsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 4. apríl 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá forsætisráðherra, dags. 24. marz þ.á., þar sem farið er fram á, að standmyndindin af Leifi Eiríkssyni verði reist á Skólavörðuhæðinni.
Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að heimilað verði að standmyndin verði reist á þessum stað.

2. Tekið fyrir erindi frá minnisvarðanefnd Hannesar Hafstein, sem bæjarstjórnin hafði vísað til nefndarinnar, ásamt tillögu Páls E. Ólasonar, um hvort ráðlegt þyki að raska líkneskjum á almannasvæðum í Reykjavík.
Meiri hluti nefndarinnar er því samþykkur, að vel geti. farið á því, að líkneski Jóns Sigurðssonar verði látið á Austurvöll fyrir framan Alþingishúsið, en líkneski Hannesar Hafsteins verði sett fyrir framan stjórnarráðshúsið, þar sem líkneski Jóns Sigurðssonar er nú, og að líkneski Thorvaldsens verði sett í skemmtigarðinn fyrir sunnan tjörnina.
Áður en nefndin gerir tillögu til bæjarstjórnar, felur hún borgarstjóra að leita álits ríkisstjórnarinnar um þetta mál.

3. Borgarstjóri skýrði frá samningatilraunum um kaup á lóð úr nr. 10 við Skólavörðustíg til breikkunar á Bergstaðastræti.
Nefndin ákveður að láta meta lóðina ásamt útihúsi, sem á henni stendur, en þarf að rífa.

4. Bæjarverkfræðingi falið að gera veginn frá sundlaugunum austur að Laugarásnum umferðarfæran, enda var byrjað á undirbúningi þessa verks, sem atvinnubótavinna.

Fundi slitið.

K.zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Valgeir Björnsson.

Hermann Jónasson.

Guðrún Jónasson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Einar Arnórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 8. apríl 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Rætt um almenningsbifreiðar. Tilboð um rekstur almenningsbifreiða áttu samkvæmt auglýsingu borgarstjóra, dags. 25. marz, að vera komin á skrifstofuna kl. 10 árdegis í dag.

Aðeins eitt tilboð kom fram, frá Ólafi Þorgrímssyni og Gústaf A. Sveinssyni, fyrir hönd hlutafélags, sem í ráði er að stofna til þess að annast rekstur almenningsbifreiða í bænum. Bjóðast þeir til að hafa fimm stórar lokaðar bifreiðar, sem taki 15-20 manns hver og eina til vara. Fargjöld 10-25 aurar innan verzlunarlóðarinnar og 30 aurar utan hennar.

Þeir áskilja að undanþága fáist frá umferðarreglunum um Laugaveg fyrir bifreiðar þessar, og að félagið fái bifreiðastæði á Hlemmi og á Lækjartorgi næstu 10 ár, sem aðalstöðvar.

Nefndin vill ekki mæla með því, að heimila væntanlegu félagi Lækjartorg sem aðalstöð fyrir bifreiðar um næstu 10 ár, frestar að gera tillögur í málinu til næsta fundar.

2. Rætt um tilboð Köbenhavns Asfaltkompagni um malbikun gatna. Tilboðið hefir verið þýtt á íslezku og verður sent bæjarfulltrúunum.

Nefndin telur sér ekki fært að gera tillögu um, að tilboðinu verði sinnt að þessu sinni.

Á fund vantaði borgarstjóra og Einar Arnórsson.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson.

Hermann Jónasson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 15. maí 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Barnavinafélagið "Sumargjöf" sækir um 1500-2000 kr. styrk til að gera leikvöll á landi félagsins fyrir sunnan Landsspítalann.
Samþykkt að félagið fái 1500 kr. af því fé, sem ætlað er til leikvalla.

2. Samþykkt að greiða kostnað við aðstoð við sundkennslu stúlkna í sundlaugunum.

3. Útaf tilmælum um lagfæringar á sundlaugunum var þeim Ágúst Jósefssyni og Guðmundi Ásbjörnssyni og bæjarverkfræðingi falið að athuga hvað gera þarf.

4. Lagt fram erindi frá Flugfélagi Íslands um að gerður verði vegur frá Kleppsvegi að flugskálanum í Vatnagörðum.
Nefndin getur ekki lagt til, að vegur þessi verði gerður á þessu ári.

5. Lagt fram samningsuppkast frá Ólafi Þorgrímssyni um rekstur almenningsbíla.
Nefndin getur ekki fallist á samningsuppkast þetta, en felur borgarstjóra og Ágúst Jósefssyni að gera nýtt samningsuppkast.

6. Lagður fram reikningur frá Guðmundi Jóhannssyni fyrir að gera tillögur og athuganir um rekstur almenningsbíla, kr. 500.00.
Samþykkt að greiða reikninginn.

7. Samþykkt að framlengja holræsi í Brávallagötu, svo að hús neðantil við Blómvallagötu nái sambandi við það.

8. Lagt fram uppkast að samningi um hitun Landsspítalans með laugavatni, og erindi Ben. Gröndals um stækkun hitaveitunnar.
Málinu frestað og ákveðið að senda nefndarmönnum afrit af uppkastinu.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Hermann Jónasson.
Guðrún Jónasson.
Guðm. Ásbjörnsson.

Ágúst Jósefsson.
Einar Arnórsson.
Bolli Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 29. júní 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. H/f. Kvennaheimilið býður bænum lóð félagsins við Garðastræti og Túngötu fyrir barnaleikvöll næstu tvö ár gegn því að lóðin verði sæmilega girt.
Nefndin vill ekki sinna þessu.

2. Lagt fram bréf frá forsætisráðherra, dags. 2. júní þ.á., þar sem hann fellst á, að standmyndin af Hannesi Hafstein verði reist á þeim stað, er líkneski Jóns Sigurðssonar forseta nú stendur á fyrir framan stjórnarráðshúsið, en að síðarnefnt líkneski verði um leið flutt á Austurvöll, jafnframt því að líkneskið af Albert Thorvaldssen verði flutt í skemmtigarðinn við tjörnina.
Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin heimili, að líkneski Jóns Sigurðssonar verði sett á Austurvöll, þar sem nú er líkneski Alberts Thorvaldsens, og að bæjarstjórnin kosti flutninginn þess í skemmtigarðinn við tjörnina ef til kemur.

3. Borgarstjóri og Ágúst Jósefsson lögðu fram uppkast að samningi milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og væntanlegs félags um almenningsbifreiðir.
Nefndin gerði nokkrar breytingar á uppkastinu, og ákvað að senda bæjarfulltrúunum eftirrit af því, en frestar að gera tillögur að svo stöddu.

4. Tekið fyrir að ræða ~~skipu~~ um skipulagsuppdrátt bæjarinns innan Hringbrautar.
Ákveðið að bíða eftir tillögum bygginganefndar.

5. Nefndin leggur til, að heimila borgarstjóra að kaupa ræmur af lóðunum nr. 6, 6b og 6c við Bergstaðastræti til breikkunar götunnar, fyrir 12 kr. hvern ferm.

6. Rætt um samning milli bæjarstjórnar og Landsspítaland um laugavatn til spítalans.
Með því að tvo nefndarmenn vantaði á fundinn var málinu frestað.

Á fund vantaði Einar Arnórsson og Hemann Jónasson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson.
Guðm. Ásbjörnsson.

Ágúst Jósefsson.
Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 13. júlí 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Ríkisútvarpi Íslands, dags. 1. júlí þ.á., þar sem bent er á nauðsyn til þess að leggja nýjan veg upp að útvarpsstöðinni á Vatnsendahæð, og telur vegamálastjórn heppilegast að leggja hann út af aðalveginum innarlega í Sogamýri. Spyrzt Ríkisútvarpið fyrir um það, hvort og að hve miklu leyti bæjarstjórn Reykjavíkur kynni að sjá sér fært að taka þátt í vegagerð þessari.
Nefndin frestar að svo stöddu að gera tillögu út af bréfi þessu.

2. Nefndin ræddi uppkast að samningi um almenningsbifreiðar og gerði nokkrar breytingar á því. Leggur nefndin til, að uppkastið þannig breytt verði samþykkt.

Á fund vantaði Hermann Jónasson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Einar Arnórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Föstudaginn 31. júlí, 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Hjalta Einarssyni á Meistaravöllum um að fá leyfi til að hafa 5 smábáta til siglinga og róðra á á tjörninni.
Nefndin vill ekki mæla með að erindinu verði sinnt.

2. Lagt fram erindi frá búendum á Sogablettum, viðvíkjandi skurðgretti, sorphreinsun, salernahreinsun o.fl.
Bæjarverkfræðingi og heilbrigðisfulltrúa falið að athuga erindið.

3. Lagður fram reikningur frá Kristni Sigurðssyni að upphæð kr. 5660.00, fyrir aukna púkkfyllingu við Sundhöllina. Reikningurinn er samþykktur af eftirlitsmönnum við bygginguna.
Samþykkt að greiða reikninginn.

4. Tekið fyrir uppkast að samningi við Landsspítalann um laugavatn til upphitunar spítalans.
Tveir nefndarmenn vilja aðhyllast uppkastið eins og það liggur fyrir, en tveir nefndarmenn, sem á fundi voru, vilja að vatnið verði selt eftir því verði, sem samsvarð kolaverði á hverjum tíma, og leggja til að samin verði gjaldskrá um sölu heita vatnsins yfirleitt.

Á fund vantaði Guðrúnu Jónasson.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Einar Arnórsson.

Hermann Jónasson. Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 28. september 1931, var fundur haldinn í veganefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla um sundkennslu stúlkna í sundlaugunum.

2. Lögð fram beiðni Kr. P. Friðrekssyni um að honum verði leyft eitt bílstæði í Lækjargötu fyrir framan bifreiðastöðina "Heklu".
Nefndin leggur til, að umsækjanda verði leigt eitt bílstæði á hinum umbeðna stað fyrst um sinn gegn sömu ársleigu og á Lækjartorgi.

3. Athugaðar tillögur Ben. Gröndal um nýtingu heita vatnins úr laugunum.
Nefndin telur sjálfsagt að vatnið verði nýtt í hverfinu milli Barónsstígs, Freyjugötu, Njarðargötu og Laufásvegar, og bæjarverkfræðingi falið að athuga möguleika til þess.
Lögð fram bréf frá Sveinbirni Kristjánssyni, Laugavegi 147 og Óskari Smith, Laugavegi 144, um að fá heitt vatn úr aðalæð hitaveitunnar til að hita hús þeirra.
Nefndin getur ekki orðið við beiðni þessara manna, því hún telur óráðlegt að taka heitt vatn úr aðalæð veitunnar.

4. Lagt fram bréf frá Arnfinni Sveinbjörnssyni, Sjafnargötu 26, um að veganefndin sjái honum fyrir skólpleiðslu frá húsi sem hann er að byggja á lóðinni Eskihlíð D.
Nefndin getur ekki orðið við þessari beiðni.

5. Lagt fram bréf frá landssímastjóra, um, aðgerð verði látin fara fram á Thorvaldsensstræti og gatan helzt malbikuð, en að minnsta kosti verði gerð góð gangstétt með. fram húsunum.
Nefndin frestar erindinu til athugunar í sambandi við fjárhagsáætlun.

6. Rætt um hvaða verkefni ætti að framkvæma, sem atvinnubótavinnu, ef til kæmi.

7. Samþykkt að gera vegarspotta frá Hafnarfjarðarveginum að nýja kirkjugarðinum í Fossvogi, og greiði kostnaðinn af fjárveitingu til óvissra gjalda.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson.
Guðrún Jónasson.
Hermann Jónasson.
M. Júl. Magnús. Guðm.Ásbjörnsson. Valg. Björnss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 31. október 1931, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá sóknarnefnd dómkirkjusafnaðarinns og safnaðarstjórn fríkirkjusafnaðarins um að auk þess vegar, sem þegar er gerður að nýja kirkjugarðinum í Fossvogi, verði gerður nýr vegur frá Hafnarfjarðarvegi að hliði á norðurhlið kirkjugarðsins.
Nefndin sér ekki ástæðu til, að þessi vegur verði gerður að svo stöddu, og leggur því til, að sinjað verði um leyfið til vegagerðarinnar.

2. Rætt um þessi verkefni, sem framkvæmd yrðu sem atvinnubótavinna, ef til kemur:

a. Framræsla í Breiðholtslandi og Fossvogi.
b. Lögun á Skólavörðutorgi.
c. Pípulagnir í Ásvallagötu og Hringbraut vegna verkamannabústaðanna.
d. Framlenging Njarðargötu yfir Vatnsmýrina.
e. Undirbúningsvinna í og við Kringlumýri vegna smágarða.
f. Vegagerð í Prestatúni við Sellandsstíg.
g. Vinna í höfninni (bátahöfn).

3. Lagt fram bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands um atvinnubætur fyrir konur.

4. Veganefnd leggur til, að sérstök 3 manna nefnd verði kosin til þess að gjöra endanlegar tillögur um hvaða verk~~i~~ skuli unnin sem atvinnubótavinna.

5. Lagt fram bréf frá bæjarverkfræðingi viðvíkjandi grágrýti og blágrýti til steinsteypu og gatnagerðar.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Guðrún Jónasson. Ágúst Jósefsson.

Hermann Jónasson. Einar Arnórsson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1932, laugardaginn 27. febrúar, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa þessir bæjarfulltrúar:
Guðmundur Ásbjörnsson.
Guðrún Jónasson.
Kjartan Ólafsson.
Einar Arnórsson.
Ágúst Jósefsson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar, og Ágúst Jósefsson ritari.

Þetta gerðist:

1. Nefndin samþykkti að leyfa forgöngumönnum íslenzku vikunnar að mála auglýsingar á götur bæjarinns meðan vikan stendur yfir.

2. Lögð fram umsókn frá Garðari Gíslasyni stórkaupmanni um heimild til að setja benzingeymi á lóð hans Hverfisgötu nr. 6.
Umsóknin hefir verið send slökkviliðsstjóra til umsagnar, og virðist honum ekkert til fyrirstöðu að leyfið verði veitt, og fellst veganefndin á það fyrir sitt leyti.

3. Lagt fram erindi frá Agli Vilhjálmssyni um að fyrirbyggt verði vatnsrennsli úr Norðurmýri, sem gerir honum ófært að komast að íbúð í vestur enda húss síns við Laugaveg og Rauðarárstíg.
Nefndin samþykkir að láta laga ræsi þetta.

4. Lagt fram erindi frá Páli Stefánssyni um bílastæði í kolasundi.
Borgarstjóra falið að ræða við Pál um málið.

5. Lagt fram erindi Kristjáns Fr. Kristjánssonar um leyfi til að byggja söluturn á Lækjartorgi.
Nefndin vill ekki mæla með því að leyfi þetta verði veitt.

6. Lagt fram erindi frá Aðalstöðinni, Bifreiðastöð Reykjavíkur og Litlu Bílastöðinni um lækkun á leigu fyrir bílastæði á Lækjartorgi.
Nefndin leggur til, að erindinu sé synjað.
Fundi slitið.

K.Zimsen.

Kjartan Ólafsson.
Valgeir Björnsson.
Einar Arnórsson.

Ágúst Jósefsson.
Guðrún Jónasson.
Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 15. marz 1932, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá eiganda Hótel Heklu um lagfæringu á Thomsenssundi.
Bæjarverkfræðingi falið að athuga sundið og láta framkvæma nauðsynlega viðgerð.

2. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin samþykki að taka eignarnámi húseignina, sem talin er nr. 2 b. við Bræðraborgarstíg, sem stendur þvers fyrir Ránargötu. Samningatilraunir um kaup á hluta af lóðinni hafa reynzt árangurslausar.

3. Vegna þess að innan skamms á að setja upp minnismerki Leifs heppna, er nauðsynlegt að Skólavarðan verði rifin. Leggur nefndin til, að bæjarverkfræðingi verði falið að láta rífa vörðuna.

4. Rætt um breytta tillögu um sorp- og salernahreinsun.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Kjartam ólafsson.

Guðrún Jónasson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 4. apríl 1932, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Kristjáni Kristjánssyni um leyfi til að byggja söluturn á Lækjartorgi.
Nefndin leggur til að erindinu sé ~~neit~~ synjað.

2. Lagt fram erindi frá Gunnari Stefánssyni um leyfi til að ~~að~~ setja færanlegan söluturn á Lækjartorg.
Nefndin leggur til að erindinu sé synjað.

3. Lagt fram eftirrit af stefnu frá J.B.Péturssyni út af skemmdum á efni í blikksmiðju hans vegna stíflu í skólpræsi í Ægisgötu 1931, þar sem hann krefst skaðabóta úr bæjarsjóði vegna skemmdanna.
Bæjarstjórnin hefir áður samþykkt að neita að greiða þessar skaðabætur, og telur nefndin rétt, að dómur verði látinn ganga um málið.

4. Lagt fram erindi frá útvarpsstjóranum, þar sem hann spyrst fyrir um hvort bæjarstjórnin sjái sér fært að taka að einhverju leyti þátt í vegagerð af Suðurlandsbraut í Sogamýri upp að útvarpsstöðinni á Vatnsendahæð.
Þar sem ekki liggja fyrir neinar ákvarðanir um legu eða gerð vegarinns, getur nefndin ekki gert neinar tillögur að svo stöddu.

5. Út af bréfi frá Íþróttasambandi Íslands um lagfæringu á sundlaugunum, ákvað nefndin að hafa fund með fulltrúa sambandsins um málið.

6. Samþykkt eftir tillögu bæjarverkfræðings að kaupa veghefil.

Fundi slitið.
K.Zimsen.

M.Júl.Magnús. Ágúst Jósefsson.
Guðrún Jónasson. Kjartan Ólafsson.
Valgeir Björnsson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1932, fimmtudaginn 12. maí, kl. 11 árdegis, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Húseigendur í Mýri, Mýrarholti og Nýlendu, fara fram á að Nýlendugata verði framlengd og skólpræsi ásamt vatns- og gasæð lögð í götuna.
Nefndin vill ekki mæla með þessu.erindi.

2. Ákveðið var að ráða Helgu Arngrímsdóttur Njálsgötu 3 til að hafa umsjón með barnaleikvellinum við Grettisgötu, fyrir 175 krónur á mánuði.

3. Samþykkt að ráða Hallgrím Þorsteinsson til að gæta Útnorðurvallar í sumar, fyrir 175 krónur á mánuði.

4. Egill Vilhjálmsson sækir um að fá heitt vatn úr hitaveitu bæjarinns, til upphitunar á húsinu nr. 118 við Laugaveg. Nefndin vill ekki mæla með þessu að svo komnu.

5. Íþróttasamband Íslands fer þess á leyt að bærinn kaupi land við Nauthólsvík fyrir íþróttasvæði, leggi veg þangað og hjálpi til að flytja sundskólann þangað.
Þegar af þeirri ástæðu að fé er ekki fyrir hendi getur nefndin ekki mælt með þessu erindi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Einar Arnórsson. Guðm. Ásbjörnsson.

Ágúst Jósefsson. Hjartan Ólafsson. Guðrún Jónasson.

Valgeir Björnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1932, fimmtudaginn 30. júní, hélt veganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá bifreiðastöðinni "Hringurinn" um bifreiðastæði á Kirkjutorgi, sem bæjarstjórnin á fundi sínum 15. júní vísaði til nefndarinnar til athugunar.
Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að erindinu verði synjað, en að borgarstjóra verði heimilað að leyfa þessari bifreiðastöð að hafa tvær bifreiðar í Lækjargötu fyrir framan hús búnaðarfélagsins gegn 10 króna mánaðargjaldi.

2. Lagt fram erindi frá 6 mönnum um að Ránargata, sem fyrirhuguð er milli Bræðraborgarstígs og Brekkustígs verði gerð í sumar.
Nefndin sér sér ekki fært að mæla með erindinu.

3. Bæjarstjórnin vísaði til nefndarinnar erindi Íþróttasambands Íslands um kaup á landi við Nauthólsvík fyrir íþróttasvæði og sundskóla við víkina, ásamt tillögum, sem fram komu á fundi bæjarstjórnar 19. maí þ.á.
Eftir nokkrar umræður var borgarstjóra falið að rannsaka ýms atriði, sem fram komu á fundinum þessu máli viðvíkjandi.

4. Lagt fram bréf frá Ríkisútvarpinu um veg að útvarpsstöðinni á Vatnsendahæð.
Bæjarverkfræðingi falið að athuga málið og segja álit sitt um það.

Fundi slitið.

K.Zimsen.

Ágúst Jósefsson.

Valgeir Björnsson. Kjartan Ólafsson.

Pétur Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur